

## 19. Frumvarp

til vatnalaga.

(Lagt fyrir Alþingi 1921).

I. kafli.

*Orðaskýringar.*

1. gr.

Í lögum þessum merkja:

*Fallvatn:* Sá hluti vatnsfalls (fossar, hávaðar, strengir), sem hagkvæmt verður talið að virkja í einu lagi til orkunýtingar.

*Frumdrættir:* Mælingar, uppdrættir, lýsingar og önnur gögn til ákvörðunar á aðaldráttum fyrirhugaðra mannvirkja.

*Fullnaðardrættir:* Mælingar, uppdrættir og önnur gögn til fullkominnar ákvörðunar á fyrirhuguðum mannvirkjum.

*Hjerað:* Kaupstaður, sýsla eða hreppur.

*Iðja:* Iðnaður annar en handiðn.

*Iðjuver:* Land eða lóð, hús og önnur mannvirki ásamt tækjum til afnota við iðju.

*Iðjuhöldur:* Eigandi iðjuvers.

*Lágflæði:* Venjulegt lægsta vatnsyfirborð.

*Landareign:* Land lögbýlis og lóð og lönd innan takmarka kaupstaða og löggiltra verslunarstaða.

*Orkuveita:* Útbúnaður til að veita orku úr einum stað í annan.

*Orkuver:* Land eða lóð, hús og önnur mannvirki ásamt tækjum til afnota við orkuvinslu eða breytingar einnar tegundar orku í aðra.

*Sjerleyfi:* Leyfi samkvæmt sjerleyfislögum.

*Vatnsvirki:* Mannvirki um vatn, í eða yfir vatni eða við það.

*Vatnsmiðlun:* Geymsla á vatni til þess að breyta eðlilegu vatnsmagni straumvatns.

*Vatnsvirkjari:* Sá maður, sem kemur fyrir neysluvatnsæðum.

## II. kafli.

### *Almenn ákvæði um vatnsrjettindi.*

#### 2. gr.

Landareign hverri fylgir rjettur til umráða og hagnýtingar því vatni, straumvatni eða stöðuvatni, sem á henni er, með þeim takmörkunum, sem lög, venjur eða aðrar heimildir hafa í för með sjer.

#### 3. gr.

1. Nú skilur á eða lækur landareignir, og á þá hvor land í miðjan farveg, og sje ekki vöxtur í vatni, nema önnur lögmæt skipun sje þar á gerð.
2. Eigi breytast merki, þótt farvegur breytist.

#### 4. gr.

1. Nú liggur landareign að stöðuvatni, og fylgir vatnsbotn þá þeim bakka, er hann verður talinn áframhald af, 115 metra út í vatn (netlög).

2. Ef stöðuvatn er merkivatn og er eigi 230 metrar á breidd, þá skal miðlína þess ráða merkjum, nema önnur lögmæt skipun hafi verið á gerð.

3. Nú vex gras upp úr vatni við lágflæði, þá fylgir vatnsbotn landi sem þurt land væri.

4. Ef eyjar, hólmar eða sker eru í stöðuvatni, þá fylgja þeim netlög sem áður segir. Nú á maðnr eyjar, hólma eða sker fyrir landi annars manns, og er sunðið mjórra en 230 metrar, og ræður þá miðlína sundsins merkjum.

5. Jafnan skal miða við lágflæði í vatni.

6. Ef breyting verður á vatnsbotni, þá skulu netlög vera sem áður voru þau.

#### 5. gr.

Nú liggja tvær landareignir eða fleiri að vatni sama megin, og skulu þá netlög hvern um sig ákveðin svo, ef eigi hefir áður verið skipun á gerð, að hver botndepill fylgi þeim bakka, sem hann er næstur.

#### 6. gr.

1. Rjett er að matsmenn ákveði og setji merki milli landareigna, að því leyti sem merki fara eftir ákvæðum 3.—5. gr.

2. Þinglýsa skal matsgerð samkvæmt 1. lið og bóka í landamerkjabók sem aðrar landamerkjaheimildir.

#### 7. gr.

1. Vötn öll skulu renna sem að fornu hafa runnið.

2. Óheimilt er manni, nema sjerstök heimild eða lagaleyfi sje til þess:

- a) að breyta vatnsbotni, straumstefnu eða vatnsmagni, hvort sem það verður að fullu og öllu eða um ákveðinn tíma, svo og að hækka eða lækka vatnsborð,
- b) að gerstilla straumvatn eða gera mannvirki í vatni eða yfir því,

- c) að veita jarðvatni úr landi sínu í annara land, ef tjón eða hættu er af því búin eign annars manns eða rjettindum, óhæfilegar tálmanir almennri umferð eða tjón eða hættu að nokkru ráði fyrir hagsmuni ríkis eða almennings.

#### 8. gr.

1. Nú breytist farvegur án þess að af mannavöldum sje, og er þá landeiganda hverjum, sem mein verður að breytingunni, rjett að fella vatn í fornan farveg eða koma honum í samt lag. Ef til þess þarf afnota af landi annars manns, eru þau heimil, en þá getur sá maður krafist bóta fyrir tjón og óþægindi, sem verkið bakar honum. Ef ágreiningur verður, þá skulu matsmenn skera úr.

2. Nú líða svo tvö ár frá lokum þess almanaksárs, er breytingin varð, að aðilja er eigi sagt til þess, að vinna eigi verk það, er í 1. lið greinir, og skal þá, þegar verkið er unnið, bæta þann kostnað, sem að loknum áðurnefndum fresti hefir verið ráðist í til þess að rækta farveginn og annars slíks, eða til ráðstafana, sem gerðar kunna að hafa verið til þess að nota vatnið í nýja farveginum.

3. Nú hefir sama ástand haldist í 20 ár eða lengur, og skal þá um það fara svo sem það hefði að fornu fari verið svo.

#### 9. gr.

Fara skal um jarðvatn, regnvatn og leysinga, er á landareign safnast, lindir, dý, tjarnir og slík minniháttar vötn, sem eigi hafa stöðugt afrensli ofanjarðar, svo sem hjer segir, enda sje eigi önnur lögmæt skipun á gerð.

1. Landeiganda er rjett að hagnýta sjer slíkt vatn eða ráðstafa því með öðrum hætti, enda fari það eigi í bága við ákvæði 15. gr., stífla frárensli úr því, hlaða upp bakka þess eða gera garð um það, ræsa það fram ofan jarðar eða neðan, og bera ofan í það, án þess að hætta stafi af eða veruleg óþægindi fyrir umferð, eða spjöll á eign annars manns, sem eigi er skylt að hlíta samkvæmt sjerstakri heimild.

2. Landareign, sem lægra liggur, fylgir skylda til að hlíta því, að vatnið renni um hana í þeim farvegi, og með þeim hætti, er náttúran hefir markað því.

3. Nú verður breyting á farvegi eða vatnsmagni af völdum náttúrunnar eða þriðja manns, og verður þeim mein að, sem land eiga að, og skal þeim þá rjett að færa vatnið í samt lag, en gera skal það innan árs frá lokum þess árs, er breytingin varð, enda sje tjón það, er af verkinu hlýst, bætt eftir mati, nema samkomulag verði.

4. Ef vatn liggur á tveim landareignum eða fleiri, þá má enginn landeigandi fara svo með það, að hinum verði mein að.

#### 10. gr.

Um hverri, laugar og ölkeldur skal fara eftis 9. gr., með þeim takmörkunum, sem hjer segir:

- a) Oheimilt er landeiganda að spilla hverum, laugum og ölkeldum á landi sínu, hvort sem það er með ofaniburði, framræslu eða með öðrum hætti, nema það sje nauðsynlegt talið samkvæmt matsgerð til varnar því landi eða landsnytjum.
- b) Skylt er landeiganda að láta af hendi nauðsynlegt vatn, land og efni úr

landi til sundlaugar og sundskála til afnota fjelaga eða almennings. Bætur fyrir laugavatn, land og landsafnot, átroðning og annað tjón eða óþægindi skal greiða eftir mati, nema samkomulag verði.

11. gr.

Öllum er heimilt að taka vatn til heimilisþarfa og bús, þar sem landeiganda er meinlaust, svo og að nota vatn til sunds og umferðar, einnig á ísi, enda fari það eigi í bága við lög, samþykktir eða annað lögmætt skipulag.

12. gr.

1. Gera má maður brunna og vatnsból á landareign sinni, en gæta skal hann þess, að eigi sje minkuð eða heft aðsókn vatns að brunnnum annara manna eða vatnsbólum, nema eigi sje annars kostur eða vatnsból yrði ella að mun dýrara eða vatnsaðrættir erfiðari.

2. Eigi má heldur gera önnur mannvirki, ef ætla má, að þau hafi slíkar verkanir sem mælt var.

3. Ágreiningur um það, hvort fyrirtæki fari á bága við fyrirmæli 1. og 2. liðs þessarar gr., skal til lykta leiddur með matsgerð.

13. gr.

Skylt er mönnum að ganga svo frá brunnnum og öðrum vatnsgeymum að mönnum, skepnum og landi annara manna stafi sem minst hætta af.

14. gr.

1. Landeiganda einum er heimil ístaka af vatni á landi sínu.

2. Eigi má torvelða eða hefta umferð um ísinn að nauðsynjalausu með ístökunni. Svo skal og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að afstýra hættu, svo sem með því að setja girðingar eða merki. Nánari fyrirmæli um þessi efni getur ráðherra sett eða falið hjeradsstjórnnum að setja.

15. gr.

Rjett landareignar til vatns, sem á henni er, til:

- a) heimilisþarfa, svo sem til drykkjar, suðu, þvotta, böðunar, til að vökva garða og til varnar við eldsvoða,
- b) búþarfa, svo sem til að vatna skepnum, ullar- og fiskþvottar, og
- c) jarðræktar, svo sem til vökvunar túna og áveitu, má eigi skilja við eignina, nema sjerstök lagaheimild komi til.

16. gr.

1. Nú eru vatnsrjettindi af hendi látin án þess að eignarrjettur að landi sje jafnframt látinn, og fer þá eftir reglum um landkaup.

2. Nú lætur maður af hendi hluta landareignar, og er þá vatnsbotn og vatnsrjettindi falin í kaupinu, nema öðruvísi semji, þó svo að landareignin haldi óskertum vatnsrjettindum samkvæmt 15. gr. og hafi næg og kauplaus landsafnot til hagnýtingar þeim.

3. Ef sameignarlandi er skift eignarskiftum eða afnota, þá skulu hverri

eign fylgja svo auðnotuð vatnsrjettindi sem unt er og nægt land eða næg og kauplaus landsafnot til hagnýtingar vatnsrjettindum hennar samkvæmt 15. gr.

### III. kafli.

#### *Um vatnsnotkun til heimilis- og búsparfa, iðnaðar og iðju án orkunýtingar.*

##### 17. gr.

Eiganda landareignar, er vatnsrjettindi fylgja, er rjett að veita til sín vatni, sem um hana rennur eða á henni er, um fóst veitutæki, til heimilis- og búsparfa á eigninni eða til iðnaðar og iðju, sem á henni er rekin, enda sje ekki meira vatni veitt en þörf er á, eða vatni því, sem afgangur verður, veitt í vatnslegið svo nærri upptökum veitunnar, að öðrum, sem tilkall eiga til vatnsins, verði sem minst tjón eða bagi að.

##### 18. gr.

1. Nú er vatn of litið til að fullnægja þörfum þeim, er í 17. gr. segir, og á þá hver sú landareign, er tilkall hefir til þess vatns, sama tilkall til vatnsins eftir þörfum sínum. Heimilisþörf gengur fyrir búspörf og búþörf fyrir iðnaðar- eða iðjuþörf.

2. Ef menn skilur á um það, hversu hver þurfi mikils vatns, skal skera úr því með mati.

3. Ráðherra getur, að undangengnu mati samkvæmt 2. lið, skipað svo fyrir, ef nauðsyn þykir á vera vegna fyrimæla 1. liðs, að vatnsveituvirkjum verði breytt, að þau skuli lögð niður eða afnot þeirra takmörkuð.

##### 19. gr.

1. Ef vatn, sem veitt er um sömu veitutæki, er notað til að fullnægja fleiri en einni af þörfum þeim, sem í 1. lið 18. gr. segir, þá skal fara um það vatn sem það væri alt haft til að fullnægja rjetthæstu þörfinni.

2. Ef skortur er á vatni til að fullnægja þörfum þeirra landareigna, er tilkall fylgir til sama vatns, má þó fara eftir ákvæðum 2. og 3. liðs 18. gr.

##### 20. gr.

Heimilt er bæjarstjórn að koma upp vatnsveitu til þess að fullnægja þörf almennings í kaupstaðnum á vatni samkvæmt 18. gr.

##### 21. gr.

Þá er bæjarstjórn hefir komið á vatnsveitu um kaupstað, hefir hún einkasölu á vatni til hverra þarfa sem er á því svæði kaupstaðarins, sem vatnsveitunni er ætlað að ná yfir og hún getur fullnægt, svo og á höfn hans.

##### 22. gr.

1. Til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna skal bæjarstjórn heimilt, ef vatn er eigi selt eftir mæli, að heimta vatnsskatt af öllum hús-

eignum i kaupstaðnum. Bæjarstjórn ákveður upphæð skattsins alls ár hvert, en eigi má hún fara fram úr 5 ‰ (fimm af þúsundi) af brunabótavirðingum húseigna, er skatti þessum eiga að svara. Skatturinn skal lagður á húseignir eftir gjaldskrá, með flokkun eftir virðingarverði og tölu íbúða, og má eigi nema meiru en 6 ‰ (sex af þúsundi) af brunabótavirðingu á neinni húseign.

2. Sjerstakt aukagjald má leggja á verksmiðjur, baðhús, iðnaðarfyrirtæki og önnur atvinnufyrirtæki og aðra, er nota vatn til annars en heimilisþarfa, svo og þá, er hafa vatnshana utan húss. Öll skip, jafnt innlend sem útlend, er taka vatn úr vatnsveitu kaupstaðarins, skulu greiða gjald fyrir vatnstökuna, er ákveða skal og i gjaldskrá.

3. Húseigandi ábyrgist vatnsskatt, en heimilt er honum að hækka leigu sem skatti eða skattaaukningu svarar, þótt hún hafi áður verið ákveðin.

4. Vatnsskatt má taka lögtaki. Í reglugerð má ákveða að hann skuli tryggður með lögveðrjetti i eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgöngurjetti fyrir hverskonar samningsveði og aðfararveði.

#### 23. gr.

1. Bæjarstjórn leggur vatnsæðar svo, að hver húseigandi nái til þeirra i götu, á vegi eða opnu svæði, er liggur að lóð hans, og verður enginn krafinn um vatnsskatt fyrir en svo er. Frá vatnsæðum þeim, er bæjarstjórn leggur i götur, vegi eða opin svæði, leggur húseigandi vatnsæðar til sín á sinn kostnað.

2. Nú stendur svo á, að sjerstaklega kostnaðarsamt er að leggja vatnsæð frá aðalæð yfir lóð manns, og getur hann þá krafid sig undanþeginn vatnsskatti, ef hann kys að vera án vatnsins. Ef ágreiningur verður, skal skorið úr honum með mati.

#### 24. gr.

1. Í reglugerð má kveða á um notkun vatnsins og meðferð, svo og um meðferð á vatnsæðum, tilhögun húsaæða, löggilding vatnsvirkjara, sektir fyrir brot á reglugerð og meðferð mála út af þeim, svo og önnur atriði, er vatnsveituna varða.

2. Reglugerðir allar, þær er bæjarstjórn gerir um vatnsveitu og vatnsskatt, skal senda ráðherra til staðfestingar. Þegar reglugerð hefir fengið staðfesting ráðherra, þá er hún lögmæt vatnsveitureglugerð.

#### 25. gr.

1. Bæjarstjórn er rjett að taka vatn það, er hún þarf til veitunnar, úr brunnum, uppsprettum eða vötnum i landareignum annara manna, enda sjeu þær ekki sviftar vatni því, er þeim er metið nauðsynlegt til þarfa þeirra, er i þessum kafla getur, nema þeim sje sjeð fyrir því með öðrum hætti, þeim eigi óhagfeldari.

2. Rjett er eiganda eða notanda þeirrar landareignar, sem vatn er tekið úr samkvæmt 1. lið, að leggja til sín og á sinn kostnað vatnsæðar úr vatnsveitu kaupstaðarins, enda greiði hann kaupstaðnum aukakostnað af því eftir fyrirmælum 22. gr., nema öðruvísi semji. Svo er honum og skylt að hlita þeim reglum, sem settar eru eða verða settar i löglega gerðum fyrirmælum um vatnaveituna.

3. Haga skal vatnsveitu svo, að spjöll verði sem minst á atvinnu manna eða veiðitækjum, ef veiði er í vatninu. Ef skaði verður, þá skal hann að fullu bæta.

4. Ef ágreiningur verður um einhver þeirra atriða, er í grein þessari getur, skal skorið úr með mati.

#### 26. gr.

Skylt er manni að láta af hendi land sitt og landsafnot hvar sem er og hvenær sem er í þarfir vatnsveitu kaupstaðar, þar með talið grjóttak, malartekja og rista, svo og mannvirki, og að þola þær eignarkvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarjetti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sjer, enda komi fullar bætur fyrir eftir mati, nema samkomulag verði.

#### 27. gr.

Ef nauðsynlegt þykir til þess að fyrirbyggja óhreinkun vatns, sem tekið er til vatnsveitu handa kaupstað, þá er mönnum jafnskylt að láta af hendi land, og láta í tje landsafnot og mannvirki, svo og að þola eignarkvaðir, óhagræði og takmarkanir, sem í 26. gr. segir, gegn fullum bótum eftir mati, nema um semji.

#### 28. gr.

1. Rjett er hreppsnefnd að koma upp vatnsveitu til að fullnægja þörfum almennings í hreppnum á vatni samkvæmt 17. gr. Áður en fyrirtækið er afráðið, skal hreppsnefnd láta verkfróðan mann rannsaka staðháttu og ef tiltækilegt þykir að framkvæma verkið, gera nákvæma frumdrætti að veitunni og áætlun um stofnkostnað og árlegan rekstrarkostnað. Kostnað af rannsókn þessari skal telja til stofnkostnaðar vatnsveitunnar, ef hún kemst á, en greiðist ella úr sveitarsjóði.

2. Ekki má ákveða að koma upp vatnsveitu á kostnað hrepps, nema rannsókn sú, er í 1. lið getur, leiði í ljós, að hagfelt sje að öllu athuguðu, fyrir að minsta kosti helming af fasteignum í hreppnum að gera veituna og starfrækja hana, eða það verði samþykkt á lögætum hreppsfundi. Á þær fasteignir í hreppnum, sem ekki nota veituna samkvæmt framanskráðu, má ekki vatnsskatt leggja.

3. Þá er hreppsnefnd hefir löglega samþykkt að koma upp vatnsveitu samkvæmt 1. og 2. lið, skal senda samþyktina ásamt öllum þeim gögnum, sem í sömu liðum segir, til oddvita sýslunefndar, og skal hann síðan senda gögnin, ásamt umsókn sýslunefndar, ráðherra til staðfestingar. Þegar fengin er staðfesting hans á samþyktina, getur hreppsnefnd látið framkvæma verkið.

4. Hreppsnefnd semur reglugerðir allar um vatnsveituna, þar á meðal gjaldaskrá um vatnsskatt.

5. Um vatnsveitur þessar fer að öðru leyti eftir ákvæðum 20.—27. gr.

6. Þar sem ekki er hægt í hrepp að veita neysluvatni með kleifum kostnaði, skal hreppsnefnd heimilt að gera brunna til almennings notkunar, og fer um kostnað af því, notkun, viðhald og önnur rjettindi eins og að framan er mælt um vatnsveitur, að því leyti sem við á.

#### 29. gr.

1. Nú vill löggilt kauptún, sem ekki er hreppur út af fyrir sig, eða

hverfi, koma sjer upp vatnsveitu til að fullnægja þörfum sínum á vatni samkvæmt 17. gr., og geta þá eigendur fasteigna þeirra, er nota ætla vatnsveituna, gert með sjer fjelag, er nefnist vatnsveitufjelag, en lög fjelagsins kallast vatnsveitusamþykkt. Um fjelagið fer eftir ákvæðum XI. kafla að því leyti sem fyrir-mæli þessa kafla taka ekki til þess.

2. Stjórn vatnsveitufjelags semur samþykktir þess, þar á meðal gjaldskrá.

3. Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum 20.—27. gr.

### 30. gr.

1. Nú eiga 2 eða fleiri fasteign, og vilja sumir stofna til vatnsveitu til þarfa hennar samkvæmt 17. gr., og getur þá sá eða þeir, sem meira hluta fasteignar eiga, ákveðið að gera veituna, enda er hinum þá skylt að taka tiltölulega þátt í kostnaði öllum af henni, ef metið verður, að fasteigninni muni verða meira hagræði af veitunni en sem kostnaðinum nemur.

2. Ef ekki verður samkomulag um framkvæmd og umsjón verksins, eða um niðurfjöfnun kostnaðar, þá skal skera úr með mati. Skal matsnefnd kveða á um það, hver eða hverir skuli hafa umsjón og framkvæmd á hendi, telja kostnað til ákveðins árgjalds og tiltaka gjalddaga. Rjett er að stofnkostnaður ásamt vöxtum sje greiddur í jöfnum afborgunum á 15 árum, ef aðili óskar þess. Hver aðilja sem vill getur beiðst staðfestingar ráðherra á matsgerð, og má taka tillög lögtaki, ef matsgerðin verður staðfest.

### 31. gr.

1. Ef maður getur ekki aflað sjer vatns í landareign sinni til heimilis- og búsparfa, eða þar er að mun kostnaðarsamara eða bagameira að afla þess en af landareign annars manns, þá er honum rjett að afla þess þaðan, enda sje þar vatn afgangss frá heimilis- og búspörfum. Er honum rjett að fara yfir land annars manns í því skyni, en gera skal hann svo lítinn usla sem unt er, og bæta tjón á landi eða vatnsbólí, og kosta gerð þess og viðhald að sínum hluta, eftir mati, nema samkomulag verði.

2. Gera má maður brunn eða annað vatnsból í landi annars manns, ef svo er ástatt, sem í 1. lið segir. Um bætur fer þá og sem þar segir, eftir því sem við á.

### 32. gr.

1. Nú þarf maður að taka vatn af landi annars manns í vatnsveitu til þarfa eignar sinnar samkvæmt 17. gr., og er honum það rjett, enda sje vatn nægt, er eigi sje notað til samkynja þarfa þeirrar eignar.

2. Ef lögnáms þarf samkvæmt 25., 26. eða 29. gr., getur ráðherra veitt leyfi til þess. Fer þá um mat og endurgjald sem í þeim gr. segir.

3. Beita má ákvæðum 2. liðs 25. gr., ef vatn er tekið samkvæmt 1. lið þessarar greinar.

### 33. gr.

1. Nú þarf maður vatnsveitu til námuvinslu, verksmiðjuíðnaðar eða annarar iðju, og er honum þá rjett að taka til þess vatn eftir þörfum, enda sje enginn með því sviftur vatni til þarfa þeirra, er í 17. gr. segir. Svo er honum og



heimilt, ef ráðherra leyfir, að heimta af hendi látið nauðsynlegt land og landsafnot til veitunnar, gegn endurgjaldi eftir mati, nema aðiljar verði ásáttir.

Ákvæðum 2. liðs 25. gr. og 27. gr. má beita svo sem við á.

#### 34. gr.

Hverjum þeim, sem ekki hefir tekið í öndverðu þátt í vatnsveitufyrirtæki, er rjett að gera það síðar, enda verði það metið, að vatn sje til þess nægilegt og að það valdi eigenda veitunnar eigi verulegu óhagræði að öðru leyti. En hlíta skal hann þeim ákvæðum, sem sett eru eða sett verða um notkun vatnsins og meðferð veitunnar. Svo skal hann og greiða endurgjald fyrir vatnsnotin eftir mati, nema samkomulag verði.

#### 35. gr.

Vatnsveitur, sem gerðar hafa verið með heimild í eldri lögum, skulu sæta þeim reglum, er þar segir. Þó skulu fyrirmæli 34. gr. einnig taka til slíkra vatnsveitna.

### IV. kafli.

#### *Um áveitur.*

#### 36. gr.

Landeiganda er heimilt að hagnýta sjer vatn, sem er á landareign hans eða um hana rennur, til áveitu í ræktunarskyni á hana sjálfa eftir þörfum, enda sje enginn sviftur með því neysluvatni (15. gr. a—b) nje neinum bakaðir óhæfilegir örðugleikar um útvegum neysluvatns nje því spilt fyrir neinum svo að veruleg óþægindi sje að.

#### 37. gr.

Þar sem merkivötn skilja landareignir, er hvorri rjett að nota vatnið eftir þörfum sínum. Þarfir samkvæmt 17. gr. ganga fyrir áveitupörf. Ef vatn er svo lítið, að ekki nægi báðum eða öllum, skal ákveða skifti og notkun þess með mati.

#### 38. gr.

Rjettur til hagnýtingar á vatni til áveitu verður ekki frá landareign skilinn, sbr. þó 37. gr., nema vatnið sje tekið til neyslu (15. gr. a—b) eða til áveitu á aðrar landareignir samkvæmt 39. gr. Ef ágreiningur verður um það, hve mikið vatn þurfi til að fullnægja áveitupörf landareignar, skal skera úr því með mati.

#### 39. gr.

1. Nú er ekki nógu mikið, nógu gott eða nógu auðtekið vatn fyrir hendi innan landareignar til áveitu á hana sjálfa, og er þá eiganda hennar eða notanda rjett að krefjast áveituvatns eftir þörfum úr öðrum landareignum, með þessum takmörkunum:

a) að enginn sje fyrir það sviftur vatni til þarfa samkvæmt 17. gr. nje neinum

bakaðir óhæfilegir erfiðleikar um útvegum slíks vatns nje því spilt fyrir neinum, svo að veruleg óþægindi sje að.

- b) að ekki þurfi að nota sama vatn til áveitu á þá landareign sjálfa, sem vatnið er tekið í, nema arður af notkun þess til áveitu þar yrði mun minni en arður af notkun þess til þeirrar áveitu utan landareignarinnar, sem vatnsins er krafist til.

2. Nú rís ágreiningur um, hvort taka vatns til áveitu utan landareignar þeirrar, sem vatnið er tekið í, fari í bága við framangreindar takmarkanir, og getur þá hvor aðili látið meta, hvort taka vatnsins sje heimil samkvæmt ákvæðum greinar þessarar. Ef taka vatnsins er metin heimil, en talið er að af henni stafi auknir erfiðleikar um útvegum vatns til þarfa samkvæmt 17. grein eða spjöll á því vatni eða skaði að vatnstökunni að öðru leyti, þá skulu ákvæðnar fullar bætur fyrir alt þetta.

#### 40. gr.

Sá, sem þarf að hafa afnot af landi annars manns til þess að koma upp, halda við eða starfrækja áveitu, getur látið matsgerð fara fram, ef samkomulag næst eigi. Ef tjón það, sem verkið í heild sinni bakar öðrum en áveitueiganda, er metið mun minna en hagnaður sá, sem áveitueigandi hefir af því, og ekki er talið hallkvæmara að framkvæma verkið með öðrum hætti en til er stofnað, skulu landsafnotin heimiluð, en meta skal fullar bætur fyrir.

#### 41. gr.

1. Áveitum skal haga svo, að ekki sje neinn til boga veitt meira vatni úr fornum farvegi en nota þarf. Svo skal veita á land og af landi, að öðrum sje sem minst mein að, og fella vatn aftur í fornan farveg, ef unt er, og svo nærri upptöku sem gerlegt þykir.

2. Nú telur einhver sér mein að áveitu annars manns og samkomulag næst ekki, og getur þá sá, er telur sig fyrir skaða verða, krafist matsgerðar. Nú telur matsnefnd að vísu skaða að áveitunni, en þó mun minni þeim hag, sem hinn hefir af henni, og skal áveitan þá engu að síður heimil, en fullar bætur skal meta.

#### 42. gr.

Nú þykir hentugt að stofna og starfrækja áveitu í ræktunarskygni á fleiri landareignir í einu lagi, og geta þá eigendur landareigna þeirra, sem áveitunni er ætlað að ná yfir, gert með sjer áveitufjelag. Um fjelagsstofnunina fer eftir ákvæðum XI. kafla. Lög fjelagsins nefnast áveitusamþykkt, en áveitan nefnist sam-áveita.

#### 43. gr.

Þegar löggilt áveitusamþykkt hefir verið sett, eru allir landeigendur og leiguliðar á því svæði, sem áveituverkinu er ætlað að ná til, skyldir að leyfa landsafnot til mannvirkja, er áveituna varða, svo sem land undir skurði, og efni úr landinu, hvort sem er grjót eða önnur jarðefni, í fyrirhleðslur, garða, stíflugerðir eða umbúnað skurða o. s. frv., og yfir höfuð að þola allar þær kvaðir, óhagræði eða takmarkanir á afnotarjetti, sem áveituverkið hefir í för með sjer, enda komi

fullar bætur fyrir. Ef eigi næst samkomulag um bætur, skal ákveða þær með mati.

44. gr.

Kostnaði öllum af samáveitu skal stjórn hennar jafna niður á landareignir þær, sem áveitan nær yfir, aðallega eftir stærð þess lands, er vatn næst yfir. Þó skal taka tillit til þess, hvernig land liggur við áveitunni og hver not geta orðið af henni fyrir það i samanburði við aðrar landareignir. Matsnefnd skal skera úr, ef ágreiningur verður um niðurrjöfnun.

45. gr.

Ef einhver vill gerast hluttakandi í samáveitu eftir að henni hefir verið komið á, með þeim hætti, að hann fái vatn til áveitu á land sitt, þá á hann rjett til þess, ef það er að dómi matsmanna samáveitunni bagalaust. En skylt er honum þá að taka þátt í kostnaði öllum af áveitunni, bæði stofnkostnaði og árskostnaði, eða rjettri tiltölu við aðra aðilja.

46. gr.

1. Nú er samþykkt ger um samáveitu, og skal þá hver landeigandi greiða stofnkostnað og árlegan kostnað af samáveitunni eða þeim hluta sem eftir niðurrjöfnun samkvæmt 44. gr. kemur á landareign hans.

2. Leiguliði á jörð, sem samáveitan nær til, er skyldur, að viðlögðum ábúðarmissi, að standa landsdrotni árlega skil á upphæð, er samsvari umsjónar- og viðhaldskostnaði, að viðbættum ársvöxtum af stofnkostnaði áveitunnar, að þeim hluta, er kemur á býli hans samkvæmt niðurrjöfnun.

47. gr.

Nú hefir staðfest samþykkt verið gerð um samáveitu, en eigandi einhverrar þeirrar landareignar, sem áveitan á að ná til samkvæmt samþykttinni, neitar að taka þátt í kostnaði við áveituna, og getur þá stjórn samáveitunnar krafist þess, að landareignin sje tekin lögnámi handa áveitufjelaginu.

48. gr.

1. Nú eiga menn landareign í fjelagi og vilja sumir veita á hana vatni en sumir eigi, og getur þá sá eða þeir, sem meira hluta landareignar eiga, ákveðið að framkvæma fyrirtækið, enda er hinum þá skylt að taka tiltölulegan þátt í öllum kostnaði af því, ef metinn verður mun meiri hagnaður en kostnaður.

2. Ef ekki verður samkomulag um framkvæmd eða umsjón verksins eða um skiftingu kostnaðar, þá skal skorið úr með mati. Skal matsnefnd kveða á um það, hver eða hverir skuli hafa á hendi framkvæmd og umsjón verksins, telja kostnað til ákveðins árgjalds og tiltaka gjalddaga. Stofnkostnaði ásamt vöxtum skal skift í jafnar árgreiðslur, ef aðili óskar þess, þannig að honum sje lokið á 15 árum. Beiðast má maður staðfestingar ráðherra á matsgerð, og má taka til-lög tögtaki, ef matsgerð verður staðfest.

## V. kafli.

### *Um notkun vatnorku.*

#### 49. gr.

1. Eiganda landareignar, sem vatnsrjettindi fylgja, svo og öðrum, sem heimildir hafa á þeim tekið, er rjett að nota það vatn, sem um hana rennur, til að vinna úr því orku, enda sje enginn fyrir það sviftur því vatni, sem hann þarf að nota samkvæmt III. og IV. kafla, nje neinum bakaðir óhæfilegir örðugleikar um slíka notkun, nje vatni, er nota þarf með þeim hætti, spilt fyrir neinum, svo að til verulegra óþæginda horfi.

2. Eigi má umráðamaður vatnsrjettinda virkja hluta af fallvatni, sem hefir meira en 200 eðlishestöfl, nema leyfi ráðherra komi til, og má binda leyfið þeim skilyrðum, sem hann telur nauðsynleg til þess að hagkvæm virkjun á fallvatninu geti síðar farið fram, eða synja um leyfið, ef ekki þykir gerlegt að setja fullnægjandi skilyrði um þetta.

3. Nú vill umráðamaður vatnsrjettinda virkja fallvatn, sem nemur meiru en 200 eðlishestöfl, og skal hann þá beiðast leyfis ráðherra áður byrjað sje á framkvæmd verksins, og jafnframt senda frumdrætti af hinum fyrirhuguðu mannvirkjum. Leyfi má binda þeim skilyrðum um vatnstökuna, gerð og tilhögun mannvirkja, tegund og spennu raforkustraums, sem nauðsynleg þykja til þess að tryggja almennings hagsmuni, þar á meðal sjerstaklega það, að unt verði seinna meir að koma hentugu skipulagi á orkuveitu til almenningsþarfa í hjeraði því eða landshluta, sem orkuverið eða veitan er í. Enn fremur má setja skilyrði um það, að almenningi í nágrenni við veituna sje veittur kostur á orku úr henni með þeim hætti, að ráðherra skuli setja gjaldskrá um verð á orku, ef orka verður seld almenningi frá verinu, eða úrskurða ágreining um orkuverð, svo að háða aðilja skuldbindi, enda þótt engin gjaldskrá hafi verið sett.

#### 50. gr.

1. Rjett er eiganda landareignar að gera stíflu í vatnsfarvegi og veita vatni úr eðlilegum farvegi, hvort sem er um opinn skurð, pípu eða jarðgöng, ef nauðsynlegt er vegna vatnorkunota samkvæmt 49. gr., enda sje ekki gerðar skemdir á landi annara manna um nauðsyn fram. Eigi má veita meira vatni úr eðlilegum farvegi í þessu skyni en þörf er á, en öllu skal því veitt í fornan farveg áður en landareigninni sleppir, nema samlög sje milli fleiri landareigna um orkuvinslu.

2. Vatnorku þeirri, sem unnin er samkvæmt 49. gr., má umráðamaður hennar breyta í raforku og veita um landareign sína eftir raforkutaugum ofan jarðar eða neðan.

3. Ef nauðsyn þykir á vera, getur ráðherra leyft lögnám með þeim hætti, sem í 55. gr. segir.

#### 51. gr.

1. Þar sem merkivötn skilja landareignir, hafa eigendur beggja jafnan rjett til að nota vatn úr þeim samkvæmt 49. og 50. gr.

2. Nú nægir merkivatn ekki báðum landareignum, og hefir þá eigandi hvorrar fyrir sig rjett til svo mikils af vatnorkunni, sem svarar hálfu renslu merkivatnsins og fallhæð þeirri, sem er fyrir landi hans, enda hafi ekki önnur lögmæt skipun verið á gerð.

#### 52. gr.

1. Nú vill eigandi annars vatnsbakka gera stíflu í vatni til orkunýtingar og þarf að nota til þess land hinum megin, og skal hann þá bjóða eigenda þess lands að gera stíflu með sjer og nota vatnið að rjetttri tiltölu. Nú verða þeir á þessa skipun sáttir, en skilur á um framkvæmd verksins, skiftingu kostnaðar eða vatnanot, og skal þá skera úr með mati.

2. Nú vill eigandi annars vatnsbakkans ekki taka þátt í stíflugerð, og getur hinn þá fengið leyfi ráðherra, samkvæmt 50. gr. 3. lið, til afnota af landi hans til að framkvæma verkið og nota vatnið. Skal þá venjulega áskilja það í leyfi, að stíflu verði svo hagað, að sá, sem ekki tók þátt í verkinu, megi síðar hagnýta sjer þann hluta vatns, sem hann á tilkall til, án þess að breyta þurfi stíflu að mun, en kostnað, sem leiðir sjerstaklega af slíkri tilhögun, skal sá greiða. Meðan hann notar ekki vatnorku þá, sem hann á tilkall til, má sá, er stíflu gerði, hagnýta sjer hana kauplaust. Nú hagnýtir sá, er ekki tók þátt í stíflugerð, sjer síðar vatnið, eða lætur annan gera það, að einhverju leyti eða öllu, og skal hann þá taka þátt í stofnkostnaði og viðhaldskostnaði eftir mati, nema um semji.

#### 53. gr.

1. Nú eiga menn í fjelagi tilkall til orku úr sama fallvatni, enda taki 52. gr. eigi til þess, og verða þeir ekki ásáttir, hvernig það skuli nota til orkuvinslu, og getur þá ráðherra heimilað, að þeir, sem tilkall eiga til meira en helmings vatnorkunnar, talinnar eftir vatnsmagni og fallhæð, leysi til sín tilkall minni hlutans. Þetta er þó því skilyrði bundið, að hagnýting fallvatnsins í heild sinni sje að mun hallkvæmari en hagnýting hluta innleysenda út af fyrir sig, og að ekki sje skertur rjettur þriðja manns, er hann kann að hafa fengið yfir vatnsrjettindunum áður en lausnar var krafist.

2. Sá hluti vatnorkurjettar, er maður leysir til sín samkvæmt 1. lið, skal metinn sem hluti alls rjettarins. Þó skal taka til greina, hvort sá hluti virkjunarkostnaðar, sem sjerstaklega varðar innleysta vatnorkurjettinn, er tiltölulega mikill eða lítill.

3. Ágreiningi um atriði þau, er í grein þessari getur, skal ráða til lykta með mati.

#### 54. gr.

1. Ráðherra er rjett að taka lögnámi sjerhvert fallvatn, virkjað eða óvirkjað, til að vinna úr því orku til almenningsþarfa eða handa nytsömum fyrirtækjum, svo og orkuver eða orkuveitur, ef nauðsynlegt þykir til að fá hallkvæma skipun á orkuveitum um eitthvert svæði, og að veita orku eftir taugum ofan jarðar eða neðan til neyslustaðanna, enda sje gætt fyrirmæla 49. gr. 1. liðs um vatn, er einhver kann að þurfa að nota samkvæmt III. og IV. kafla.

2. Nú hefir ráðherra framkvæmt lögnám samkvæmt 1. lið, og skal þá fult endurgjald koma til handa þeim, er tjón bíða af vatnstöku eða orkuver eða

orkuveitu áttu. Svo skal og öllum þeim, er fengið hafa orku frá veri því eða veitu, sem lögnámi var tekin, ger kostur á eigi minni orku en þeir hafa áður fengið frá verinu eða veitunni og ekki með lakari kjörum en samningar standa til. Ef menn greinir á um efni þau, er í þessum lið segir, skal skera úr með mati.

3. Rjett sinn samkvæmt þessari grein getur ráðherra, eftir því sem á stendur, notað hvort sem er með því að framkvæma virkjunina sjálfur eða leyfa öðrum það, samkvæmt sjerleyfislögum, ef því er að skifta.

4. Þegar fallvatn er tekið samkvæmt þessari grein, skal þess gætt, að hjeruðum í grend við fallvatnið sje ekki gert örðugt um að afla sjer nauðsynlegrar orku.

#### 55. gr.

Þegar ráðherra hefir ákveðið að gera eða leyft að gera orkuver eða orkuveitu samkvæmt 54. gr., eru landeigendur og leiguliðar á því svæði, sem mannvirkin eiga að ná yfir, skyldir að þola þau á löndum sinum og lóðum, svo og að láta af hendi land og mannvirki og að þola hverskonar afnot af landi, takmarkanir á umráðarjetti og óþægindi, sem nauðsynleg eru vegna framkvæmdar verksins, viðhalds þess og starfrækslu, gegn fullu endurgjaldi, sem skal ákveða með mati, ef samkomulag næst ekki.

#### 56. gr.

1. Þá er ráðherra hefir ákveðið að koma upp eða leyft að koma upp vatnorkuveri eða raforkuveitu, er honum, eða eftir atvikum leyfishafa samkvæmt 54. gr. 3. lið, áskilinn einkarjettur til að veita raforku um svæði það, sem orkutaugarnar eiga að ná yfir, og til þess að selja raforku á því svæði. Um orkuver og orkuveitur, sem fyrir eru í því takmarki, fer þá eftir ákvæðum 57. gr.

2. Ráðherra skal auglýsa þrisvar sinnum í Lögbirtingablaðinu ákvörðun um stofnsetning orkuvers eða orkuveitu og um takmörk veitunnar.

#### 57. gr.

1. Nú eiga einstakir menn, fjelög eða hjeruð orkuver eða orkuveitur í því takmarki, sem auglýsing samkvæmt 56. gr. 2. lið er gefin út fyrir, og skulu þá eigendur þeirra skýra ráðherra frá því innan 3 mánaða frá síðustu birtingu auglýsingarinnar, ef þeir óska að láta verin starfa áfram, og ákveður hann þá staðartakmörk þess fyrirtækis um leið og hann veitir því leyfi til að starfa áfram. Þetta leyfi veitir engan frekari rjett en þeir höfðu áður, og er því ekki til fyrirstöðu, að ráðherra stofnsetji og starfræki orkuver eða orkuveitur innan takmarka fyrirtækisins.

2. Orkuver, er gerð hafa verið samkvæmt lögum nr. 28, 20. okt 1913, og lögum nr. 51, 3. nóv. 1915, eru undanþegin niðurlagsákvæði 1. liðs þessarar greinar.

#### 58. gr.

Nú vill hjeradsstjórn koma upp vatnorkuveri eða raforkuveitu til þess að fullnægja þörf almennings í hjeraðinu á raforku, og skal hún þá beiðast samþykkis ráðherra til þess og jafnframt senda honum áður en byrjað er á verkinu] frumdrætti að hinum fyrirhuguðu mannvirkjum ásamt lýs-

ingu á þeim. Samþykki ráðherra má binda skilyrðum um vatnstökuna, gerð og tilhögun mannvirkjanna, tegund og spennu raforkustraums, sem nauðsynleg þykja til að tryggja jafnrætti notenda og almenningshagsmuni, þar á meðal sjerstaklega það, að unt sje seinna meir að koma hentugu skipulagi á orkuveitu til almenningsþarfa i landshluta þeim, sem hjeraðið er í.

#### 59. gr.

Þegar hjeraðsstjórn hefir ákveðið að koma upp vatnorkuveri eða raforkuveitu og fengið til þess samþykki ráðherra, er henni rjett að taka lögnámi fallvatn, virkjað eða óvirkjað, til afnota í því skyni, enda sje gætt fyrirmæla 49. gr. 1. liðs, um vatn það, er einhver kann að þurfa að nota samkvæmt III. og IV. kafla. Fyrirmælum 55. gr. má og beita hjer. Um bætur og annað fer eftir 54. gr. 2. lið.

#### 60. gr.

Þegar hjeraðsstjórn hefir komið upp orkuveitu samkvæmt 58. gr., getur ráðherra veitt henni. einkarjett samkvæmt 56. gr. um tiltekið árabíl, þó aldrei lengur en orkuveitan fullnægir allri eftirspurn eftir orku í takmarki sínu. Um orkuver, sem þar kunna að vera fyrir, fer eftir ákvæðum 57. gr.

#### 61. gr.

1. Hjeraðsstjórn leggur orkutaugar svo, að sjerhver, sem óskar að fá til sín orku í takmarki orkuveitunnar, nái til þeirra á jafnhentugum stað sem aðrir notendur yfirleitt. Frá orkutaugum þessum leggur húseigandi heimtaug til sín á sinn kostnað, nema hjeraðsstjórn hafi ákveðið, að orkuveita skuli kosta þær að einhverju leyti eða öllu.

2. Nú vill einhver, sem býr utan takmarks orkuveitu, hvort sem er innan hjeraðs eða utan, fá orkutaug til sín, og er honum það rjett, ef orkuveitan er aflögufær, enda beri hann sjálfur allan aukakostnað, er veitan heim til hans hefir í för með sjer. Ef ágreiningur verður, sker ráðherra úr.

3. Heimilt er hjeraðsstjórn að gera þeim mönnum betri kjör um heimtaugar, er gerast notendur orku innan tiltekins tíma frá því er starfræksla orkuveitu hefst en þeim, er síðar koma til.

#### 62. gr.

1. Gjald fyrir raforku skal ákveða í gjaldskrá, er hjeraðsstjórn semur og ráðherra staðfestir. Gjöld samkvæmt gjaldskrá má taka lögtaki. Gjaldskrá skal endurskoða ekki sjaldnar en 5. hvert ár.

2. Ef árskostnaður af orkuveitu verður meiri en það, sem inn kemur fyrir notkun hennar yfir árið samkvæmt gjaldskrá, má greiða það, sem til vantar, úr hjeraðssjóði. Þegar þannig stendur á, er heimilt að krefja aukagjalds af notendum utanhjeraðs, er nemi jafnmiklum hluta af gjaldi þeirra yfir árið samkvæmt gjaldskránni sem tillag hjeraðssjóðs nemur miklum hluta af árstekjum orkuveitunnar samkvæmt gjaldskrá, þeim er fengnar hafa verið innanhjeraðs.

3. Ef árstekjur af orkuveitu verða meiri en árskostnaður af henni, að meðtalinni hæfilegri fyrningu, er heimilt að láta afganginn renna í sjóð hjeraðsins. Nú nemur tekjuafgangur sá, sem þannig er ráðstafað, meira en 10% af

tekjuupphæð þeirri allri, sem komið hefir inn samkvæmt gjaldskrá fyrir notkun orkuveitunnar yfir árið, og eiga notendur utanhjæraðs þá rjett til endurgreiðslu á því. sem umfram verður, að sínum hluta.

63. gr.

Hjæraðsstjórn getur sett reglur, með samþykki ráðherra, um notkun raforkunnar, meðferð á raftækjum og önnar atriði, er orkuveitu varða.

64. gr.

1. Nú vill löggilt kaupún, sem eigi er breppur út af fyrir sig, eða hverfi, koma sjer upp orkuveri eða orkuveitu til að fullnægja þörfum sínum á raforku, og geta þá eigendur landareigna þeirra, sem nota ætla orkuveituna, gert með sjer fjelag, er nefnist orkuveitufjelag, en lög fjelagsins nefnast orkuveitusamþykkt. Um fjelagið fer eftir ákvæðum XI. kafla, að því leyti sem ekki er sjerstaklega um mælt í þessum kafla.

2. Samþykki ráðherra slíku fjelagi til handa má, auk þess, sem segir í 58. gr., binda þeim skilyrðum, sem ákveðin kunna að verða í sjerleyfislögum.

3. Að öðru leyti gilda reglurnar í 58.—63. gr., þannig að í stað hjæraðsstjórnar kemur stjórn orkuveitufjelags og í stað hjæraðs kemur orkuveitufjelag.

65. gr.

1. Nú vill einstakur maður afla sjer raforku og þarf að taka í því skyni til notkunar fallvatn, sem annar hefir umráð yfir, og getur þá ráðherra leyft það, ef hann á ekki kost nægilegrar raforku úr neinni veitu, sem fyrir er, og hefir ekki umráð yfir öðru fallvatni, eða honum yrði mun kostnaðarsamara að virkja það, enda verði hagur hans af vatnstökunni talinn mun meiri en tjón hins af missi þess. Þó skal gæta fyrirmæla 49. gr. 1. liðs um vatn til notkunar samkvæmt III. og IV. kafla.

2. Ráðherra getur veitt leyfi til lögnáms samkv. 55. gr.

3. Ef taka á til notkunar fallvatn, sem nemur meira en 200 eðlishestöflum, eða hluta úr því, getur ráðherra enn fremur sett þau skilyrði, er í 49. gr. 2. og 3. lið segir.

4. Um bætur fer samkvæmt 54. gr. 2. lið.

66. gr.

Nú er fallvatn tekið lögnámi samkvæmt 54., 59., 64. eða 65. gr., og er þá eiganda þeirrar landareignar, sem það er í, rjett að krefjast þess, enda hafi rjetturinn til orkunýtingar ekki verið áður skilinn frá eigninni, að honum verði látinn í tje raforka til þarfa sinna, í stað endurgjalds í peningum, frá orkuverinu. Samsvarandi gildir, ef svo er ástatt sem í 53. gr. segir, þó svo, að heimta má, endurgjald í orku, þótt orkunýtingarrjettur hafi verið skilinn við landareign.

67. gr.

Nú vill landsdrottinn ekki kosta raforkuveitu, og getur leiguliði þá gert veituna á sinn kostnað, en landsdrotni skal þá skylt að kaupa veitutækin eftir mati, þegar leiguliði fer frá jörðinni, enda sje orka þá vis framvegis, eigi skemur en næstu 5 ár og seld frá orkuveri eftir staðfestri gjaldskrá.



## VI. kafli.

### *Um vatnsmiðlun.*

#### 68. gr.

1. Ráðherra er heimilt að gera mannvirki og aðrar ráðstafanir til miðlunar á vatnsmagni í vatnsfalli til orkunýtingar eða í öðrum tilgangi.

2. Þegar ákveðið hefir verið að framkvæma miðlun samkvæmt 1. lið, hefir ráðherra heimild til lögnáms samkvæmt 55. gr.

3. Nú hefir ráðherra komið á stofn miðlun samkvæmt framanskráðu, og getur hann þá ákveðið, að eigendur orkuvera og annara atvinnufyrirtækja, sem hafa not af miðluninni, skuli greiða árgjald í rikissjóð, er ákveðið sje þannig, að allir þeir, sem hafa not af miðluninni, greiði að tiltölu rjettri við hagnað sinn, og þó ekki meira en hagnaðinum nemur, og ekki heldur meira allir til samans en það, sem þarf til að ávaxta stofnkostnað fyrirtækisins með 6% árlega, kosta viðhald þess og starfrækslu og fyrna stofnkostnaðinn á 40—60 árum. Ef ágreiningur verður um niðurjöfnun stofnkostnaðor, skal skera úr með mati.

4. Ráðherra getur sett þær ákvarðanir um afnot vatnsfalla þeirra, er miðlunin tekur til, sem honum þykja nauðsynlegar til að afstýra eða ráða bót á tjóni eða óhagræði fyrir almenning eða einstaka menn.

#### 69. gr.

1. Ráðherra getur veitt öðrum heimild til að framkvæma vatnsmiðlun með þeim skilmálum, er þurfa þykir til þess að gætt sje hagsmuna rikisins, almennings eða einstakra manna.

2. Umráðamenn vatnsrjettinda skulu að öðru jöfnu ganga fyrir öðrum um leyfi til vatnsmiðlunar, ef þeir vilja virkja vatn, sem þeir hafa umráð yfir eða gera með sjer fjelag í því skyni.

#### 70. gr.

1. Nú vill hjerað, orkuveitufjelag eða einstakir menn eða fjelög framkvæma vatnsmiðlun til afnota handa orkuveri, sem þeim er heimilað eða leyft að koma upp samkvæmt V. kafli, og skal þá líta svo á, sem miðlunarfyrtækíð sje einn liður í orkuverinu, þannig að öll ákvæðin í V. kafli 58.—65. gr. ná til miðlunarfyrtækisins að því leyti sem þau geta átt við. Þó skal ávalt þurfa sjerstakt leyfi til miðlunar:

- a) Þegar fyrirtækíð getur haft í för með sjer skaðleg áhrif á umferð um vatnsfall eða veiði eða notkun vatnsins til áveitu eða annars, svo að verulega muni um.
- b) Þegar það veldur því, að land eða landsnyttjar komast svo undir vatn eða spillast svo, að telja megi verulegt tjón að.
- c) Þegar það getur að öðru leyti valdið öðrum tjóni eða skaðlegri breytingu á landsháttum, svo að verulegt megi teljast.
- d) Þegar forræðis eða afnota þarf á landi annara eða rjettindum, enda verði ekki allir rjetthafar sáttir á framkvæmd verksins.

2. Framangreind ákvæði taka og til breytinga á eldri miðlunarvirkjum.

3. Það, sem mælt er í lögum þessum um vatnsmiðlun, tekur og til mannvirkja og fyrirtækja til aukningar á vatnsmagni með veitu úr öðru vatni.

4. Bætur fyrir tjón af miðlunarvirkjum skal greiða eftir mati, ef ekki verður samkomulag. Ennfremur má binda miðlunarleyfi þeim skilyrðum, að leyfishafi greiði fyrir fram bætur að öllu leyti eða einhverju eða setji tryggingu fyrir þeim.

#### 71. gr.

Nú þykir efasamt, hvort svo er ástatt sem í 70. gr. 1. lið a—d segir, og getur þá sá, er miðlun vill framkvæma, svo og hver sá, er telur hana varða hag sinn, krafist matsgerðar um það mál. Skulu matsmenn bjóða ráðherra með 4 vikna fyrirvara að vera við matið, og auglýsa stað og stund með þeim hætti, er þeir telja fullnægjandi, þeim er ætla má, að eigi hagsmuna að gæta, ef miðlunin kemur til framkvæmda.

#### 72. gr.

Leyfi til vatnsmiðlunar, sem veldur almenningi eða einstökum mönnum бага eða tjóni, má venjulega ekki veita, nema telja megi tjónið eða bagann litils virði, horið saman við þann hagnað, sem fyrirtækið hefir í för með sjer, enda sje einnig tekinn til greina í þessu efni áætlaður kostnaður af framkvæmd þess.

#### 73. gr.

Af hendi landsstjórnarinnar skal bafa sjerstakt eftirlit með öryggi mannvirkja þeirra, sem gerð eru til söfnunar vatni í miðlunarskyni, og er eigendum mannvirkjanna jafnan skylt að framkvæma tafarlaust þær ráðstafanir, sem fyrirskipaðar verða til öryggis, svo og að haga framkvæmdum öllum eftir þeim fyrirskipunum, sem gerðar verða vegna hagsmuna ríkis, almennings eða einstakra manna.

#### 74. gr.

1. Mannvirki þau, sem leyft er að koma upp samkvæmt 69. eða 70. gr. má eigi niður leggja, nema ráðherra leyfi.

2. Þegar mannvirki er lagt niður, þá er eiganda skylt að gera þær ráðstafanir, sem ráðherra heimtar til að afstýra hættu eða tjóni þar í grend eða á eignum, sem neðar liggja við vatnsfallið.

3. Greiða skal bætur fyrir tjón eða óhagræði, sem niðurlagningin veldur, eftir mati, ef ekki semur. Bótaskyldan hvílir á eiganda miðlunarvirkja.

### VII. kafli.

#### *Um varnir lands og landsnylja gegn ágangi vatna.*

#### 75. gr.

1. Rjett er ríkinu, hjeruðum, vatnafjelögum og einstökum mönnum að hleyppa niður vatnsfarvegi, vikka hann eða rjetta, gera nýjan farveg, flóðgarða og

fyrirhleðslur eða önnur mannvirki í vatni eða við það í því skyni, að verja land eða landsnyttjar við spjöllum af landbroti eða árensli vatns.

2. Nú þarf sá, er vill framkvæma mannvirki slík sem í 1. lið segir, til þess afnot af landi annara manna, og getur þá ráðherra veitt heimild til lögnaáms samkvæmt 55. gr.

3. Nú þykir tjón eða hætta búin eign annars manns eða rjettindum af mannvirkjum slíkum sem í 1. lið segir, eða að af þeim mundu stafa óhæfilegar tálmanir almennri umferð eða tjón eða hætta hagsmunum almennings, og má þá því að eins framkvæma verkið, að leyfi ráðherra komi til. Leyfi má binda þeim skilyrðum, sem nauðsynleg þykja vegna hagsmuna ríkisins, almennings eða einstakra manna.

4. Bæta skal tjón og spjöll á eignum annara, sem leiðir af framkvæmdum samkvæmt þessari grein. Bætur skal ákveða með mati, ef eigi semur.

#### 76. gr.

1. Nú framkvæmir ríkið fyrirtæki þau, er í 75. gr. segir, og getur ráðherra þá ákveðið, að þeir, sem hafa hag á landi sínu eða landsnyttjum af þeim, skuli taka þátt í kostnaði öllum eða í þeim hluta kostnaðar, sem ráðherra ákveður, svo og í viðhaldi eftirleiðis að tiltölu við það, hvers virði hagarinn verður hverjum þeirra talinn eftir mati.

2. Samskonar ákvörðun má og taka, ef slík fyrirtæki þykja nauðsynleg, þegar einhver þeirra, sem hlut á að máli, hrindir þeim í framkvæmd, og allir þeir landeigendur eða rjettinda, sem hag hafa af fyrirtækinu á landi sínu eða landsnyttjum, geta ekki komið sjer saman um að vinna verkið í fjelagi.

3. Tillagsskyldu slíka sem áður greinir má og með sama hætti leggja á til að standa straum af tiltölulegum hluta kostnaðar af mannvirkjum eða öðrum framkvæmdum, er í senn miða til varnar við spjöllum af vatnavöxtum eða flóði, til þurkunar lands, fyrirgreiðslu umferðar eða notkunar vatnorku.

#### 77. gr.

Tillög samkvæmt 76. gr. má taka lög taki. Nú hefir aðili, sem hag hefir af framkvæmdinni, eigi berum orðum samþykkt fyrirtækið, og skal honum þá heimilt að greiða þann hluta, er á eign hans kemur, með árlegum greiðslum, er samsvari 15. hluta upphæðarinnar að viðbættum vöxtum af því, er eftir stendur hverju sinni. Ef lán hefir verið tekið til fyrirtækisins, þá skulu vextir vera hinir sömu sem greiddir eru af lánsfjenu, en ella 5% árlega.

### VIII. kafli.

#### *Um þurkun lands.*

#### 78. gr.

1. Veita má maður bagalegu vatni af landi sínu í rásir og farvegi þó að mein verði að á landi því, er við tekur, enda megi hann ekki við það losna með öðrum hentugum hætti. Með sama skilorði má maður og veita vatni í skurði í

landi annara eða grafa þar skurði í því skyni, en jafnan skal þá skurðum svo langt fram haldið, að eigi verði verulegt tjón á landi annara manna. Bæta skal tjón, er hlýst af veitunni, en taka skal þó til greina gagn þeirra af skurðum, er bóta krefja.

2. Ekki má veita vatni úr skurðum eða vatnsrásum, sem alstaðar eða sumstaðar eru opnir, í lokræsi á landareign annara manna, nema matsnefnd telji bagalaust.

#### 79. gr.

1. Ef skurðir um landareign annars manns eru honum einnig til gagns, þá er honum skylt að taka þátt í kostnaði af skurðgrefti og viðhaldi skurðanna.

2. Nú vill maður veita bagalegu vatni frá sjer yfir landareign annars manns samkvæmt 78. gr., og má þá setja honum það skilyrði, að hann greiði hinum fyrnefnda upp í skurðkostnaðinn sem svarar því gagni, er hann hefir af skurðinum, og jafnan skal hann kosta viðhald skurðsins að sínum hluta.

#### 80. gr.

1. Ef einhver vill veita bagalegu vatni frá sjer samkvæmt 78. gr. yfir landareign annars manns, og þeim semur ekki, þá skal matsnefnd skera úr því, hvort þá fráveitu verði að telja hagkvæma, og hvort hagurinn megi teljast meiri en óhagræði hins. Ef hagurinn verður talinn mun meiri, þá skal ákveða stefnu skurðsins, lengd hans, dýpt og breidd, hve nær hann skuli gerður, hvort hann skuli vera opin og lokaður og hvað gera skuli við uppmoksturinn. Þá skal og meta bætur og skera úr því, hvort landeigandi skuli taka þátt í kostnaði og viðhaldi, og að hve miklu leyti.

#### 81. gr.

Ráðherra getur heimilað lögnám á mannvirkjum, landi og rjettindum, ef skilyrði 72. gr. eru fyrir hendi, í því skyni að þurka vatn, tjarnir eða mýrlendi eða til þess að vikka eða rjetta farveg eða til að veita burt með öðrum hætti til að auka land eða bæta það.

#### 82. gr.

1. Ákvæði 48. gr. taka og til landþurkunar.

2. Rjett er mönnum að gera með sjer fjelag til þess að þurka land. Slik fjelög nefnast landþurkunartjelög, og lög þeirra landþurkunarsamþyktir. Um fjelög þessi fer eftir 42.—44., 46. og 47. gr. svo sem við á, og XI. kalla laga þessara.

### IX. kafli.

#### *Um óhreinkun vatna.*

#### 83. gr.

1. Bannað er að láta í vötn frá iðjuverum, eða sleppa í vötn um skurði eða aðrar veitur, nokkra þá hluti, fasta, fljótandi eða loftkenda, sem spilla mundu

botni vatns eða bakka eða vatninu sjálfu svo að hættuleg sje mönnum eða búpeningi eða spilli veiði í vatninu. Bannað er og að láta slík efni á ís eða svo nærri vatni, að hætt sje við að þau berist í það.

2. Ráðherra getur þó veitt undanþágu frá þessu banni með þeim skilyrðum, er hjer segir:

- a. Ef neysluvatni er spilt, skal leyfið bundið því skilyrði, að iðjuhöldur leggi til annað jafn gott vatnsból eða greiði kostnað af því að koma upp öðru vatnsbóli jafn góðu.
- b. Ef veiði er spilt, skal skylda iðjuhöld til að láta viðeldi i vatnið, sem nægi tíu þess að veiði haldist eigi minni en var, ella bæta veiðisþjöllin fullum bótum.
- c. Iðjuhöldur skal að öðru leyti bæta það tjón, sem hljótast kann af fráfærslu óhreinindanna frá iðjuveri hans.

3. Bætur skal greiða eftir mati, nema um semji.

4. Leyfi samkvæmt 2. lið má taka aftur bótalaust hve nær sem er eða breyta skilyrðum, ef nauðsyn þykir til vera vegna hagsmuna almennings eða einstakra manna.

5. Nýtt leyfi þarf til hverrar þeirrar breytingar, sem frekari spjöll geta af hlotist, þótt áður hafi verið veitt leyfi samkvæmt 2. lið.

84. gr.

Bannað er annars að láta sleppa i vötn um skurði eða með öðrum hætti eða að henda í þau, á ís eða svo nærri þeim, að hætt er við að í þau berist, þeim efnum, sem í 83. gr. segir, ef hætt er við að þau spilli vatni, botni þess eða bakka, flóðhæð eða framrás.

85. gr.

Ráðherra eða sá, er hann veitir heimild til þess, getur sett reglur til verndar gegn skaðlegri óhreinun vatns, þótt eigi verði af völdum iðjuvera, þegar vatn er óhreinuð í annari sveit en þeirri, sem hætta stendur af því, enda geti sveitarstjórnir þær, sem hlut eiga að máli, ekki orðið á sáttar, hvað gera skuli. Áður en slíku máli er til lykta ráðið, skal leita álits þeirra heilbrigðisnefnda eða hreppsnefnda, sem málið varðar.

X. kafli.

*Um holræsi.*

86. gr.

Heimilt er bæjarstjórn að leggja holræsi til þess að taka við skólpi og afrenslu í kaupstaðnum.

87. gr.

1. Bæjarstjórn er rjett að leggja gjald á hús og lóðir í kaupstaðnum til

þess að standa straum af holræsakostnaði. Gjald má miða við virðingaverð fasteigna eða við stærð lóða eða við hvorttveggja.

2. Sjerstaka ívilnun má veita, ef lóð er svo háttað, að erfiðara er að koma skólpi eða afrensi frá henni í holræsi en frá öðrum lóðum yfirleitt, og sjerstakt aukagjald má á leggja, ef skólp frá einhverri lóð er svo á sig komið, að telja má meiri útgjöld stafa eða munu stafa af því en öðru skólpi.

3. Eigandi lóðar ábyrgist holræsagjald, en heimilt er honum að hækka leigu eftir lóð eða mannvirki á henni sem gjaldi eða gjaldauka svarar, þótt leiga hafi áður verið ákveðin.

4. Holræsagjald skal ákveða í reglugerð. Gjald má taka lögtaki, þegar ráðherra hefir staðfest hana. Í reglugerð má ákveða, að gjaldið skuli trygt með lögveðrjetti í lóð og mannvirkjum lóðareiganda á henni næstu 2 ár eftir gjald-daga með forgöngurjetti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

#### 88. gr.

1. Bæjarstjórn leggur holræsi svo, að lóðareigandi hver nái til þeirra í götu, vegi eða opnu svæði, er lóð hans telst til, enda verður maður eigi krafinn um holræsagjald fyrr en svo er.

2. Skytt er lóðareigendum og húseigendum að gera samkvæmt reglugerð á sinn kostnað holræsi, er flytji frá húsum og lóðum skólp alt út í aðalræsi. Ef maður vanrækir að leggja ræsi á hæfilegum fresti, er bæjarstjórn tiltekur, skal húu láta vinna verkið á hans kostnað.

3. Nú stendur svo á, að sjerstaklega kostnaðarsamt er að leggja holræsi frá aðalræsi yfir lóð manns, og getur hann þá krafist sig undanþeginn holræsagjaldi, ef hann getur komið skólpi trá sjer með öðrum hætti, er heilbrigðisnefnd telur fulltryggan, enda verði ekki metið, að það baki nágrönnum óþægindi eða tjón. Að öðrum kosti skal leggja holræsi um lóð hans, enda skal bæjarsjóður þá taka þátt í kostnaði þar af eftir mati, nema samkomulag verði.

#### 89. gr.

Í reglugerð má kveða á um gerð og lagningu bæði aðalræsa og lóðar-ræsa, að regnvatni skuli í þau veita, um umsjón þeirra, um skyldu manna til að leggja holræsi innan húss, um notkun þeirra, um sektir fyrir brot á reglu-gerð og meðferð mála út af þeim, svo og annað, er að meðferð holræsa lýtur.

#### 90. gr.

Reglugerðir allar um holræsi og holræsagjald, sem bæjarstjórn semur, skal senda ráðherra til staðfestingar. Þegar reglugerð hefir hlotið staðfestingu ráðherra, er hún lögmæt holræsareglugerð.

#### 91. gr.

1. Heimilt er hreppsnefnd að leggja holræsi um hrepp eða hluta úr hreppi á kostnað hreppsjóðs. Áður en fyrirtækið er afráðið, skal hreppsnefnd láta verkfróðan mann rannsaka staðhátta, og ef tiltækilegt þykir að framkvæma verkið, gera nákvæma frumdrætti að því og áætlun um stofnkostnað. Kostnað af rannsókn þessari skal telja til stofnkostnaðar, ef fyrirtækið kemst í tramkvæmd, en greiðist ella úr hreppsjóði.

2. Þá er hreppsnefnd hefir samþykkt að leggja holræsi samkvæmt 1. lið, skal senda samþyktina ásamt þeim gögnum, sem í sama lið greinir, til oddvita sýslunefndar, og skal hann síðan senda gögnin, ásamt umsögn sýslunefndar, ráðherra til staðfestingar. Þegar fengin er staðfesting hans á samþyktina, getur hreppsnefnd látið framkvæma verkið.

3. Hreppsnefnd semur samþyktir allar um holræsi, þar á meðal um holræsagjald.

4. Um holræsi þessi fer að öðru leyti eftir ákvæðum 87.—90. gr.

#### 92. gr.

1. Nú vill löggilt kauptún, sem ekki er sjerstakur hreppur, eða hverfi, leggja holræsi um kauptúnið eða hverfið, og geta þá eigendur fasteigna þeirra, er nota ætla ræsin, gert með sjer fjelag, er nefnist holræsafjelag, en lög fjelagsins nefnast holræsasamþykkt. Um fjelagið fer eftir ákvæðum XI. kafla, að því leyti, sem ákvæði þessa kafla taka ekki til þess.

2. Stjórn fjelagsins semur samþyktir þess, þar á meðal ákvæði um holræsagjald.

3. Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum 87.—90. gr., að því leyti, sem við á.

#### 93. gr.

1. Nú eiga menn landareign í fjelagi, og vilja sumir leggja holræsi til að veita skólpi og afrenslu frá henni, og getur þá sá eða þeir, sem meiri hluta landareignar eiga, ákveðið að framkvæma fyrirtækið, enda er hinum þá skylt að taka tiltölulega þátt í kostnaði öllum af því, ef metið verður nauðsynlegt sakir heilbrigði eða þrifnaðar að leggja ræsin.

2. Ef ekki verður samkomulag um framkvæmd eða umsjón verksins eða um skiftingu kostnaðar, þá skal skera úr með mati. Skal matsnefnd kveða á um það, hver eða hverir skuli hafa á hendi framkvæmd eða umsjón verksins, telja kostnað til ákveðins árgjalds og tiltaka gjalddaga. Stofnkostnaði, ásamt vöxtum, skal skift í jafnar árgreiðslur, ef aðili óskar þess, þannig, að lokið sje á 15 árum. Beiðast má maður staðfestingar ráðherra á matsgerð, og má þá taka tillög lögtaki, ef matsgerð verður staðfest. Ákvæðum 2. liðs 87. gr. skal beita eftir því sem við á, er skifta skal viðhaldskostnaði.

#### 94. gr.

1. Rjett er þeim, er eigi hefir tekið í öndverðu þátt í lagningu holræsa, að veita í þau um holræsi skólpi og afrenslu frá sjer, en greiða skal hann fyrir það tiltölulegan hluta stofnkostnaðar að frádreginni fyrningu á ræsi, sem orðinn er, þegar hann byrjar íveitu sína, svo og greiða tiltölulegan hluta rekstrarkostnaðar og viðhalds.

2. Nú þarf að breyta ræsi vegna íveitu í það samkvæmt 1. lið, og skal þá sá, er íveitunnar æskir, greiða allan kostnað af breytingunni. Eigandi ræsis má velja um að vinna verkið sjálfur eða láta hinn um það.

3. Rjett er þeim, er þykir sig það máli skifta, að krefjast þess, að holræsi sje svo úr garði gert í öndverðu, að það megi taka við skólpi frá eign hans, enda greiði hann allan kostnaðarauka, er af því stafar.

4. Sá, er neytir njettar síns samkvæmt 2. og 3. lið þessarar greinar, skal setja nægilega tryggingu fyrir því, er honum ber að greiða, ef þess er krafist.

5. Ef einhver aðilja þeirra, er í 86., 91., 92. eða 93. gr. segir, hafa veitt læk eða annari vatnsrás, er um bygð rennur og ber fram skólp, í holræsi eða undirgöng, er rjett að láta endurgjaldslaust í lækinn eftir sem áður skólp frá landareignum, sem ofar liggja við hann, þótt þær hafi ekki tekið þátt í ræsisgerðinni. Ef breytingar verða á skólpi frá slíkum landareignum, er geri viðhald ræsivirkisins kostnaðarsamara eða rekstur dýrari, getur eigandi virkisins þó krafist endurgjalds.

6. Ef ágreiningur verður um einhver þeirra atriða, er í grein þessari segir, skal skera úr honum með mati.

#### 95. gr.

1. Skyldu manns til að inna af hendi þær greiðslur, er í 93. og 94. gr. segir, hefur frá þeim degi, er ræsivirki var svo úr garði gert, að hann mátti nota það, ef hann vildi, nema matsnefnd þyki annað sannara.

2. Ákvæði matsnefndar um tillög til eftirlits og viðhald ræsivirkja samkvæmt 93. og 94. gr. skulu gilda um næsta 5 ára skeið, nema öðruvísi semji. Að þeim tíma liðnum má hver aðilja sem vill krefjast breytinga, ef nokkuð það, sem áður var byggt á, hefir breyst að mun. Ef ekki takast samningar, skal matsnefnd skera úr, og er sá úrskurður hennar gildur um annað 5 ára skeið.

#### 96. gr.

1. Ef halda þarf á landi annars manns vegna ræsivirkja, þá er honum skylt að láta af hendi til þess, enda sjeu skilyrði 72. gr. fyrir hendi, land, mannvirki og landsafnot og að þola nauðsynlegar eignarkvaðir, eftir því sem matsnefnd telur með þurfa, enda komi fullar bætur fyrir, eftir mati, ef ágreiningur verður.

2. Holræsi, sem lögð eru um land annars manns samkvæmt 1. lið, skulu vera vatnsheld, ef hann krefst þess, nema metið verði, að honum sje skaðlaust og bagalaust, þótt þau sjeu ekki svo úr garði gerð.

#### 97. gr.

1. Nú hefir holræsi verið lagt um land annars manns samkvæmt 96. gr. og verður honum til mikilla óþæginda eða tjóns, og getur hann þá krafist þess, að það verði flutt á annan stað í landareign hans. Landeigandi kostar flutninginn, nema hann hafi eigi fengið bætur fyrir tjón það eða óþægindi, sem hjer segir, þegar bætur voru goldnar samkvæmt 1. lið 96. gr. Skal ræsiseiganda þá rjett að velja um að greiða bætur fyrir slíkt tjón eða kosta sjálfur flutninginn. Ef ágreiningur verður um það atriði, er í þessum lið segir, sker matsnefnd úr.

2. Ef svo stendur á sem í 1. lið segir, en ræsið verður ekki flutt á annan stað í landi manns, þá getur hann heimtað það flutt á land þriðja manns, ef metið verður, að þar muni verða mun minna tjón að því. Um kostnað af flutningnum fer eftir 1. lið.

#### 98. gr.

1. Lög þessi taka ekki til holræsa, sem gerð hafa verið með heimild í



gildandi rjetti, áður en lög þessi öðlast gildi. Þó skulu 89., 90. gr. og 94. gr. 1. og 2. liður sbr. 4. lið og 97. gr. einnig taka til eldri holræsa.

2. Ákvæði laga þessara um holræsi eru því ekki til fyrirstöðu, að sett verði í byggingarsamþykktum og heilbrigðissamþykktum fyrirmæli um holræsi og fráræslu samkvæmt lögum um heimild til að gera slíkar samþyktir.

## XI. kafli.

### *Um vatnafjelög.*

#### 99. gr.

1. Rjett er mönnum að gera með sjer fjelag um:

- a. Vatnsveitu (III. kafli 29. gr.).
- b. Áveitu (IV. kafli 42. gr.).
- c. Orkuver eða orkuveitu (V. kafli 64. gr.).
- d. Vatnsmiðlun (VI. kafli 70. gr.).
- e. Varnir við ágangi vatns (VII. kafli 75. gr.).
- f. Landþurkun (VIII. kafli 82. gr.).
- g. Holræsi (X. kafli 92. gr.).

2. Fara skal um slík fjelög svo sem í þessum kafla segir, enda sje ekki óðruvísi um mælt í lögum þessum.

#### 100. gr.

1. Sá eða þeir, er stofna vilja fjelag í einhverjum þeim tilgangi, er í 99. gr. 1. lið segir, skulu kveðja til fundar eigendur þeirra landareigna, sem ætla má, að fái tekið þátt í fyrirtækinu. Skal ræða þar málið og bóka fundargerð. Þeir, er mæla með stofnun fjelagsins, geta síðan leitað álits kunnáttumanna og aflað sjer frumdrátta að fyrirhuguðum mannvirkjum og annara gagna, á sinn kostnað en telja má þann kostnað til stofnkostnaðar, ef fjelagið verður stofnað.

2. Rjett er þeim, er stofna vilja fjelag samkvæmt 99. gr. 1. lið, að leita til vatnamálastjóra, og er honum skylt að leiðbeina þeim og aðstoða þá samkvæmt 154. gr. 1. lið c.

#### 101. gr.

1. Nú hafa frumkvöðlar fjelagsstofnunar samkvæmt 99. gr. 1. lið aflað sjer þeirra gagna, sem í 100. gr. segir, og skulu þeir þá semja frumvarp til samþykktar handa fjelagi því, sem í ráði er að stofna, og skrá yfir þær landareignir, sem þeir ætlast til, að verði í fjelaginu. Skal frumvarpið, landeignaskráin, frumdrættir, uppdrættir, kostnaðaráætlanir og önnur gögn, er fjelagið varða lagt fram á hentugum stað til sýnis þeim, er ætlast er til að taki þátt í fjelagsskapnum. Skal framlagning skjalanna auglýst með þeim hætti, sem þar er vani að birta auglýsingar, sem almenning varða, eða brjeflega tilkynt hverjum þeim, er málið varðar. Skulu skjölin liggja til sýnis að minsta kosti 2 vikna tíma.

2. Nú er frestur samkvæmt 1. lið liðinn, og er þá frumkvöðlum fjelags-skaparins rjett að boða þá menn alla, er ætlast er til að verði í fjelaginu, á

fund. Skal fundarboð birta með þeim hætti, sem í 1. lið segir. Á fundi þessum skal enn ræða málið og afráða um fjelagsstofnun, nema enn þyki þörf rækilegri undirbúnings. Ef  $\frac{2}{3}$  eigenda *landareigna* þeirra, sem ætlast er til að taki þátt í fjelagsskapnum, og *sje eill* atkvæði fyrir hverja *landareign*, samþykkja stofnun fjelagsins, þá er hinum skylt að gerast fjelagar.

3. Ákvæði 2. liðs um fjelagsskyldu taka ekki til fjelaga samkvæmt 99. gr. 1. lið c. og d. Ef vatnsmiðlun er að eins liður í einhverju fyrirtæki, sem 99. gr. 1. liður tekur til, öðru en orkuveri eða orkuveitu, er fjelagsskapur um miðlun þó sömu lögum háður sem fjelagsskapur um það fyrirtæki.

4. Nú er jörð í byggingu, og er leiguliða þá rjett að gerast fjelagi, ef landsdrottin vill ekki og er óskylt að taka þátt í fjelagsskapnum, en skylt er landsdrottni, þegar leiguliði fer frá jörð, að kaupa eftir mati þau mannvirki og tæki, sem leiguliði hefir gert eða sett á jörðina eða í samband við hana eða mannvirki á henni.

#### 102. gr.

1. Þegar ákvæðið hefir verið að stofna fjelag, skal samþykkt þess sett svo fljótt sem unt er.

2. Í samþykkt skulu vera ákvæði um:

- a. Nafn fjelags, heimilisfang þess og varnarþing.
- b. Verkefni fjelags.
- c. Um skipun fjelagsstjórnar, hversu fjölmenn hún skuli vera, hvernig skuli kjósa hana, hvert vald hennar skuli vera og starfssvið, ef stjórn er skipuð fleiri mönnum en einum, hve langan tíma kjör skuli gilda.
- d. Hvaða landareignir taki þátt í fjelaginu, svo að eigi verði um það vilst, og um atkvæðisrjett á fjelagsfundum.
- e. Reikninga og bókhald fjelagsins og endurskoðun.
- f. Hvernig boða skuli til fjelagsfunda, hvenær þeir skuli lögmatir, hvaða mál þeir skuli úrskurða og hvert vald þeir hafi að öðru leyti.
- g. Hvernig fara skuli um greiðslu kostnaðar þess, sem fjelagsskapurinn hefir í för með sjer.
- h. Hvaða kvaðir eða eignarhöft leggist á landareignir þær, sem þátt taka í fjelagsskapnum.
- i. Sektir fyrir brot fjelaga á ákvæðum samþykta.
- j. Hvaða reglum skuli eftir farið, ef breyta á samþykktum fjelagsins.
- k. Hvernig fara skuli um fjelagsslit, hvert atkvæðamagn þurfi til þeirra og hvernig ráðstafa skuli eignum fjelagsins.

#### 103. gr.

Í samþykkt má selja ákvæði um skipun gerðardóms til að skera úr ágreiningi um fjelagsmálefni milli einstakra fjelaga eða milli fjelagsstjórnar og einstaks eða einstakra fjelaga, ef báðir aðiljar óska gerðardóms.

#### 104. gr.

1. Samþykkt, ásamt gögnum þeim, er í 101. gr. segir, skal fjelagsstjórnin síðan senda ráðherra til staðfestingar. Ef samþykkt eða annað, sem fjelagið varðar, þykir ekki svo úr garði gert, að samþykkt megi staðfesta, sendir ráðherra

hana aftur til fjelagsstjórnar með athugasemdum um það, er ábótavant þykir. Ella staðfestir hann samþykkt, svo og þegar lagað hefir verið það, er athugavert þótti. Aldrei má samþykkt brjóta bág við rjettarákvæði, almennar grundvallar-reglur laga nje rjettindi einstakra manna.

2. Ef gjaldskrá er send til staðfestingar, skal fara um það eftir 1. lið.

3. Halda skal allsherjar skrá yfir öll vatnafjelög samkvæmt reglum, er ráðherra setur. Staðfestar samþykktir og gjaldskrár skulu birtar í B-deild stjórn-artíðindanna.

4. Birta skal í Lögbirtingablaðinu auglýsingu, á fjelagsins kostnað, um stofnun þess og skal verkefni þess geta, heimilisfangs og varnarþings, svo hver eða hverir sjeu í stjórn þess og ef breyting verður á stjórninni.

. 105. gr.

Nú vilja menn breyta staðfestri samþykkt eða gjaldskrá, og er breytingin lögmæt, ef svo er með farið sem í 104. gr. segir.

106. gr.

1. Árstíllög fjelagsmanna skulu ákveðin svo, að þau nægi til greiðslu vaxta og afborgana stofnkostnaðar og rekstrarkostnaðar og viðhalds. Enn fremur skal, ef fjelagsstjórn samþykkir eða ráðherra þykir það nauðsynlegt, leggja hæfilegt fyrningargjald í varasjóð, og skal það einnig innifalið í árstíllögunum.

2. Gjöld, sem ákeðin eru eða jafnað er niður samkvæmt staðfestri samþykkt eða gjaldskrá, má taka lögtaki.

3. Gjöld samkvæmt 1. lið skulu eiga sama forgöngurjett í gjaldþrotabúi skuldunauts sem skattar eða gjöld til ríkisins.

4. Eignir fjelags standa fyrir skuldum þess. Enginn fjelaga ber framar ábyrgð á þeim en að þeim hluta, er honum er gert að greiða samkvæmt gjaldskrá eða öðru lögmætu fjelagsákvæði.

107. gr.

1. Brot gegn fjelagssamþykktum má láta varða alt að 500 kr. sektum, og skulu þær renna í fjelagssjóð.

2. Sektir má taka fjárnámi.

3. Með mál út af brotum á samþykktum, skal fara að hætti almennra lögreglumála. Mál skal því að eins höfða að fjelagsstjórnin, sá, er sjerstaklega er röngu beittur, eða ráðherra krefjist þess.

108. gr.

1. Á fjelagsfundum ræður afl atkvæða, nema öðruvísi sje um mælt í lögum þessum. Í stjórn eru þeir rjett kjörnir, sem flest fá atkvæði. Ef tveir eða fleiri fá jafn mörg, skal hlutkesti ráða.

2. Ef sjerstök ástæða þykir til vera, má ákveða í samþykkt, að aukinn meiri hluta skuli þurfa til ákvörðunar um einstök fjelagsmálefni önnur en þau, sem sjerstaklega er um mælt í lögum þessum.

109. gr.

Ráðherra eða sá, er hann felur það, litur eftir því, að fjelagsstjórn fari

eftir samþykktum fjelagsins og öðrum ákvæðum um fjelagsskapinn. Er eftirlitsmanni heimilt að kynna sjer starfsemi fjelagsins í því skyni, þar á meðal reikninga þess og fjárhag, en leynd skal hann óviðkomandi menn því, er hann kemst að um þau efni.

#### 110. gr.

1. Rjett er að taka nýja menn í fjelag, ef lögmætur fjelagsfundur samþykkir, og sje slíks máls getið í fundarboði, enda sje það ekki skylt samkvæmt sjerákvæðum laga þessara um einstök vatnafjelög.

2. Ef veruleg breyting verður á skyldum fjelaga vegna tōku nýrra fjelagsmanna eða verkefni fjelaga breytist verulega fyrir þá sök, skal fara með málið sem breytingar á samþykktum fjelagsins. Ráðherra sker úr ágreiningi um þessi efni.

3. Nú bætist nýr maður í fjelag, og skal hann þá greiða að sínum hluta þar frá þau gjöld, sem á fjelögum hvila og með sama hætti sem aðrir fjelagar, nema öðruvisi semji. Kosta skal hann sjálfur þær framkvæmdir, sem nauðsynlegar eru sjerstaklega hans vegna, til þess að geta notað mannvirki fjelagsins.

#### 111. gr.

1. Segja má maður sig úr fjelagi, ef

- a.  $\frac{2}{3}$  hlutar fjelagsmanna samþykkja á lögmætum fjelagsfundi,
- b. svo reynist, að landareign hans verður að mun meiri kostnaður af fjelagsskapnum en öðrum landareignum samanborið við hagnaðinn eða hagræðið. Úr ágreiningi skal skera með mati, en skjóta má því til fullnaðarúrskurðar undir ráðherra.

2. Ef maður segist úr fjelagi, þá ábyrgist hann þau gjöld, er á hann hafa fallið samkvæmt ákvæðum fjelagsins til þess tíma, er hann fer úr fjelaginu. Ef ágreiningur verður, má skjóta honum til ráðherra, og getur hann ákveðið, að meira skuli gjalda en nú var sagt.

#### 112. gr.

1. Fjelagi skal slíta:

- a. Ef fjelagar samþykkja það samkvæmt fyrirælum samþykta sinnar.
- b. Ef fjelagar eru að eins tveir og annar krefst þess.
- c. Ef það kemur síðar í ljós, að ekki er unt að ná takmarki því, er fjelagið setti sjer, eða það er svo miklum örðugleikum bundið, að ókleift eða illkleift þykir að halda fjelagsskapnum áfram.

2. Ágreiningi um það, hvort skilyrði fjelagsslita samkvæmt 1. lið c. sjeu fyrir hendi, skal til lykta ráðið með matsgerð. Skjóta má því mati undir ráðherra til fullnaðarúrskurðar.

#### 113 gr.

1. Ef helmingur fjelaga eða meir krefst þess, er skylt að kjósa skifta-nefnd til að standa fyrir skilum fjelagsbúsins og skiftum, og fer um vald hennar sem skiftaforstjóra án dómsvalds.

2. Ef eignir fjelagsins hrökkva ekki fyrir skuldum, skal því, er á vantar, skift á fjelaga að rjettri tiltölu við fjelagsgjöld hvers um sig, eins og þau hafa

verið ákvæðin samkvæmt gjaldskrá eða öðru lögmætu fjelagsákvæði. Fjelagi hver ábyrgist einungis sinn hluta.

3. Um skiftin fer annars samkvæmt ákvæðum skiftalaganna.

4. Að loknum skiftum, skal skjölum fjelaga og bókum skilað í Þjóðskjalasafnið.

5. Jafnskjótt sem fjelag er tekið til skifta, skal fjelagsstjórn, ef hún fer með skifti, en ella skiftanefnd eða skiftaráðandi, tilkynna til fjelagsskrár, að fjelag sje tekið til skifta. Þegar skiftum er lokið, skal og tilkynna það með sama hætti. Skal gera athugasemdir um þessi atriði í fjelagaskrá og birta tilkynningar eða ágrip þeirra í Lögbirtingablaðinu á kostnað fjelags.

114. gr.

Ákvæði þessa kafla skulu ekki taka til fjelaga, sem stofnuð eru og samþykktir þeirra staðfestar áður en lög þessi koma til framkvæmdar. Þó skulu slík fjelög fullnægja ákvæðum laga þessara, þeim er hjer segir:

- a. Tilkynningu skulu þau senda mánuði eftir að lög þessi ganga í gildi um þau atriði, er í 104. gr. 5. lið segir, og skal þegar birta hana í Lögbirtingablaðinu og á fjelagsins kostnað og skrá hana í fjelagaskrá.
- b. Ef breyta á samþyktum eða gjaldskrá eldri fjelaga, skal fara eftir 105. gr. laga þessara eftir því sem við á.
- c. Ákvæðum 109.—113. gr. laga þessara skal beita um eldri fjelög, nema þau brjóli bág við staðfestar samþykktir þeirra.

## XII. kafli.

### *Um almenna umferð um vötn.*

115. gr.

Öllum er rjett að fara á bátum og skipum um öll skipgeng vötn. Sama er um vötn, sem hjer eftir verða skurðud eða gerð umferðarhæf með öðrum hætti. Þó getur ráðherra bannað almenningi umferð um skurð eða vatn, ef nauðsynlegt þykir vegna mannvirkja í eða við vatn.

116. gr.

1. Rjett er ríkinu og hjeruðum þeim, er vegamál hafa með höndum, að gera hverskonar mannvirki í vatni og við vatn í því skyni að gera vatn skipgengt eða til að gera færa ísaleið um vötn.

2. Ráðherra getur veitt fjelögum og einstaklingum leyfi til að gera mannvirki með þeim hætti og í þeim tilgangi, sem í 1. lið greinir.

3. Þeir, sem framkvæma fyrirtæki samkvæmt 1. og 2. lið, hafa sama rjett til eignarnáms á landi og mannvirkjum og afnota af landi í þarfir fyrirtækjanna sem ákveðinn er í lögum um vegagerðir ríkis og hjeraða.

117. gr.

Eigendur og notendur landareigna eiga rjett til bóta, eftir mati nema um

semji, fyrir tjón, sem umferð á vatni veldur beinlínis á landi við vatnið eða á löglega gerðum og vel viðhöldnum mannvirkjum í vatni eða við það, svo á löglega settum veiðitækjum, enda þótt tjónið sje hvorki að kenna ásetningi nje ógætni. Bætur greiðast ekki fyrir tjón af því, þótt mannvirki þau, er fyrir skemduum hafa orðið, verði eigi notuð, nema tjón beri að bæta samkvæmt almennum skaðabótareglum.

#### 118. gr.

1. Ákvæði 115.—118. gr. taka og til viðarfleytingar, sem framkvæmd er að ráðstöfun stjórnarvalda og undir eftirliti þeirra.

2. Ráðherra getur veitt leyfi til að ákvæði 115.—118. gr. megi einnig taka til annarar viðarfleytingar en slíkrar sem í 1. lið segir.

#### 119. gr.

1. Öllum, sem nota vötn til umferðar, eða fleytingar, er skylt að gæta þess, að gera sem minstar skemdir á landi, mannvirkjum eða veiðitækjum í vatni eða við það.

2. Þeir, sem vötn nota til umferðar eða fleytingar samkvæmt löglegri heimild, hafa rjett til þeirrar umferðar um vatnsbakkana og þeirra afnota af þeim, sem nauðsynleg er vegna umferðarinnar um vatnið eða fleytingarinnar, en gera skulu þeir svo lítið tjón á landi og mannvirkjum sem unt er og bæta skemdir að fullu, eftir mati nema samkomulag verði.

#### 120. gr.

Nú er vatn gert skipgengt eða aðrar ráðstafanir gerðar til fyrirgreiðslu umferðar um vatn, og getur þá ráðherra ákveðið, að gjald verði lagt á báta, þau eða skip, er fara um vatnið, til þess að standa straum af kostnaði af þeim ráðstöfunum.

### XIII. kafli.

#### *Almenn ákvæði um veiði í vötnum.*

#### 121. gr.

1. Landeiganda og þeim, sem hann veitir heimild til, er einum heimil veiði í vatni á landi sínu.

2. Eigi má skilja veiðirjett að nokkru leyti eða öllu við landareign, nema um tiltekið árabíl, eigi lengra en 10 ár í senn, nema leyfi ráðherra komi til eða önnur hlunnindi komi á móti, er þeirri landareign sje ekki metin minna verð en veiðirjetturinn.

#### 122. gr.

1. Nú er landareign eða veiðirjettur í óskiftri sameign, og er þá sameigendum veiði jafnheimil. Rjett er þeim, er telst vanhaldinn, að krefjast skifta á veiði, annaðhvort svo, að hvor hafi sinn hluta vatns eða veiði sinn tíma,

dag eða viku, að tiltölu við eignarhluta sinn, en eigi skal skifti lengur standa en eitt ár um sinn. Mat skal ráða, ef menn skilur á um veiðiskifti.

2. Nú er landareign í sameign, en er skift eftir merkjum afnotaskiftum eða eignar, og á þá sameigandi hver veiði fyrir sínu landi, nema skift hafi verið veiði samkvæmt 1. lið eða önnur lögmat skipun hafi verið á ger.

#### 123. gr.

1. Hjeraðsmönnum öllum er veiði jafnheimil í vötnum í afrjettum og almenningum, sem hjeruð eiga eða nota með löglegri heimild og ekki eru einstaks manns eign.

2. Öllum er veiði heimil í vötnum í afrjettum og almenningum og öðrum lendum utan landareigna lögbýla, enda geti enginn sannað einstaklingsrjettar heimild til þeirra.

#### 124. gr.

Nú skilur vatn landareignir, og er þá landeiganda hvorum veiði jafnheimil. Rjett er hvorum þeirra að hafa ádráttarveiði og draga vað að hvoru landi sem vill. En bæta skal hinum landspell, eftir mati ef ekki semur. Skifta má veiði samkvæmt 122. gr. 1. lið.

#### 125. gr.

Nú legst á eða lækur í nýjan farveg eða stöðuvatn tekur sjer nýtt leg, og hverfur þá veiðirjettur til þess, sem land á undir.

#### 126. gr.

1. Í stöðuvatni er öllum veiði heimil fyrir utan netlög, nema forn venja banni, enda sje landi annara ekki spilt nje það notað til uppsáturs eða til að koma þar fyrir veiðigögnum eða öðru slíku.

2. Rjett er að skifta veiði samkvæmt þessari grein eftir 122. gr. 1. lið.

#### 127. gr.

Bannað er að setja stíflur eða fóst veiðitæki lengra en í mitt vatn, sem fiskför er í, enda sje hinn helmingur vatns eigi grynri, svo og að hefta fiskför um ósa í vatni eða sjó úti, nema sjerstök heimild sje til eða sá, er girðir, eigi einn veiði fyrir ofan bæði í því vatni og í þeim ám eða lækjum, sem í það falla eða úr því. Nú fellur vatn í kvíslum, og má þá enga þeirra þvergirða, nema þar sje fiskför minni, enda eigi sá, er þvergirðir, þar einn alla veiði.

#### 128. gr.

Eigi má maður leyfa öðrum veiði í vatni í sameignarlandi eða fjelagsvatni (122. gr. 1. liður) nje í afrjetti eða almenning (123. gr. 1. liður), nema veiði sje skift honum til handa. Má hann þá veita sinn hlut.

#### 129. gr.

1. Nú setur maður að óheimilu garða, stíflur, net eða aðrar veiðivjelar í vatn (127. gr.), og eru þá garðar og stíflur óhelgar við broti, enda er rjett að taka net og aðrar veiðivjelar upp.

2. Ef maður veiðir ólofað í veiðistöð annars manns eða þvergirðir vatn ólöglega, varðar það sektum alt að 1000 kr. í sveitarsjóð, þar sem brot er framið. Sá, er misgert var við, skal fá alt veiðifang eða andvirði þess, auk bóta fyrir annað tjón, er hann kann að hafa orðið fyrir. Brot er fullframið jafnskjótt og veiðitækin eru komin í vatn.

3. Nú hittist maður með veiðarfæri við annars manns veiðivatn fyrir utan venjulega vegi, og skal þá sekta hann sem hann væri sekur um ólöglega veiði, nema sannað sje, að hann hafi haft þar lögmeitt erindi.

#### 130. gr.

1. Mál út af brotum á ákvæðum þessa kafla fara að hætti einkalögreglu-mála, enda sje brotið ekki svo vaxið, að höfða beri opinbert mál. Mál má höfða á varnarþingi, þar sem brot var framið.

2. Sókn sakar á eigandi veiðirjettar. Nú er hann annar en landeigandi og höfðar ekki mál innan 3. mánaða frá því er brot var framið, og er þá landeigandi rjettur sóknaraðili sakar til refsingar fyrir brot.

3. Sök til refsingar fyrir á ári eftir að sóknaraðili fjekk vitneskju um brot, og ávalt á 2 árum frá því er brot var framið.

### XIV. kafli.

#### *Almenn ákvæði um vatnsvirki.*

#### 131. gr.

1. Mannvirki öll, sem í vatn eru sett, við það eða yfir því, eða gerð eru til að geyma vatn eða veita því, skulu að gerð, undirstöðum, efni og verki fullnægja þeim kröfum, er verða með sanngirni settar til þess að afstýra hættu fyrir líf manna, hagsmuni ríkis eða almennings, tjóni á eignum eða rjettindum einstakra manna eða óhagræði fyrir þá.

2. Önnur verk í vatni skal og vinna svo, að sæmileg trygging sje gegn slíkri hættu, tjóni og óhagræði.

#### 132. gr.

1. Eigandi mannvirkja þeirra, er í 131. gr. segir, skal halda þeim óaðfinnanlega við, ef spjöll á þeim geta valdið tjóni, hættu eða óhagræði.

2. Heimta má, að brýr, stíflur og önnur vatnsvirki verði endurbygð eða þeim breytt, ef það þykir nauðsynlegt vegna umferðar, fleytingar eða fiskgöngu, enda sje því eigi samfara stórkostlegt óhagræði eða notagildi mannvirkis rýrni að mun, en bæta skal virkiseiganda allan kostnað. Matsnefnd úrskurðar ágreining.

#### 133. gr.

1. Áður byrjað sje að gera ráðstafanir þær, er nú skal greina, skal tilkynna ráðherra það og fá leyfi hans, enda sje ekki leyfis eða samþykkis krafist samkvæmt öðrum fyrir mælum laga þessara:



- a. Ef gera á mannvirki eða vinna önnur verk, er breytingu valda á vatnsborð, straumstefnu eða straummagn, svo sem stýflur, dýpkun eða grynkun farvegjar eða rjetting, nema sýnt sje, að ekki hljótist af hætta, tjón eða óhagræði samkvæmt 131. gr.
- b. Ef gera á mannvirki, er tálma mundu umferð um vatn, enda hafi ráðherra auglýst áður í Lögbirtingablaðinu þrisvar sinnum bann við mannvirkjagerð í því vatni, við það eða yfir því, með þeim bætti, að hún yrði umferð eða fleytingu til trafala.
- c. Ef setja á mannvirki í vatn, sem tálma mundi fiskför í því, nema heimilt sje samkvæmt veiðilögum eða samþykktum, settum með heimild í þeim.
- d. Ef þurka á vatn, enda nemi þurkunin 50000 fermetrum.
- e. Ef rífa á eða taka burtu mannvirki, breyta þeim eða endurbyggja þau, og svo er ástátt sem í stafl. a--d segir.

2. Leyfi má binda þeim skilyrðum, sem nauðsýnleg þykja til verndar hagsmunum ríkis, almennings eða einstakra manna og að fyrirtækið komi að almenningsnotum, ef því er að skifta, svo og að bætur fyrir tjón af fyrirtæki sje fyrirfram greiddar eða trygging sett. Ef talið er, að fyrirtæki muni valda hættu, óhagræði eða tjóni, má ekki leyfa það, nema ætla megi að hagur af því verði mun meiri en sem hættu, tjóni eða óhagræði nemi. Leyfishafi ábyrgist ekki óhagræði, sem almenningur eða ríkið kann að verða fyrir af leyfðu fyrirtæki, nema það sje tilskilið í leyfi.

3. Leyfi er því ekki til fyrirstöðu, að síðar megi krefjast nauðsynlegra breytingu á mannvirkjum, ef sýnt verður, að þeirra sje þörf.

4. Ef leyfi er veitt til að hækka eða lækka vatnsborð, skal venjulega taka það fram, hversu mikið það megi vera, og ef hækkan er leyfð, þá skal setja vatnshæðarmerki á kostnað leyfisbeiðanda.

5. Ráðherra getur ákveðið að vatnsvirki skuli tilkynna, enda þótt eigi þurfi leyfi til þeirra.

#### 134. gr.

1. Rjett er hverjum þeim, er telur hættu, tjón eða óhagræði munu verða af fyrirbuguðu mannvirki slíku sem í 131. gr. segir, að láta fara fram matsgerð um það, hvort og hvernig verkið verði unnið án þess.

2. Nú verður metið, að hvorki verði tjón, hætta nje óhagræði af verkinu, og má þá þegar vinna það, en bæta skal þá tjón það, er síðar kemur í ljós, enda sje bóta krafist innan 5 ára frá lokum þess almanaksárs, er verkið var fullgert.

#### 135. gr.

Nú byrjar maður verk, sem leyfis eða samþykkis þarf til lögum þessum samkvæmt, vinnur verk verr en lög, leyfi eða samþykki tilskilja, heldur mannvirkjum verr við en skyldi, rifur þau eða tekur þau ólöglega á brott, og er ráðherra þá rjett að banna framhald verksins, fyrirskipa endurbætur eða láta vinna þær, eða rífa mannvirki, alt á kostnað eiganda og eftir því sem við þykir eiga hverju sinni, enda verði það nauðsynlegt talið vegna hagsmuna ríkis, almennings eða einstakra manna.

136. gr.

1. Sá, er framkvæmir eða lætur framkvæma verk án leyfis eða samþykkis, sem áskilið er í lögum þessum, ábyrgist allt tjón, sem af verkinu hlýst, enda þótt eigi sje um að kenna göllum eða misfellum á verkinu eða gáleysi hans eða manna hans.

2. Eigandi mannvirkis og sá, er annars lætur vinna verk í vatni, ábyrgist tjón af því, enda þótt eigi verði gáleysi um kent,

a. Ef mannvirkið er ekki svo úr garði gert sem í 131. gr. segir eða áskilið er í leyfi eða samþykki.

b. Ef brestur verður á viðhaldi þess.

c. Ef maður vinnur annars eða lætur vinna verk í vatni án þess að fara svo með sem tilskilið er í 131. gr. 2. lið eða til er tekið í leyfi eða samþykki.

3. Ábyrgð samkvæmt 1. og 2. lið tekur einnig til síðari eigenda.

4. Nú er mannvirki löglega rifið eða tekið burt eða hætt að halda því við, og skal þá eigandi bæta eftir mati, ef ekki semur, tjón það, er af þeirri ráðstöfun hlýst. Eigi skal þó bæta tjón eða óhagræði, sem annar maður verður fyrir vegna missis þess hagnaðar, er hann hafði af mannvirkinu, nema hann hafi beinlínis eða óbeinlínis galdið fyrir þann hagnað.

5. Rikið ábyrgist ekki tjón af mannvirkjum eða verkum, er leyft er að vinna.

137. gr.

1. Ráðherra eða umboðmaður hans hefir eftirlit með vatnsvirkjum og öðrum verkum í vatni. Er umráðamönnum skylt að veita eftirlitsmanni allar nauðsynlegar upplýsingar vegna eftirlitsins og aðgang að mannvirkjum og verkum til að rannsaka þau.

2. Ef mannhætta eða eignatjón að ráði getur stafað af vatnsvirki eða vatnsverki, getur ráðherra skipað sjerstakan eftirlitsmann eða forstöðumann fyrir verkinu á kostnað eiganda, og skal eftirlitsmaður eða forstöðumaður gæta þess, að verkið sje unnið samkvæmt því, er samþykkt hefir verið í leyfi eða samþykki eða mælt í lögum.

3. Ef fyrirmælum eftirlitsmanns er ekki hlýtt, getur hann bannað framhald verksins þar til úrskurður ráðherra er fenginn.

138. gr.

Nú hefir vatnsvirki í för með sjer bætur á landi annars manns, vatnauka eða annað, sem honum horfir til hagnaðar, og getur ráðherra þá ákveðið eftir kröfu virkiseiganda, að þeir, sem hag hafa á virkjun hans, gjaldi honum fyrir eitt skifti fyrir öll eða árgjald eftir mati, nema um semji.

139. gr.

1. Eiganda lands og notanda er skylt að þola það, að hallamælingar og önnur undirbúningsstörf og rannsóknir, sem nauðsynleg eru til framkvæmda fyrirhugaðra vatnsvirkja, fari fram á landi hans, enda sje honum bætt tjón, sem af því hlýst eftir mati, ef ekki semur.

2. Nú láta aðrir en rikið, hjeruð eða vatnafjelög með staðfestri samþykkt slík undirbúningsstörf fara fram, og er þá skylda landeiganda og notanda því skilyrði bundin, að áður sje fengin heimild lögreglustjóra og trygging sett fyrir

tjóni, ef honum þykir þess þörf. Vottorð lögreglustjóra um þessi atriði skal sýna, ef krafist er.

## XV. kafli.

### *Um skaðabætur.*

#### 140. gr.

1. Um bætur fyrir lögnám skal svo fara sem hjer greinir, nema óðru vísi sje mælt í einstökum fyrirmælum laga þessara:

- a) Ef eign manns eða rjettindi eru af honum tekin eða rýrð svo, að matsmenn telji honum rjett að heimta, að hún eða þau verði bætt að fullu, skal hann fá bætur í peningum eitt skifti fyrir öll, nema aðiljar verði á annað sáttir.
- b) Ef kvaðir eru á eign manns lagðar eða rjettindi skert án þess að ákvæðin í a) komi til greina, þá má ákveða bætur til árgjalds, ef sá krefst þess, sem við bótum tekur, svo og ef það þykir sanngjarnt eða hentugt vegna þess, hvernig á stendur, enda sje þá sett trygging fyrir greiðslu árgjalda.

2. Bætur, þar undir fyrsta árgjald, samkvæmt 1. lið b), skulu kræfar jafnskjótt sem úrslitamat hefir fram farið, enda er lögnema þá heimilt að neyta rjettar síns samkvæmt lögnámssgerð gegn greiðslu bóta eða lögmætu framboði á þeim eða gegn tryggingu samkvæmt 1. lið b) í þessari grein eða 142. gr.

3. Rjett er, að fógeti veiti lögnema aðstoð sína, ef með þarf, til að neyta þess rjettar, sem hann hefir fengið fyrir lögnámið.

#### 141. gr.

1. Þegar meta skal bætur fyrir lögnám á eignarhluta eða álagningu kvaða eða skerðingu rjettinda, þá skal láta koma til frádráttar sjerhag þann, er eigninni verður að fyrirtæki því, sem fyrirhugað er að koma upp, enda komi ekki tillagsskylda á eignina eða endurgjald annað til fyrirtækisins samkvæmt lögum þessum.

2. Bætur fyrir lögnumið land eða rjettindi yfir landi skal aldrei hærri meta en þær bætur, sem metnar yrðu fyrir önnur lönd þar í grend jöfnum kostum búin eða samskonar jafnverðmæt rjettindi yfir slíkum löndum, enda skal að engu hækka mat, þótt land kunni að hækka í verði eða rjettindi að verða verðmeiri sakir þess fyrirtækis eða þeirra fyrirtækja, sem lögnám á því landi eða þeim rjettindum er framkvæmt fyrir, eða vegna hagnaðar af því fyrirtæki eða fyrirtækjum.

#### 142. gr.

1. Nú telur matsnefnd sjer ófært að meta það þegar, hvert tjón muni hljótast af fyrirtæki, og er henni þá rjett að fresta mati um það eða þau atriði, er eigi verður afráðið um, enda er þeim, er tjón biður, þá rjett að æskja mats, þegar atvik hafa breyst svo, að telja má fært að meta. Ef matsnefnd telur sennilegt, að tjón hljótist af fyrirtæki, er bæta beri, en ákeður þó að fresta mati, þá getur eigandi þeirrar eignar eða rjettinda, sem skaðinn kemur niður á, krafist

tryggingar af lögnámsbeiðanda, ef hann vill neyta lögnámsrjettar síns áður en tjónið er metið, og skulu matsmenn ákveða hana, ef ekki semur.

2. Nú verður tjón af fyrirtæki, sem ekki hafa verið metnar bætur fyrir, þegar lögnám fór fram eða bætur voru metnar samkvæmt 1. lið þessarar greinar, og er þeim, er tjónið bíður, þá rjett að krefjast bóta fyrir það samkvæmt 140. gr. innan 5 ára frá því er mannvirki eru fullgerð og tekin til notkunar.

3. Krafa um bætur samkvæmt 1. og 2. lið fellur niður, ef ekki er krafist matsgerðar áður ár sje liðið frá því er tjónið kom í ljós.

#### 143. gr.

1. Þegar endurgjald eða bætur eru greiddar í orku, ákveður matsnefnd, ef ekki semur, hversu mikla orku skuli af hendi láta, miðað við það, hvers orkutaki þarfnist og hversu mikla orku hinn megi missa. Ef orkuvinsla er aukin úr því fallvatni, er rjett að auka orkureiðslu með sama hætti sem sagt var, ef orkutaki krefst þess.

2. Orkutaki hefir lögveð í vatnsrjettindum og orkuveri til tryggingar lög-  
mætri orkureiðslu og bótum samkvæmt b. lið, og gengur sá veðrjettur fyrir hvers-  
konar samningsveði og aðfararveði, en stendur að baki lögveðtrygðum sköttum  
og gjöldum.

3. Orkutaki skal greiða stofnkostnað að rjetttri tiltölu með jöfnum af-  
borgunum á 30 árum með 5% vöxtum, ef hann kýs það heldur en að greiða  
þegar að fullu. Svo skal orkutaki og greiða rekstrarkostnað eftir sömu tiltölu,  
og getur hann krafist þess, að sú greiðsla verði ákveðin fyrir hvert 5 ára tíma-  
bil. Rjett er orkutaka að gefa eftir nokkurn hluta orku þeirrar, sem hann á til-  
kall til, upp í greiðslur þessar.

4. Orku skal venjulega af hendi láta í raforku í nothæfri spennu á þeim  
stað, er orkutaki kýs, nema matsnefnd þyki annað sannara. Orkureiðandi skal  
halda við öllum tækjum, þar á meðal straumbreytum til orkureiðslunnar til þess  
staðar, sem ákveðinn var. Kveða skal á um það, hve nær orkureiðsla skuli hefj-  
ast í síðasta lagi, um leið og greiðsla bóta eða endurgjalds er ákveðin með þeim  
hætti.

5. Nú innir orkutaki ekki af hendi gjöld samkvæmt 3. lið, og er orku-  
beiðanda þá rjett að varna honum orkunnar þar til full skil eru gerð eða trygg-  
ing sett fyrir áföllnum gjöldum.

6. Nú er orka ekki löglega í tje látin, og skal orkureiðandi þá bæta,  
nema sannað sje að hann átti ekki sök á því.

7. Nú hættir orkuver störfum að öllu, og getur orkutaki þá krafist bóta.  
Bætur skal svo ákveða, að metið er, hvers virði orkureiðslan sje orkutaka ár-  
lega að frádregnum kostnaði og fær hann þá upphæð margfaldaða með 25, og  
auk þess þann hluta stofnkostnaðar vaxtalausar, er hann hefir greitt eða hluta  
af honum eftir mati. Í stað bóta getur orkutaki krafist kaups á vatnsrjettindum  
og orkuveri að frádregnum þeim hluta stofnkostnaðar, sem hann hefir greitt.

8. Ágreiningi um þau efni, sem í þessari grein segir, skal ráða til lykta  
með mati.

## XVI. kafli.

### *Um meðferð vatnamála.*

#### 144. gr.

1. Umsóknir um leyfi, samþykki, staðfestingar eða aðrar ákvarðanir, sem í lögum þessum græinir, skulu vera skriflegar, enda fylgi þeim nauðsynlegar skýrslur og upplýsingar um þau efni, sem við er átt. Ráðherra setur reglur um þessi efni, að því leyti sem ekki er sjerstaklega kveðið á í lögum þessum eða sjerleyfislögum.

2. Ef mál er svo vaxið, að þörf þykir rækilegri greinargerðar með umsókn en ákveðið kann að verða í reglum þeim, er í 1. lið getur, þá er ráðherra eða öðrum, sem umsókn á að senda, rjett að krefjast slíkrar greinargerðar.

#### 145. gr.

1. Nú hefir stjórnvaldi borist umsókn um einhver þau atriði, sem í 144. gr. segir, og ekki þykir sýnt, að synja beri þegar í stað, og skal þá með fara, sem hjer segir:

- a) Leyfi til lögnáms samkvæmt 32. gr. 2. lið, 50. gr. 3. lið, 52., 60., 65. gr. 1. og 2. lið, 75. gr. 2. lið og 81. gr. má venjulega ekki veita fyrr en sá hefir átt kost á að láta uppi athugasemdir sínar, er taka á eignir hans eða rjettindi.
- b) Ákvörðun um verð á orku samkvæmt 49. gr. 3. lið sbr. 65. gr. 3. lið má ekki gera fyrr en orkusali annarsvegar og hjeraðastjórn eða orkukaupandi hinsvegar hafa fengið færi á að láta uppi álit sitt.
- c) Áður en ákvörðun er tekin um málefni þau, er í 68. gr. 4. lið, 69., 70., 72., 74., 75. gr. 1.—3. lið, 81., 83. gr. 2.—3. lið og 133. gr. 1. lið segir, skal leita álits þeirra manna, er ákvörðun kann að varða hag þeirra. Ef ætla má, að hjeraðsstjórn muni varða ráðstöfun sú, sem í ráði er að gera, skal ráðherra senda henni sjerstaka tilkynning, svo og þeim mönnum öllum, er ætla má að ráðstöfun skifti máli. Ef ekki verður vitað, hversu marga ráðstöfun muni varða, þá má þess í stað birta auglýsingu þrisvar sinnum í Lögbirtinga-bláðinu, og skal fyrirtæki eða ráðstöfun glögt greind, og skorað á þá, er kynnu að telja sig málið skifta, að koma fram með athugasemdir sínar áður tiltekinn, hæfilegur timi sje liðinn. Jafnframt skal leggja skjölin fram á tilteknum stað, og skal þeim, er hugsmuna eiga að gæta, heimilt að kynna sjer þau þar, enda skal framlagningar skjalanna geta í auglýsingu. Opinbera auglýsingu þarf ekki að birta, þegar ráðstöfun eða mannvirki er lítills um vert að dómi ráðherra.

2. Kostnað allan af ráðstöfunum samkvæmt 1. lið, ber sá, er æskir ákvörðunar um þær.

#### 146. gr.

Ef nauðsyn þykir á vera, er ráðherra rjett að láta fara fram skoðun á staðháttum, þar sem gera á eða leggja niður mannvirki eða vinna verk í vatni, og skal sá, er heimildar beiðist, greiða kostnað af slíkri skoðun.

147. gr.

1. Hvarvetna þess, er lögnám er heimilað, samkvæmt lögum þessum og menn skilur á um það, hvaða eignir eða rjettindi þurfi að taka, hvaða eignarkvaðir, óhagræði o. s. frv. þurfi á að leggja, þá skal skera úr með mati.

2. Nú er leyfi veitt til lögnáms samkvæmt 145. gr. 1. lið stafl. a) eða matsnefnd hefir heimilað lögnám samkvæmt 39., 41., 96., eða 97. gr. 2. lið, og skal þá leyfishafi hafa gert ráðstafanir til að framkvæma lögnám áður en ár er liðið frá því að leyfi var veitt eða matsgerð var lokið. Annars kostar þarf nýja heimild.

148. gr.

1. Matsgerðir lögum þessum samkvæmt skulu framkvæma:

- a) Úttektarmenn í þinghá, þar sem mat fer fram, samkvæmt 6., 9. gr. 3. lið, 10., 12. gr. 3. lið, 18. gr. 2. lið, 25. gr. 4. lið, 31., 37., 38., 39. gr. 2. lið, 40., 41. gr. 2. lið, 43., 44., 45., 48. gr. 2. lið sbr. 82. gr. 1. lið, 78., 80., 81., 111. gr. 1. lið b., 112., 121. gr. 1. lið og 122. sbr. 124, og 126. gr. 2. lið.
- b) Dómkvaddir menn alstaðar annarstaðar, nema öðruvisi sje sjerstaklega ummælt í lögum þessum.

2. Úttektarmenn meta þó ekki, ef:

- a) Matsbeiðandi krefst þess, að dómkvaddir menn meti, eða matsþolandi, ef hann skuldbindur sig til að greiða aukakostnað þann af matinu, sem af kröfu hans stafar.
- b) Úttektarmenn treysta sjer ekki til að meta vegna þekkingarskorts á matsatriðum.
- c) Ekki eru lögskipaðir úttektarmenn í þinghá, þar sem mat fer fram.
- d) Svo er matsatriðum farið, að ekki verður talið, að mat fari fram í neinni ákveðinni þinghá.

3. Mat samkvæmt 147. gr. 1. lið skulu úttektarmenn framkvæma, enda sje eigi svo ástatt sem í 2. lið greinar þessarar segir, ef þeir hafa heimilað lögnámið, en dómkvaddir menn ella.

4. Hjeraðsdómari, þar sem mannvirki, land eða rjettindi eru, þau er krafa um mat er af risin, dómkveður tvo matsmenn, en rjett er honum að kveðja menn, þótt heimilisfastir sjeu utan lögsagnarumdæmis hans. Nú skal mat fara fram um sama atriði í fleirum þinghám en einni eða svo er farið sem í 2. lið stafl. d. segir, og ákveður þá ráðherra, hvar matsmenn skuli dómkvaddir.

5. Rjett er matsmönnum að kveðja kunnáttumenn sjer til aðstoðar, ef þörf þykir, og telst kostnaður af því til matskostnaðar.

149. gr.

1. Mati má skjóta til yfirmats innan 6 vikna frá lokum matsgerðar.

2. Yfirmat til þess að skera úr því, hvort lögnám skuli heimila, hvað lögnema skuli, um heimild manna eða skyldu til að vinna verk, eða til að taka ákvörðun um annað en upphæð bóta eða endurgjalds, skulu framkvæma 3 menn, dómkvaddir samkvæmt 148. gr. 4. lið. Ef matsnefnd hefir neitað beiðni eða kröfu matsbeiðanda, en yfirmatsmenn telja að taka beri hana til greina, þá skulu þeir einnig framkvæma þær matsgerðir, er matsmönnum hefði annars borið. Ef bóta

er jafnframt krafist, má þó skjóta mati á þeim eftir þessum lið til sjerstaks yfirmats samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms.

3. Þegar ákveða skal einungis endurgjald eða bætur, skal yfirmatsnefnd skipuð, sem segir í lögum um framkvæmd eignarnáms. Ef hjeraðsdómari nefnir matsmenn, er honum þó rjett að nefna menn heimilisfasta utan lögsagnarumdæmis síns.

4. Ákvæði 148. gr. 5. liðs tekur og til yfirmats.

150. gr.

1. Sá, sem þarf að fá ráðstöfun gerða og mat er nauðsynlegt skilyrði til þess lögum þessum samkvæmt, eða sá, sem lögskjylt er að greiða bætur eða endurgjald fyrir lögnám eða notkun á eign annars manns, skal greiða kostnað allan af mati. Ef bætur hafa verið boðnar svo rífligar sem metnar verða, getur matsnefnd þó skift kostnaði milli aðilja.

2. Um kostnað af yfirmati skal svo fara:

- a) Beiðandi yfirmats samkvæmt 149. gr. 1. lið greiði kostnað allan, ef matsgerð, er synjaði kröfum þeim, sem í síðastnefndu ákvæði greinir, verður staðfest. Ef matsgerð er hrundið, skal yfirmatsnefnd skifta kostnaði eftir því sem henni þykir sanngjarnt, hvort sem bætur eru metnar eða ekki.
- b) Um kostnað af yfirmati samkvæmt 149. gr. 2. lið fer samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms.

3. Til matskostnaðar má telja útgjöld aðilja til lögfræðilegra og verkfræðilegra aðstoðarmanna. Ef 2 aðiljar eða fleiri standa sama megin og hagsmunir þeirra mega saman fara, og nota þeir ekki báðir eða allir sama aðstoðarmann, skal þó venjulega ekki bæta þeim til samans meiri kostnað fyrir þessar sakir en telja má þá mundu hafa haft, ef þeir hefðu notað sama aðstoðarmanninn.

151. gr.

Að því leyti sem eigi er hjer kveðið á um matsgerðir, fer um þær eftir lögum um framkvæmd eignarnáms og öðrum gildandi rjettarákvæðum.

## XVII. kafli.

### *Um stjórn vatnamála.*

152. gr.

Atvinnuálaráðherra hefir yfirstjórn vatnamála á hendi.

153. gr.

Skipa skal ráðherra vatnamálastjóra, þegar fje er veitt til þess í fjárlögum. Skal fá honum aðstoðarmenn eftir þörfum. Fje til aðstoðar og skrifstofuhalds skal og veita í fjárlögum.

154. gr.

1. Vatnamálastjóri hefir þessi störf með höndum:

A. Að undirbúa, framkvæma og stjórna öllum vatnsvirkjum og öðrum vatnsverkum og raforkuvirkjum, sem gerð verða á rikiskostnað, og að vera stjórn landsins til ráðuneytis og aðstoðar í öllum málum um vatnaframkvæmdir og raforku, enda skal ávalt leita álits hans um þau mál, þegar þess er kostur.

B. Að gera tillögur um skipulag á raforkuveitum til almennings þarfa, svo fljótt sem kostur er, um öll þau hjeruð, þar sem von þykir til, að slíkum veitum verði komið á.

C. Að aðstoða hjeruð og vatnafjelög og leiðbeina þeim um vatnamál og raforku. Sjerstakan kostnað af þessu skal greiða eftir reikningi, sem ráðherra úrskurðar, og má þá taka gjaldið lögtaki.

D. Að halda vatnabók. Í bók þá skal skrá öll þau afnot vatns, sem samþykkt verða, heimiluð eða leyfð af löggjafarvaldi, ráðherra eða vatnamála-stjóra. Ráðherra setur reglur um bókhald þetta.

E. Að hafa á hendi rannsókn allra fallvatna hjer á landi og gera skrá yfir öll þau fallvötn, sem hafa 500 eðlishestöfl eða meira, svo og smærri vötn, sem ástæða þykir til að skrá. Ráðherra setur fyrirmæli um rannsókn og skrá-setning vatna, eftir því sem þörf krefur.

F. Ennfremur skulu þessi störf ráðherra hverfa undir vatnamálastjóra:

- a) Að veita leyfi til og að setja reglur um ístöku samkvæmt 14. gr.
- b) Að úrskurða samkvæmt 61. gr. 2. lið, 106. gr. 1. lið og 110. gr. 2. lið og að framkvæma mat samkvæmt 111. og 112. gr.
- c) Að gefa fyrirskipanir samkvæmt 18. gr. 3. lið.
- d) Að halda fjelagaskrá og taka við tilkynningum og birta þær samkvæmt 104., 113. og 114. gr.

G. Ráðherra getur og ákveðið, að vatnamálastjóri skuli halda sameiginlegar vatnabækur fyrir land allt, og að bókhald sýslumanna og bæjarfógeta samkvæmt 155. gr. verði þar með afnumið að einhverju leyti eða öllu.

2. Ráðherra setur vatnamálastjóra erindisbrjef.

155. gr.

1. Sýslumenn og bæjarfógetar skulu halda löggiltar vatnabækur, og skal í þær rita:

- a) Skrá yfir ár og vötn í umdæminu.
- b) Samninga um þau, er sendir verða til innritunar eða þinglýsingar.
- c) Skýrslur um vatnsvirki og önnur vatnsverk, sem leyfis eða samþykkis þarf til lögum samkvæmt. og matsgjörðir, sem heimila lögnám eða háðar eru samkvæmt 71. og 134. gr.

2. Ráðherra getur ákveðið, að fleira skuli rita í bækur þessar, svo og sett reglur um bókhald svo sem þurfa þykir.

3. Láta skal í tje eftirrit af vatnabókum gegn lögmæltum ritlaunum.



## XVIII. kafli.

### *Ákvæði um refsingar.*

#### 156. gr.

1. Fyrir brot á lögum þessum skal refsa sem hjer segir, nema brot sje svo vaxið, að þyngri refsing liggj við að öðrum lögum, eða refsing við því sje sjerstaklega ákveðin annarstaðar í lögum þessum:

- a) Hver, sem byrjar á fyrirtæki, sem leyfi eða samþykki þarf til samkvæmt lögum þessum, eða ef matsgerð þarf til þess, svo og ef maður vinnur verk verr en í skilyrðum í leyfi, samþykki eða matsgerð felst, eða bregður að öðru leyti út af fyrirmælum slíkra heimilda, skal sæta sektum eða einföldu fangelsi.
- b) Sá, er brýtur boð eða bann, reglugerð eða önnur fyrirmæli, er hjeradsstjórn, vatnamálastjóri eða ráðherra setur samkvæmt lögum þessum, enda heyri brotið ekki undir stafl. a), skal sæta sektum eða alt að 4 mánaða einföldu fangelsi.

2. Sektir samkvæmt 1. lið má taka fjárnámi.

#### 157. gr.

1. Mál út af brotum samkvæmt 156. gr. skulu fara að hætti almennra lögreglumála.

2. Mál skal ekki höfða, nema sá, sem misgert er við eða viðkomandi stjórnvald krefjist þess.

3. Sektir samkvæmt lögum þessum renna í rikissjóð, nema öðruvísi sje í þeim mælt.

## XIX. kafli.

### *Niðurlagsákvæði.*

#### 158. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1922.

Frá sama tíma eru úr gildi feld eftirfarandi lög:

Jónsbók Landsleigub. 22., 24. og 56. kap. að því leyti sem þar greinir um meðferð vatns og veiði í vötnum.

Lög nr. 9, 9. febr. 1900, um brot á veiðirjetti í ám og vötnum.

Lög nr. 57, 10. nóv. 1905, um skyldu eiganda til að láta af hendi við bæjarstjórn Akureyrar eignarrjett og önnur rjettindi yfir Glerá og landi meðfram henni.

Lög nr. 55, 22. nóv. 1907, um takmörkun á eignar- og umráðarjetti á fossum o. fl., 2. kafli.

Námulög nr. 50, 30. júlí 1909, 20. gr., að því leyti sem þar segir um meðferð vatns, og 21. gr.

Lög nr. 26, 22. okt. 1912, um vatnsveitu í löggiltum verslunarstöðum, með viðaukalögum nr. 57, 3. nóv. 1915.

Lög nr. 65, 22. nóv. 1913, um vatnsveitingar.

Lög nr. 51, 3. nóv. 1915, um rafmagnsveitur.

Lög nr. 56, 3. nóv. 1915, um vatnssölu í kaupstöðum, og

Lög nr. 18, 18. maí 1920, um gjöld til holræsa og gangstjetta í kaupstöðum öðrum en Reykjavík og Akureyri, að því leyti sem þau varða holræsi.

Auk þess eru úr gildi numin öll önnur ákvæði í lögum, er brjóta bág við fyrirmæli laga þessara. Þó skulu:

Lög nr. 5, 19. febr. 1886, um friðun á laxi, að því leyti sem þau varða laxveiði og selveiði,

Lög nr. 12, 13. apríl 1894, um verndun Safamýrar,

Lög nr. 84, 22. nóv. 1907, um vatnsveitu fyrir Reykjavík,

Lög nr. 26, 9. júlí 1909, um viðauka við lög 22. nóv. 1907 um bæjarstjórn í Hafnarfirði, 7. og 8. gr.

Lög nr. 55, 30. júlí 1909, um samþyktir og friðun silungs og veiðiaðferðir í vötnum.

Lög nr. 42, 11. júlí 1911, um gjöld til holræsa og gangstjetta í Reykjavík.

Lög nr. 24, 22. okt. 1912, um samþyktir um ófriðun og eyðing sels úr veiðiám,

Lög nr. 66, 14. nóv. 1917, um gjald til holræsa og gangstétta á Akureyri,

Lög nr. 68, s. d. um áveitu á Flóann, og

Lög nr. 69, s. d. um fyrirhleðslu fyrir Þverá og Markarfljót halda gildi sínu.

#### Athugasemdir við frumvarp þetta.

Eins og kunnugt er, var 5 manna nefnd skipuð, samkvæmt tillögu til þingsályktunar frá Alþingi 1917, 22. okt. s. á. til þess að athuga og gera tillögur um »fossamál« landsins. Nefnd þessi varð ekki ásátt um það, hvaða tillögur skyldi gera um mál þessi. Samdi hvor hluti hennar sitt frumvarp til almennra vatnalaga. Ágreiningurinn var um það, hvort landeigendur hefðu nú að lögum og hvort þeir skyldu framvegis hafa eignarrjett eða einkaumráðarjett yfir vatni á landi sínu. Var minni hluti nefndarinnar þeirrar skoðunar, að svo hefði verið eftir íslenskum lögum og að svo yrði þess vegna að vera framvegis. Frumvörp nefndanna voru borin upp á Alþingi 1919 af einstökum þingmönnum. Vatnalagafrumvörpin komu ekki aftur til umræðu frá nefndum þeim, sem þingdeildirnar skipuðu til að athuga málið (sbr. Alpt. 1919 A, þingskj. 792 og 821). En svo mikið má ráða af gerðum Alþingis 1919 í vatnamálunum, að það hallaðist að skoðun minni hluta fossanefndarinnar. Fyrir aukþingið 1920 lagði stjórnin fram frumvarp minni hlutans óbreytt til vatnalaga, en það frumvarp varð ekki heldur afgreitt frá þinginu. Vildi þingið láta stjórnina undirbúa málið. Er frumvarp það, sem hjer liggur fyrir árangurinn af þeim undirbúningi.

Samkvæmt því, er ætla má að stefna meiri hluta þings og þjóðar sje í

vatnamálinu, hefir stjórnin tekið í frumvarp þetta stefnu vatnalagafrumvarps minni hluta fossanefndarinnar. En að öðru leyti hefir einnig frumvarp meiri hlutans jafnan verið haft til hliðsjónar, og það tekið úr hvoru, sem hallkvæmara þótti eða betur úr garði gert. Auk þess eru kaflar í frumvarpi meiri hlutans, sem ekki eru í þínu og vert þykir að taka. Hvorugt frumvarpið hefir almenn fyrir- mæli um *veidirjett* í ám eða vötnum. Stjórninni þykir við eiga að taka slík fyrir- mæli í almenn vatnalög, eins og sumar aðrar þjóðir hafa líka gert.

Að öðru leyti vísast til athugasemdanna við hvern kafla og hvert ákvæði.

## Um I. kafla.

### Um 1. gr.

Þessi grein er samskonar efnis í báðum frumvörpunum (1. gr. þeirra þeggia). Þessi orð eru skilgreind í báðum:

*Fallvatn.* En skilgreiningin er sín í hvoru. Hjer er skilgreining meiri hlutans tekin, því að það, sem í þessu sambandi skiftir máli, er það, hverja hluti straumvatns verði talið hallkvæmt að virkja í einu lagi. En meiri hluti leggur áhersluna á það í sínu frv. (sbr. Nefndarálit meiri hluta A. I 61, minni hl. 22).

*Frumdrættir.* Mun vera nýyrði í tungu vorri og svara til útlenda heitisins: »skitseret projekt«. Skilgreining meiri hluta er hjer tekin.

*Hjerað* hefir þótt þörf á að skilgreina af því að það orð er hjer haft í viðtækari og þó ákveðnari merkingu en alment í daglegu tali.

*Iðja* er hjer skilgreind sem í frv. meiri hlutans. Tekur yfir allan iðnað, sem ekki verður kallaður handiðn, eins og í frv. meiri hlutans, en er ekki takmörkuð við »verkjalar«, eins og í frv. minni hlutans. Iðnaður eftir frv. verður því <sup>2</sup>alt það, sem í daglegu tali er nefnt handiðn.

*Orkuver* er nýyrði. Er skilgreining meiri hluta haldið hjer með því að hún mun rjettari.

*Vatnsmiðluu* er líka nýtt orð í þeirri merkingu, sem það er haft í frumvarpi þessu. Skilgreiningu meiri hluta er hjer fylgt.

Þá skilgreinir frv. meiri hlutans að eins þessi orð:

*Iðjuhöldur.* Er nýyrði, þó að frumorðin sjeu gömul.

*Landareign.* Er alkunnugt orð, en er látið merkja fleira en í daglegu tali.

*Lágflæði* er haft hjer í annari merkingu en vanalega. Því skýrt.

*Sjerleyfi*, sem líka er nýtt orð.

*Vatnsvirkjari* er og nýtt orð, en þarf skilgreiningar af því að í því felst meira en það er látið merkja í frumvarpinu.

Í frv. meiri hlutans eru aftur á móti að eins þessi orð skilgreind:

*Iðnaður.* Þegar iðja er skilgreind eins og í frv. meiri hlutans og í þessu frv., þá verður skilgreining á iðnaði óþörf, og er því slept hjer.

*Orkuveita* er nýyrði, þótt frumorðin sjeu bæði kunn.

*Vatnsvirki.* Skilgreining minni hl. er of þröng, því að hann telur þau ein mannvirki til vatnsvirkja, sem gerð eru í vatni eða við það til *hagnýtingar* því. Mannvirki í vatni til að verjast skemdum af vatni yrðu eftir skilgreiningu minni hlutans ekki vatnsvirki. Skilgreiningin er hjer löguð samkvæmt þessu.

*Ráðherra.* Engin nauðsyn er á skilgreiningu þessa orðs, því að einsætt er, að það á við — og á að eins við — þann ráðherra, sem með vatnamálin fer.

## Um II. kafla

(Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. XV. o. s. frv. og 61, minni hl. 22 o. s. frv.).

Eins og áður er tekið fram, hefir stjórnin byggt frumvarp þetta á sömu stefnu sem minni hl. fossanefndar hjelt fram, þeirri, að landeigandi hefði einkumráð yfir vatni, sem á landi hans liggur. Hins vegar þykir það ekki hlýða að kveða á um það, hverju nafni þessi rjettur landeiganda skuli nefndur, hvort hann skuli talinn eignarrjettur í lagamerkingu (hlutarjettarmerkingu) eða einhverju öðru nafni nefndur. Um hitt eru allir sammála, að rjettindi landeiganda yfir vatni á landi sínu hljóti að vera miklum og mörgum takmörkunum háð, bæði vegna einstaklings og almennings.

Í raun rjetttri mun það ekki skifta miklu máli fyrir *þjóðfelagsheildina*, hvor stefnan verður ofan á. Aðalatriðið virðist vera það, hvernig búið verði um sjerleyfislöggjöfina.

## Um 2. gr.

Svo sem fyr er sagt og svo sem báðir hlutar fossanefndar hafa gert, er hjer látið liggja milli hluta, hvaða nafni rjettur landeiganda yfir vatni skuli nefndur. Um það er lögfræðin látin, hvaða nafni hún vill nefna þenna rjett. Hjer er, svo sem í 2. gr. frv. minni hl. ákveðið, að landareign fylgi rjettur til að hagnýta sjer vatn, sem á henni liggur, innan takmarka þeirra, sem lög, venjur eða aðrar heimildir hafa í för með sjer. Með ákvæðinu er það einskorðað, að vatnsrjettindin fylgi landinu eða eignarrjetti að því, nema sjerstaklega sje frá skilin.

Um vötn utan landareigna einstakra manna eða hjeraða skal þess getið, að öll fossanefndin var sammála um það, að ríkið hefði umráð þeirra. Minni hlutinn bygði það á því, að ríkið væri þar landeigandi og hefði þess vegna umráð þessara vatna. En meiri hlutinn taldi ríkinu þau umráð sem önnur umráð yfir ónotuðu vatni, er ekki var áskilinn landareign samkvæmt 10. sbr. 17. gr. frv. hans. Eftir stefnu minni hlutans og þessa frv. er ljóst, að vötn í afrjettum og almenninum, sem hvorki einstakir menn nje hjeruð geta sannað eign sína að, eru ríkisvötn, því að ríkið er þar eigandi landsins. Fossanefndin öll var þeirrar skoðunar, að ríkið ætti afrjetti og almenninga yfirleitt (sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I, 17. gr. 3. lið og bls. 64, minni hl. bls. 32). Hjer er ekki staður til að úrskurða þetta atriði. Það verður væntanlega að rannsaka það sjerstaklega, hvaða lendur eru ríkiseign, enda eiga dómstólarnir úrskurð þess máls. Af því að vatnsrjettindin fylgja eignarrjetti að landi eftir stefnu þessa frumvarps virðist óþarft að taka það fram, að ríkið eigi vatnsrjettindi í afrjettum og almenninum, því að ef ríkið á þessar lendur, þá er einnig skorið úr því, hver eigi vatnsrjettindin. Hins vegar væri miður fallið að ákveða í lögum, að ríkið ætti vatnsrjettindi í þessum lendum, ef svo yrði niðurstaða dómstólanna, að þær væru ekki — eða sumar þeirra ekki — ríkiseign, heldur eign einstakra manna eða hjeraða.

#### Um 3. gr.

Er að efni til samhljóða 3. gr. meiri hl. og minni hl. fossanefndar. 1. liður er tekinn orðrjettur eftir 1. lið frv. meiri hl., því hún kveður skýrara á með því sjálfsgæða ákvæði, að miðað sje við venjulegt vatnsmagn. Það virðist ekki ástæða til að taka það fram sjerstaklega, að vatnsrjettindi fylgi landi, ef farvegur breytist, því að það hefir verið sagt eitt skifti fyrir öll í 2. gr. frv., að vatnsrjettindin fylgi landareign.

Ákvæði greinarinnar er í samræmi við gildandi lög, sjá Jónsb. Landslb. 24, 56 og 60 (Rekab. 1). Með því að reglan er sú eftir frv., að vatnsrjettindin fylgi landinu, þá virðist ekki rjett að setja alment ákvæði um skifting vatnsins að jöfnu, eins og annar minni hl. maður fossanefndar vildi (Nefndarálit minni hl. bls. 33). Um þetta má ákveða, ef gerlegt þykir í sambandi við einstök vatnsrjettindi, t. d. neytsluvatn, áveitur o. s. frv. Sbr. annars Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 61, minni hl. bls. 33.

#### Um 4. gr.

Það virðist ekkert vera því til fyrirstöðu, að lögleiða það, að landi fylgi ekki vatnsbotn eða vatnsrjettindi lengra út í *slöðuvötn* en nú er út í sjó gildandi lögum samkvæmt, sjá tilsk. 20. júní 1849 3. gr. og lög nr 39, 2. nóv. 1914, 2. gr., enda hefir fossanefndin öll orðið á það sátt. Í þessu sambandi er ekki tekið upp ákvæði minni hl. fossanefndar um veiðirjett, með því að það þykir fremur eiga heima í kafla um veiðirjettindi alment í vötnum og ám.

Úr hvoru frv. fossanefndar er tekið það er fyllra er og vikið lítið eitt við svo sem betur þótti fara.

1. liður er í samræmi við það, sem sagt var í upphafi athugasemdar við grein þessa.

2. liður er í samræmi við samsvarandi reglu um straumvötn í 3. gr.

Um 3. lið athugast, að rjett þykir að taka það fram, að grasi gróinn vatnsbotn fylgi landi, þótt breiðara sje en netlög. Ef slíkt vatn er merkivatn, gildir auðvitað fyrirmæli 2. málsg. Hins vegar má ef til vill telja 3. gr. 4. málsg. frv. meiri hl. ónákvæmt, þar sem segir, að svo skuli fara sem þurt sje, ef gras vex upp úr vatnsbotni við lágflæði. Reglur löggjafarinnar um takmarkanir á meðferð *vatnsins* geta alt um það gilt, t. d. bann við að stífla það eða breyta botninum með öðrum hætti.

Í 4. lið eru sameinuð samsvarandi fyrirmæli úr 3. gr. frv. meiri hl. og minni hl. fossanefndarinnar.

Ákvæði 5. liðs er hjer tekið sjer, eins og í frv. minni hl., svo að það megí taka tillit til allra þeirra ákvæða greinarinnar, sem það getur átt við.

6. liður svarar til 3. og 6. málsg. 4. gr. frv. meiri hl. og 2. málsg. 3. gr. frv. meiri hl. Sbr. annars nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 61–62, minni hl. bls. 33–34.

#### Um 5. og 6. gr.

Eru samhljóða 5. og 6. gr. frv. meiri hl. Efni 5. gr. á að felast í 4. gr. frv. minni hl. og 6. gr. svarar til 5. gr. síðarnefnds frv. Efnisskipun meiri hl. virðist ljósari, og er henni því fylgt hjer. Enn fremur virðist engin ástæða til þess að útkljá óvissu um eign út í vatn með landamerkjamáli, eins og minni hl.

leggur til. Virðist hallkvæmara að láta skoðun og mat ráða úrslitum, því að ekki þarf annað en mælingu til að ákveða merkin. Sbr. annars Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 62, minni hl. bls. 34.

#### Um 7. gr.

Grein þessi er orðrjett 7. gr. frv. meiri hl. og 6. gr. frv. minni hl. nema 1. liður, sem minni hl. hefir sett í upphaf 7. gr. frv. sins. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 62, minni hl. bls. 34.

#### Um 8. gr.

Er orðrjett eins og 8. gr. frv. meiri hl. En sama efnis er 7. gr. frv. minni hl. Þó munar nokkru. Aðalmunur milli 7. gr. minni hl. frv. og 8. gr. meiri hl. frv. er sá, að eftir frv. minni hl. skal ekki greiða bætur fyrir kostnað, sem farið hefir í *ræktun* forna farvegarins. En sanngirni virðist mæla með að bæta þann kostnað, alveg eins og kostnað sem farið hefir til þess að hagnýta vatnið í nýja farveginum. Sbr. annars Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 62, minni hl. bls. 34.

#### Um 9. gr.

Þessi grein er 11. gr. í frv. meiri hlutans, en er ekki í frv. minni hlutans. En þó að stefnu minni hlutans sje fylgt, er ekki sagt. að ákvæðum þessarar greinar sje ofaukið. Þau eru undantekningar-ákvæði frá 7. gr. frv. minni hlutans og 8. gr. frv. meiri hlutans. Það er væntanlega ástæða til, að takmarka minna rjett landeiganda um meðferð þessara vatna, alveg eins og norska vatnanefndin, sem heldur sömu stefnu sem minni hlutinn hjer, hefir lagt til, (sjá 10. gr. frv. norsku vatnanefndarinnar, Nefndarálit meiri hlutans, C I bls. 4—5). Sbr. annars Nefndarálit meiri hlutans A I bls. 63.

#### Um 10. gr.

Eftir stefnu frv. minni hluta fossanefndar er *all* vatn beinlínis talið til landsgæða, og því verður að fella þar að lútandi ummæli úr upphafi 12. gr. meiri hlutans, sem annars er fylgt hjer, og er að öðru leyti samhljóða 8. gr. frv. minni hlutans. Það er þó ástæða til að taka það fram, að minni hlutinn ætlast til þess, að *all* vatn til laugar eða sunds sje bætt, en til þess er engin ástæða, nema ef sannað er tjón af notkun þess. Þá fellur það tjón undir »annað tjón« í b-kafla gr. Sbr. annars Nefndarálit meiri hlutans A I bls. 63, minni hluta bls. 35.

#### Um 11. gr.

Grein þessi er orðrjett eins og 10. gr. frv. minni hl., og svarar til 13. gr. frv. meiri hl. Það virðist óþarft að taka það sjerstaklega fram, að notkun vatns, samkvæmt þessari grein, megi ekki fara í bága við rjett landareignar, því að nóg virðist að segja, að hún megi ekki brjóta bág við »lög«, þar undir ákvæði 15. gr. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 63—64, minni hl. bls. 35.

#### Um 12. gr.

Er samhljóða 14. gr. frv. meiri hl., sem mjög er lík að efni til 11. gr. frv. minni hl. Grein þessa ber vitanlega að skilja í samræmi við aðra kafla frv. Þótt alment sje í greininni bönnuð hefting á neyzluvatni, þá getur vel verið, að

það verði leyft vegna áveitu, neytluvatnsveitu o. s. frv., samkvæmt fyrirmælum frv. þar um, en þá koma auðvitað fullar bætur fyrir, eftir atvikum fyrir það, að taka verður vatn handa heimili á óhentugri stað, eða ef til vill að leggja býli riður. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 64. minni hl. bls. 35.

#### Um 13. gr.

Er samhljóða frv. meiri hl., 15. gr., nema að því leyti sem hjer segir, að sem *minst* hætta skuli stafa af þessum mannvirkjum. Virðist það orðalag svara betur til ástandsins hjer á landi, og samræmara athugasemd meiri hl. við 5. gr. frv. hans. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 64.

#### Um 14. gr.

Svarar til 16. gr. frv. meiri hl. og 12. gr. frv. minni hl. Heimild til að leyfa ístöku utan netlaga og í almenningum og afrjettum o. s. frv. þykir ekki ástæða til að nefna sjerstaklega. Landeigandi, eða sá, er í stað hans kemur, verður hvarvetna að veita leyfi til ístöku af vatni í landi sínu. Og því verður ríkisvaldið að veita slíkt leyfi, þegar taka á ís af vötnum, sem hvorki einstaklingar nje hjeruð ráða yfir. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 64.

#### Um 15. gr.

Svarar til 10. gr. frv. meiri hl. og 9. gr. frv. minni hl. Vegna stefnu frv. er auðsætt, að halda varð hugsuninni í 9. gr. minni hl. frv. Hjer þarf því ekki að taka fram, hvaða vatnsrjettindi fylgja landareign, eins og gert er í frv. meiri hl. því að almenna reglan um það, er þegar komin í 2. gr. frv. þessa. Hins vegar eru dæmin úr 10. gr. meiri hl. frv. tekin til skýringar á hverri tegund þarfa þeirra, sem nefndar eru, og undantekningum frá frjálsum forráðarjetti landeiganda haldið af sömu ástæðum sem í Nefndaráliti meiri hl. A. I, bls. 63, sbr. og minni hl. bls. 35, segir.

#### Um 16. gr.

Svarar til 18. gr. frv. meiri hl. og 13. gr. frv. minni hl. Samkvæmt 2. gr., sbr. 15. gr., getur landeigandi skilið vatnsrjettindi við landareign sína, nema þau, er bannið í 15. gr. tekur til, og þykir rjett að taka það fram berum orðum, að um slíka ráðstöfun skuli fara sem um landkaup. Ef þar á móti vatnsrjettindi væri veðsett ein sjer, mundi væntanlega verða að fara eftir reglunum um veðsetningu lausafjár, að minsta kosti að sumu leyti.

1. lið vantar í frv. meiri hl., en gæti þó átt þar við að því leyti sem vatnsrjettindi verða samkvæmt því skilin við landareign eftir 10. gr., d- og e-lið. Þessi liður á við hvarvetna þess, er vatnsrjettindi eru látin af hendi, án þess að eignarrjettur að landi fylgi.

Orðalagi 2. og 3. liðs 10. gr. frv. meiri hl. er vikið við, vegna mismunandi stefnu frv. meiri hl. og þessa frv.

Afhending samkvæmt 2. lið fer auðvitað að öllu eftir reglum um landkaup, og hefir þótt óþarft að taka það sjerstaklega fram. Orðalagi 13. gr. frv. minni hl. er auðvitað haldið, þar sem stefnumunur frumvarpanna kemur í ljós.

3. liður í upphafi er samhljóða 2. lið 18. gr. frv. meiri hl. og 3. málsg. 13. gr. frv. minni hl. En niðurlagsákvæðið er ekki í frv. minni hl., og ofurlitið

á annan veg í frv. meiri hl. Vatnsafnotin eru þar miðuð við 10. gr., a—e, en hjer er, í samræmi við 2. lið, ekki farið lengra en að tryggja eigninni landsafnot til hagnýtingar vatns, samkv. 15. gr. þessa frv. (= 10 gr. 1. lið a —c frv. meiri hl.), eins og einnig er gert í 1. lið 18. gr. frv. meiri hl. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 64—65, minni hl. bls. 35.

#### Um III. kafla.

Hjer er safnað í heild reglunum um neysluvatnsveitur, eins og gert er í frv. fossanefndarinnar, bæði þeim, er nú gilda, og svo aukið við þeim ákvæðum, er vanta þykir í nágildandi löggjöf. Sbr. Nefndarálit meiri hl., A. I, bls. 65, minni hl. bls. 35.

#### Um 17. gr.

19. gr. frv. meiri hl. og 14. gr. frv. minni hl. svara hvor til annarar, og eru samhljóða að efni til, nema 19. gr. meiri hl. visar til 10.—12. gr. þess frv., en grein minni hl. frv. hefir eigi tilsvareandi tilvísun. Þess er ekki heldur þörf, því að ef landareign fylgja ekki vatnsrjettindi, þá kemur ákvæði gr. ekki til álita. Og ef vatnsrjettindum hefir verið afsalað, samkv. 15. gr., þá hefir landeigandi ekki rjett til þess vatns frammar en 11. gr. segir. Grein þessi er að efni til samhljóða nefndum greinum í frv. fossanefndarinnar. »Landareign« er í þessu sambandi rjettara en »fasteign«, og »vatnsleg« rjettara en »farvegur«, því að um farveg mun að eins vera talað, þegar vatn er rennandi, en vatnsveitu má vel gera úr kyrru vatni, og þá á vatnsleg betur við. Sbr. annars Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 65, minni hl. bls. 36.

#### Um 18. gr.

1. og 2. liður eru að efni til samhljóða 1. og 2. lið 20. gr. frv. meiri hl. og 15. gr. frv. minni hl. 3. liður er að eins í frv. meiri hl. Með því að gert er ráð fyrir því, að vatnastjórn verði ef til vill ekki sett á stofn fyrst um sinn, er úrskurður eftir þessum lið lagður til ráðherra. Ákvæði 3. liðs er nauðsynlegt, ef það skyldi einhvern tíma bera við hjer á landi, að skortur yrði á vatni, þegar svo stendur á sem ráð er fyrir gert í grein þessari. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 65, minni hl. bls. 36.

#### Um 19. gr.

Þessi grein er orðrjett eins og 21. gr. frv. meiri hl., en vantar í frv. minni hl. Sbr. Nefndarálit meiri hl. bls. 65.

#### Um 20. gr.

Er samhljóða 22. gr. frv. meiri hl. og 16. gr. frv. minni hl. Sbr. Nefndarálit meiri hl., A. I, bls. 65, minni hl. bls. 36.

#### Um 21. gr.

Er samhljóða 23. gr. frv. meiri hl., sem einnig er sams efnis sem 17. gr. frv. minni hl., nema að því leyti sem sjerstaka samþykkt þarf til einkasölu á vatni



eftir frv. minni hl. En ástæða virðist ekki til þess, að gera einkasölu vatns þessu skilyrði háða. Ef kaupstaður skyldi ekki hirða að hafa þenna einkarjett, þá er hann auðvitað ekki skyldur til þess, því að greinin veitir honum einungis *rjett* í þessu efni, en leggur eigi á hann *skyldu* til að hafa slíka einkasölu á hendi, Sbr. Nefndarálit meiri hl. bls. 65, minni hl. bls. 36.

Um 22. gr.

Er samhljóða 24. gr. frv. meiri hl. 18. gr. frv. minni hl. er og samhljóða að öðru en því, að þar er ekki ákveðið um lögveðsrjettinn, sem er í niðurlagi greinarinnar. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 65, minni hl. bls. 36.

Um 23. gr.

Er orðrjett samhljóða 25. gr. frv. meiri hl. og 19. gr. frv. minni hl. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 65, minni hl. bls. 36.

Um 24. gr.

Að efni til samhljóða 26. gr. frv. meiri hl., sem og er samhljóða 20. gr. frv. minni hl., nema að því, að ákvæðið um vatnsvirkjara vantar í nefnda gr. frv. minni hl. Er sjálfsagt að halda því ákvæði. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 66, minni hl. bls. 36.

Um 25. gr.

Samhljóða 27. gr. frv. meiri hl. Í 21. gr. frv. minni hl. er rjettur kaupstaðar nokkru takmarkaðri en eftir gildandi lögum. og þykir ekki ástæða til að vikja frá núgildandi reglum um þetta atriði. Skaðabótaákvæðinu í 2. málgr. 21. gr. frv. minni hl. er hjer skotið inn í 3. lið með almennari orðum. Bætur fyrir vatnið sjálft á auðvitað því að eins að greiða, að tjón stafi af töku þess, t. d. vegna áveitu, iðnaðar o. s. frv. Ef vatnstaka er að öllu meinalaus, þá er engan skaða eða бага að bæta. Sbr. Nefndarálit meiri hl., A. I, bls. 66, minni hl. bls. 36.

Um 26. gr.

Samhljóða 28. gr. frv. meiri hl. og 22. gr. frv. minni hl. Þó eru »mannvirki« þar ekki sjerstaklega nefnd. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 66, minni hl. bls. 37.

Um 27. gr.

Samhljóða 29. gr. frv. meiri hl. Sjerstakt ákvæði um þetta er ekki í frv. minni hl. Sbr. Nefndarálit meiri hl. bls. 66.

Um 28. gr.

Þessi grein er að nokkru tekin úr frv. meiri hl. 30. gr. og að nokkru úr frv. minni hl. 23. gr. Í 2. lið er haldið því fyrirmæli úr frv. meiri hl., að ekki megí ákveða að koma upp vatnsveitu á kostnað hrepps, nema telja megí, að hún komi að minsta kosti helmingi fasteigna í hreppnum að notum, nema lög-mætur hreppsfundur samþykki. Ef ekki verður fært að koma veitunni upp á kostnað hrepps, er þess kostur að nota ákvæði 29. gr. frv. þessa. Það mun sam-

ræmara ákvæðum sveitarstjórnarlaganna, að málið gangi til sýslunefndar, enda venjulega nauðsynlegt, ef lán á að taka til fyrirtækisins. Ákvæði minni hl. frv. er því að efni til tekið um afskifti sýslunefndar. Sbr. Nefndarálit meiri hl. bls. 66, minni hl. bls. 37.

Um 29. gr.

Hjer er haldið skipun frv. meiri hl. Þessi gr. svarar til 31. gr. frv. hans. Þykir efnisskipun meiri hl. gleggri, enda nauðsynleg vegna ákvæðanna um vatnafjelög, sem meiri hl. frv. hefir eitt og einnig verða tekin í þetta frv. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 66, minni hl. bls. 37.

Um 30. gr.

Það þykir hallkvæmt að halda ákvæðum 32. gr. frv. meiri hl. til þess að gera sameigendum unt að koma upp vatnsveitu, þótt einhver þeirra mæli því í gegn. Í frv. minni hl. er ekkert samsvarandi fyrirmæli. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 66.

Um 31. gr.

Tekin eftir 33. gr. frv. meiri hl. Samsvarandi ákvæði er ekki í frv. minni hl. Fyrirmæli greinar þessarar er nokkurskonar viðauka-ákvæði við 11. gr. frv. þessa. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 66.

Um 32. gr.

Hjer er fylgt 34. gr. frv. meiri hl., en í frv. minni hl. er þessu slegið saman við fjarskylt tilvik í 24. gr. En hagfeldara virðist að hafa það sjerstakt, því að hjer á einstakur maður hlut að máli, en í hinu tilvikinu vatnafjelag. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 66, minni hl. bls. 37.

Um 33. gr.

Samhljóða 35. gr. frv. meiri hl., að því fráskildu, að ákvæði 26. gr. frv. minni hl. um leyfi ráðherra til lögnáms er hjer tekið upp. Þykir rjett að binda lögnám leyfi ráðherra hjer eins og eftir 32. gr. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 66, minni hl. bls. 37.

Um 34. gr.

Samhljóða 36. gr. frv. meiri hl. Ekkert samsvarandi er í frv. minni hl., nema að því leyti, sem 21. gr. 2. málsgr. nær til. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I. bls. 66—67.

Um 35. gr.

Þarf ekki að skýra.

Um IV. kafla.

Efnisskipun þessa kafla er sniðin eftir frv. meiri hl. fossanefndarinnar. Ákvæði um gerð áveitusamþykta eru ekki tekin í þenna kafla. Koma þau í al-

mennum reglum um vatnafjelög í XI. kafla frv. Að öðru vísast til aths. við einstakar greinir kaflans. Sbr. og Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 67, minni hl. bls. 37.

#### Um 36. gr.

Samsvarar 38. gr. frv. meiri hl. Orðalagi er breytt í samræmi við 17. gr. frv. þessa. Í frv. minni hl. er ekkert samsvarandi fyrirmæli. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 67.

#### Um 37. gr.

Svarar til 39. gr. frv. meiri hl. og 30. gr. frv. minni hl. Sú efnisbreyting er hjer gerð á tjeðri frvgr. meiri hl. í samræmi við 30. gr. frv. minni hl. að vatnspörf til iðnaðar og iðju án orkunýtingar (sbr. 17. gr.) gengur fyrir áveituspörf, þegar svo stendur á sem í þessari grein segir. Sbr. annars Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 67, minni hl. bls. 38.

#### Um 38. gr.

Samsvarar 40. gr. frv. meiri hl. með viðeigandi orðabreytingum. Í grein þessari er gerð undantekning frá þeirri reglu, að rjett til áveituvatns megi ekki skilja við landareign. Það verður eftir greininni gert til áveitu á aðrar eignir, ef skilyrði 39. gr. eru fyrir hendi, og svo til neyslu. Enn fremur er eftir 37. gr. hugsanlegt, að landeigandi verði af áveitu úr merkivatni vegna þarfa granna síns á því til iðnaðar og iðju samkvæmt 17. gr. Lögnám áveituvatns vegna orkunýtingar þess kemur til álita annarstaðar. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 67.

#### Um 39. gr.

Er að efni til eins og 41. gr. frv. meiri hl., að því fráskildu:

1. Að vatnspörf til iðju og iðnaðar samkvæmt 17. gr. er hjer sett á bekk með neytsluvatnspörf. Er það í samræmi við fyrirmæli 37. gr. um merkivötnin.

2. Að bætur eru ákveðnar fyrir það, ef orkunytjum vatns eða möguleika til orkunytja þess er spilt með vatnstöku til áveitu, sbr. orðin: »skaði að vatnstökunni að öðru leyti«. Bætur fyrir slíkt tjón virðist verða óhjákvæmilegt að greiða, af því að landeigandi á alt tilkall til afnota vatnsins í hvaða átt sem þau ganga, eftir stefnu þessa frv. og fyrirmælum 2. gr. þess.

Bætur fyrir vatnstöku skal að sjálfsögðu alt af fullar greiða, ef eign verður tjón að henni. Svo getur jafn vel farið að býli verði stórspilt eða jafn vel alveg gert óbyggilegt, ef áveituvatn er tekið af því, og getur þá vel orðið að greiða fult verð fyrir býlið, eins og það er vert með heimildinni til að nota áveituvatnið í sínar þarfir, eða með öðrum orðum, að áveitumaður eða áveitufjelag verði að kaupa það fyrir fult verð. Um mat bótanna fer annars eftir 140. gr.

29. gr. frv. minni hl., sem svarar til þessarar greinar, er alveg sniðin eftir 3. gr. laga nr. 65, 1913, en ákvæði síðastnefndrar greinar eru hugsunarröng (»hæfileg þóknun« fyrir »bagalause« vatnstöku) og tryggir ekki rjett landeiganda, sem vatni er sviftur, eins vel og 39. gr. þessa frv. Sbr. annars Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 67.

Um 40. gr.

Svarar til 42. gr. frv. meiri hl. og 29. gr. frv. minni hl. Grein þessi á að eins við afnot af landi annars manns vegna áveitu, sem nauðsynleg geta verið, hvort sem áveitumaður tekur vatnið í sínu landi eða annara. Jafnvel þessi notkun gæti spilt að mun nytjum af landi annara manna, og er einsætt, að fullar bætur skulu fyrir koma, eins og tekið er fram í athugasemd við næstu grein á undan, eftir því sem á stendur.

Um 41. gr.

Þessi grein á auðvitað við allar áveitur, hvort sem áveituvatn er tekið af landi annars manns eða ekki. Í frv. meiri hl. 43. gr. og í frv. minni hl. 28. gr. eru sömu fyrirmælin. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 67, minni hl. bls. 37—38.

Um 42. gr.

Er 44. gr. frv. meiri hl. orðrjett. Í 33. gr. frv. minni hl. eru reglur um gerð áveitusamþykta, en þær reglur koma síðar, svo sem fyrr segir. Sbr. annars við þessa og eftirfarandi greinir Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 67, minni hl. bls. 39.

Um 43. gr.

Er samhljóða 45. gr. frv. meiri hl. Sams efnis er 37. gr. frv. minni hl. Í henni eru skaðabótareglur laga nr. 65, 1913, 13. gr., sem eru hugsunarrangar, með því að þar segir, að bætur fyrir jarðrask í óræktuðu landi verði því að eins greiddar, að álitnið verði, að landeigandi bíði skaða við það, eins og greiða ætti bætur fyrir annað, t. d. landsafnot, hvort sem tjón leiddi af eða ekki. Um bætur fyrir jarðrask í óræktuðu landi á vitanlega að fara sem um bætur fyrir annað. Ef manni verður talið tjón að, þá skal bæta. Annars ekki. Sbr. annars um bætur athugasemd við 39. gr. þessa frv.

Um 44. gr.

Samhljóða 46. gr. frv. meiri hl., sem að efni til er samhljóða 38. gr. frv. minni hl., að undanteknu niðurlagsákvæðinu um greiðslu matskostnaðar, sem almenn regla er um í 150. gr. þessa frv.

Um 45. gr.

Samhljóða að efni til 47. gr. frv. meiri hl. og 39. gr. frv. minni hl. Niðurlagsákvæði síðarnefndrar greinar er þó slept, um greiðslu matskostnaðar af sömu ástæðu sem í aths. við 44. gr. getur.

Um 46. gr.

Er samhljóða 1. og 2. lið 48. gr. frv. meiri hl. 3. liður er feldur niður hjer, af því að alment lögtaksákvæði er í 106. gr. frv. þessa. Um skifti landsdrottins og leiguliða er, eins og í frv. meiri hl., tekin reglan í Flóaáveitulögum nr. 68 1917, 11. gr. Auðvitað er aðiljum ekki þar með meinað að semja öðru vísi. Það mun venjulega hallkvæmara áveitufjelaginu að eiga vísan aðgang að

landsdrottni, og því er þeirri reglu Flóa-áveitulaganna haldið hjer, en ekki reglu laga nr, 65, 1913, 17. gr., eins og gert er í 40. gr. frv. minni hl.

Um 47. gr.

Sbr. 49. gr. frv. meiri hl. og 41. gr. frv. minni hl.

Um 48. gr.

Samhljóða 50. gr. frv. meiri hl. Samsvarandi ákvæði er ekki í frv. minni hl. Ákvæði þessarar greinar svarar alveg til 30. gr. þessa frv., og má vísa til aths. við hana.

Fyrirmæli 42. gr. frv. minni hl. um lögtaksrjett fyrir gjöldum samkvæmt löggiltum áveitusamþyktum eru ekki tekin upp í þenna kafla, af því að alment ákvæði þar um verður sett í kaflann um vatnafjelög. Sjá 106. gr.

#### Um V. kafla.

Efnisskipun frv. meiri hl. fossanefndar er fylgt í þessum kafla, eins og í III. og IV. kafla, þannig að fyrst koma reglur um rjett landeiganda og annara, sem eiga yfir vatnsrjettindum að ráða, þá um rjettindi ríkisins, hjeraða og vatnafjelaga (orkuveitufjelaga) og síðan um rjett þeirra manna, sem eigi ráða sjálfir yfir vatnorku, en þurfa að taka orku, sem aðrir hafa heimildir á. Loks eru ákvæði um orkugjald í stað peninga í bætur fyrir lögnumin orkurjettindi og um samband landsdrottins og leiguliða. Bæði eru því frumvörp fossanefndar að sjálf-sögðu höfð til hliðsjónar, minni hl. frv. bæði vegna þess að stefna þess er upp- tekin og nokkur ákvæði þess, sem frv. meiri hl. hefir ekki að geyma, einnig tekin í frumvarp þetta. Frv. meiri hl. er, sem sagt var, lagt til grundvallar um efnisskipun, en þar að auki eru úr því tekin ýms fyrirmæli, sem hitt frv. hefir ekki. Af þessu öllu leiðir það, að víða hefir verið óhjákvæmilegt að breyta orðalagi og færa efni úr einni grein í aðra. Sbr. annars Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 68, minni hl. bls. 42.

Um 49. gr.

1. liður greinar þessarar er, vegna stefnu frv., að efni til samhljóða 60 gr. frv. minni hl., 2. liður svarar til frv. meiri hl. 51. gr. 6. liðs, en 3. liður er að efni til tekinn úr frv. meiri hl. 66. gr. 1. og 2. lið og 65. gr. 3. og 4. lið. Vegna stefnu þessa frv. er ekki ástæða til að greina í þessu sambandi svo eindregið milli orkunýtingar til heimilis- og búþarfa og annarar orkunýtingar sem gert er — og hlaut að vera gert — eftir frv. meiri hl. Þess vegna eru fyrirmælin úr 65. gr. 4. lið og 66. gr. 1. og 2. lið og ákvæðum 49. gr. 6. liðs ásamt 60. gr. frv. minni hl. sbr. 19. gr. 1. lið frv. meiri hl. slegið saman í eina heild, því að alt er um sama efni — rjett landeiganda og annara umráðamanna vatnorku. Það þykir rjett að taka það skýrt fram og ótvírætt, eins og gert er í 19. gr., 1. lið í frv. meiri hl., að vatnsþörf til heimilis og bús og áveitu gangi fyrir orkuþörf. Hins vegar virðist ekki bein þörf á því að geta hjer sjerstaklega um takmarkanir þær, sem umráðamönnum vatnorku eru settar um notkun og meðferð

orkunnar eða rjettindanna. Þær takmarkanir koma allar á sínum stöðum í frv. og í væntanlegum sjerleyfislögum, og verður auðvitað að skilja upphafsákvæðið í 49. gr. með hliðsjón af takmörkunarreglum löggjafarinnar um þetta efni, þar á meðal takmörkunum þeim, sem þegar eru í 2. og 3. lið greinarinnar. Sbr. annars Nefndarálit meiri hl. bls. 69 (um 6. lið 51. gr.) og 71 (um 65. gr.) og minni hl. bls. 41—42.

#### Um 50. gr.

Svarar til 52. gr. frv. meiri hl. 1.—3. liðs. 4. lið er hjer slept, því að efni hans er áður komið í 49. gr. 3. lið. Í frv. minni hl. er ekki samsvarandi fyriræli, nema að því leyti sem 72.—74. gr. tekur til. Orðabreytingar frá 52. gr. frv. meiri hl. eru afleiðingar stefnumunar þessa frv. og frv. meiri hl. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 69.

#### Um 51. gr.

Svarar til frv. meiri hl. 53. gr., minni hl. 61. gr. Úr eru auðvitað feld þau orð, er sjerstaklega sýna stefnu frv. meiri hl. í 53. gr.

#### Um 52. gr.

Grein þessi er að efni til samhljóða 63. og 64. gr. frv. minni hl. Hún á einungis við *merkivötn*. Afnot af landi annars manns heyra annars undir 50. gr. 3. lið. En hjer stendur sjerstaklega á, þar sem báðir aðiljar eiga orkutilkall hvor að sínum hluta og ógerlegt eða óhentugt er að hvor virki einungis að sínum hluta. Með því að grein þessi tekur einungis til merkivatna, þá þykir best fallið, að hún komi þegar á eftir 51. gr. Frv. minni hl. hefir einungis þessa grein og hefir tekið hana úr frv. norsku fossanefndarinnar. Sbr. Nefndarálit minni hl. bls. 43. og 66. og 67. gr. frv. norsku fossanefndarinnar (Nefndarálit meiri hl. C. bls. 16).

#### Um 53. gr.

Er að efni til í 62. gr. frv. minni hl. að eins, og tekin þangað úr. frv. norsku fossanefndarinnar (Nefndarálit meiri hl. C. bls. 15—16). Greinin á ekki við merkivötn, heldur þar sem menn eiga land í sameign, þar er vatnsrjettindi fylgja, eða tilkall í fjelagi til vatnorku með eða án lands, auk farvegarins. Sbr. annars Nefndarálit meiri hl. hls. 43.

#### Um 54. gr.

Svarar til 1., 3. og 4 liðs frv. meiri hl. 54. gr., og 65. gr. 1. málsgr. og 68. gr. frv. minni hl. Efnisskipun hefir verið nokkuð breytt frá því sem er í tjeðri grein frv. meiri hl., með því að glegggra þykir að hafa lögnámsákvæðin sjer og bótaákvæðið sjer. Ennfremur er sleginn varnagli í 3. lið um það, að skilyrði skuli setja samkvæmt sjerleyfislögum, þegar landstjórnin fær öðrum í hendur rjett sinn, því að ekki er víst, að orkunotin nemi svo miklu alt af sem ákveðið kann að verða í sjerleyfislögum.

#### Um 55. gr.

Samhljóða 55. gr. frv. meiri hl. Samskonar fyriræli eru í 69 gr. frv. minni hl.

Um 56. gr.

Samhljóða að efni til 56. gr. frv. meiri hl. Um leyfishafa samkv. 54. gr. 3. lið er þó sleginn varnagli um einkasöluna. Það verður að fara eftir ákvörðun landsstjórnar hverju sinni, hvort leyfishafi skuli fá einkarjett til raforkusölu eða ekki. Fyrir vatnastjórn í 2. er sett: ráðherra, samkvæmt því, er fyrr hefir verið sagt. Samskonar fyriræli eru í frv. minnihl. 66. gr. 1. málsgr. Þó nær einkasalan þar einnig til raforkutækja, sbr. lög nr. 51 1915 4. gr. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 60—70, minni hl. bls. 44.

Um 57. gr.

Er sams efnis sem frv. meiri hl. 57. gr., nema að ráðherra kemur auðvitað í stað vatnastjórnar. 67. gr. frv. minni hl. er sams efnis sem 1. liður. Sbr. Nefndarálit frv. meiri hl. A. I, bls. 70, minni hl. bls. 44.

Um 58. gr.

Sams efnis sem 58. gr. frv. meiri hl., nema ráðherra kemur í stað vatnastjórnar. Samsvarandi fyriræli eru í 65. gr. 2. málsgr. og 70. gr. frv. minni hl. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 70, minni hl. bls. 43—44, 44—45.

Um 59. gr.

Svarar til 59. og að nokkru leyti til 60. gr. frv. meiri hl. Lögnámsákvæðin eru hjer tekin saman og bóta-ákvæðið. Samsvarandi fyriræli eru í frv. minni hl. 65. gr. 2. málsgr. og 69. gr. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 70, minni hl. bls. 43—44, 44.

Um 60. gr.

Svarar til 60. gr. frv. meiri hl. að öðru en því, að lögnámsákvæði hennar eru tekin í 59. gr., sem fyrr segir. Samsvarandi fyriræli eru í 66. gr. 2. málsgr. og 67. gr. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 70, minni hl. bls. 44.

Um 61. gr.

Svarar til frv. meiri hl. 61. gr. Frv. minni hl. hefir ekkert slíkt ákvæði. Enda þótt hjerastjórn verði að greiða endurgjald fyrir vatnstöku, ef því er að skifta, virðist það alls ekki ósamrímánlegt því, að fleiri njóti síðar góðs af veitu hennar samkv. 2. lið. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 70—71.

Um 62. gr.

Samhljóða frv. meiri hl. 62. gr. Í frv. minni hl. svarar 71. gr. 2. málsgr til 1. liðs, en að öðru leyti eru ekki samsvarandi fyriræli í frv. minni hl. Sbr. Nefndarálit meiri hl. bls. 71.

Um 63. gr.

Svarar til 63. gr. frv. meiri hl. og 71. gr. 1. málsgr. frv. minni hl. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 71, minni hl. bls. 45.

Um 64. gr.

Er sams efnis sem frv. meiri hl. 64. gr. Þó er annar liður feldur úr, af

Því að í 101. gr. í XI. kalla um vatnafjelög er samsvarandi ákvæði. Í frv. minni hl. 72. gr. eru fyrirsmæli, er svara til þessarar greinar, en þar er, eins og annarstaðar á tilsvarendi stöðum, slegið saman í eitt fyrirsmælum um vatnafjelög og um einstaka menn. En bæði er það, að tilvikin eru ekki nægilega skyld í eðli sínu til þess, að alveg sömu reglum verði beitt um þau, og svo eru fyrirsmæli um vatnafjelög alment á öðrum stað í frumv. þessu, sem gera nauðsynlegt að halda reglunum um einstaka menn og orkuveitufjelög alveg aðgreindum. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 71, minni hl. bls. 45.

#### Um 65. gr.

Hjer segir um það, ef einstakur maður þarf að taka fallvatn, sem annar maður hefir umráð yfir, og eigi gerður principaliter munur á því, til hvers hann ætlar að nota orkuna, eins og í frv. meiri hl. er gert, sbr. aths. við 49. gr. Hins vegar kemur munurinn fram í framkvæmdinni, með því að strangari skilyrði eru sett um virkjun fallvatna, sem meiri orku hafa en 200 eðlishestorkur. Ekki er lögnámsheimildin heldur bundin við óvirkjað vatn einvörðungu, eins og gert er í frv. meiri hl., því að vel getur svo staðið á, að hallkvæmt sje að taka lögnámi smáver, sem ekki nota alla orku þess vatns, sem þau eru við og unt er að virkja. Enn fremur er lögnám alt af háð leyfi ráðherra, og er einsætt, að ekki verði leyft að taka starfandi ver lögnámi, nema sýnn hagar sje að, þegar bæði er tekin til greina aðstaða þess, er lögnámsheimild fær, og hins, sem lögnám kemur niður á, sbr. 1. lið greinarinnar. Af því að greiða skal bætur fyrir vatnstöku, hvort sem vatn er virkjað eða óvirkjað, er visað til ákvæðisins um bætur í 54. gr. 2. lið. Um rjett þeirra, er kynnu að hafa fengið orku úr lögnumdu veri samkvæmt grein þessari, gilda einnig reglur 54. gr. 2. liðs. Ef svo mikil orka er tekin, að sjerleyfislög nái til, ber auðvitað að setja aðilja skilyrði samkvæmt þeim.

Samsvarandi fyrirsmæli eru í 65., 72. og 74. gr. frv. minni hl. Er greinin nær frv. meiri hl. að efnisskipun, en frv. minni hl. að efni. Ber stefna frv. til þess að nokkru leyti. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 71, minni hl. bls. 44—45.

#### Um 66. gr.

Að undantekinni síðustu setningu, er grein þessi svipaðs efnis sem 67. gr. frv. meiri hl. Orkan er þó eigi miðuð við þá orku, sem landareign var áskilin eftir 51. gr. frv. meiri hl., heldur fer það eftir mati samkvæmt 143. gr. Síðasta setning greinarinnar miðast við fyrirsmælin í 53. gr. frv., og hefir frv. minni hl. ákvæði varðandi að efni í 104—112. gr., en annars eru ekki í því frv. reglur svarandi til þessarar greinar. Eftir því, sem á stendur, virðist ekki sanngjarnt að einskorða orkukröfuna samkvæmt síðustu setningu við það, að orkunytjarjetturinn fylgi landareigninni. Það er ógerlegt, af því að oft mundi orkunytjarjetturinn einmitt hafa skilist við eignina, þegar hann komst í sameign. Ef innleysanda þykir of mikil orka verða áskilin hinum, getur hann farið lögnámsleiðina samkv. 65. gr., ef ráðherra leyfir. Sbr. annars Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 71—72, minni hl. bls. 59—60.

Gera má annars ráð fyrir því, að ráðherra muni eftir fongum kynna sjer það, hvort tilkall muni gert til orku samkv. þessari grein, áður en hann tekur



ákvörðun um lögnámið, jafnhliða því, er annars ber að gæta, þegar lögnáms er beiðst af hjeruðum, vatnafjelögum eða einstökum mönnum samkv. þessum kafla.

#### Um 67. gr.

Er samhljóða 68. gr. frv. meiri hl. Samsvarandi er ekki í frv. minni hl. Ákvæði greinarinnar verður að eins beitt, þegar orka er seld frá orkuveri með staðfestri gjaldskrá, og á því ekki við, þótt leiguliði geri sjálfur orkuver til þarfa sinna. Það á þar á móti við, þegar hann gengur í orkuveitufjelag, er með í hjeradsfyrirtæki, eða kaupir orku frá ríkisveri eða einstaklinga, þar sem gjaldskrá er staðfest. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 72.

#### Um VI. kafla.

Þessi kafli er að efnisskipun sniðinn eftir VI. kafla frv. meiri hl. fossanefndar. Í frv. minni hl. á samsvarandi (VIII.) kafli einungis við vatnsmiðlun til iðju. Þó að tíðast muni vera, að vatnsmiðlun sje framkvæmd í sambandi við iðju — aðallega stóriðju — þá er þó alls ekki loku skotið fyrir það, að miðlun sje líka gerð í vatni til annara þarfa, t. d. til áveitu og neyslu, til að verja land við ágangi vatns o. s. frv. Og því er fyrirsögn VI. kafla frv. meiri hl. haldið óbreyttri.

Það má að ýmsu deila um það, hvað taka skuli í kaflann um vatnsmiðlun, og hvað fremur eigi heima í sjerleyfislögum. Miðlun, sem gerð er ein-göngu í öðru skyni en orkunýtingar, virðist eiga heima að öllu leyti í vatnalögum, en ekki í sjerleyfislögum. Og ekki kemur heldur til mála að heimta gjöld af miðlun í því skyni. Og þótt miðlun sje gerð í svo smáum stýl til orkunýtingar, að orkan nemur ekki því, er sjerleyfislög segja, þá á og sú miðlun heima í vatnalögum. Og varla munu verða heimtuð gjöld af slíkum fyrirtækjum fyrir miðlunarheimildina til ríkis eða hjerada. Þegar þar á móti fyrirtækið er svo stórvaxið, að sjerleyfislög taka til þess, þá hljóta að nokkru leyti að vera settar reglur um það í sjerleyfislögum. Er sumstaðar goldið árgjald af miðlunarheimildinni, auk þess gjalds sem slík fyrirtæki greiða fyrir heimildina til að virkja vatn og nota orku þess. En annað er það, hvort setja skuli í vatnalögin fyrirmæli um gjöld þessi, þó að til kæmi, eða láta sjerleyfislögin um það. Minni hl. fossanefndar hefir, eftir norskri fyrirmynd, sett í 80. gr. frv. síns ákvæði um miðlunargjöld, en meiri hl. hefir ekki gert það. Það virðist að minsta kosti eins vel fara á því, að taka fyrirmæli um gjöld fyrir miðlunarheimild — ef á annað borð þykir rjett að heimta þau — í sjerleyfislög. Eðlilegast virðist, að gjald sje að eins greitt fyrir þá hestaflatölu, sem sjerleyfið heimilar að virkja, hvort sem sú orka er fengin að einhverju leyti með miðlun eða ekki. Og er þá auðvitað unt að taka það atriði til greina, þegar ákveða skal uppbæð gjaldsins, ef svo sýnist.

Minni hl. hefir og tekið í frv. sitt, í 82. gr., ákvæði um bann við *framsali* á vatnsmiðlunarleyfi. Ef leyfið varðar orku, sem undir sjerleyfislög fellur, þá á bann við framsali þess heima í sjerleyfislögum. En ef miðlun er að eins leyfið til annars en orkunýtingar, er tæplega nokkur ástæða til að banna leyfishafa að láta aðra verða aðnjótandi þess. Og líkt virðist mega segja um miðlun til orkunýtingar, sem ekki fellur undir sjerleyfislögin. Slík fyrirtæki virðist mega afhenda

eftir almennum reglum löggjafarinnar, ásamt þeim fyrirtækjum, sem þau fylgja, eða rjetti til að setja þau fyrirtæki á stofn. Auðvitað hvíla sömu skyldur um gerð og viðhald mannvirkjanna á nýjum eigendum sem heimildarmanni þeirra.

Ennfremur hefir minni hl. sett ákvæði í frv. sitt, er bindur leyfi til miðlunar við samþykki Alþingis, ef fyrirtækið er stórfelt. Þetta á þó einungis við stórmiðlanir til iðju, samkvæmt fyrirsögn VIII. kafla frv. Um slíkt samþykki er því ekki að tala, eftir frv. minni hl., til miðlunar í öðru skyni. Samþykki Alþingis þarf því, eftir frv., að eins til miðlunar, þegar sjerleyfislög mundu taka til orkunýtingarinnar. Ef sá kostur verður hjer tekinn, að binda sjerleyfisveitingar nokkurn tíma við samþykki Alþingis, þá virðist einnig ákvæði um það efni, í samhandi við leyfi til stórmiðlana, eiga heima fremur í sjerleyfislögum en vatnalögum.

Alment ákvæði um það, að leyfi til miðlunar skuli vera *timabundin*, eins og minni hl. hefir í 82. gr. frv. síns, virðist ekki heldur eiga heima í vatnalögum, því að ef sjerleyfislög ná til, þá fer málið einnig að þessu leyti eftir fyrirmælum þeirra. En ef sjerleyfislög taka ekki til, þá er varla alment ástæða til að binda heimildina við fyrir fram tiltekinn tíma. Og stundum getur ekki komið til mála að gera það, t. d. um miðlun vegna áveitu, neysluvatnsveitu, eða til varnar við spjöllum af vatni. Og sama er oft að segja um smámiðlanir í sambandi við orkunýtingu. Hins vegar getur svo staðið sjerstaklega á, að varlegra sje að binda leyfið við tiltekinn tíma. Og þá hefir ráðherra heimild til þess, samkvæmt 69. gr. 1. lið.

Að öðru leyti vísast til Nefndarálits meiri hl. A. I, bls. 72, minni hl. bls. 46, og aths. við einstakar greinir frv. þessa.

Um 68. gr.

Er að efni til samhljóða 69. gr. frv. meiri hl., nema ráðherra kemur í stað vatnastjórnar. Sama efnis er 83. gr. frv. minni hl. Þó eru þar engin fyrirmæli svarandi til 3. liðs, en alment ákvæði samskonar efnis er í 93. gr. Sbr. annars Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 72, minni hl. bls. 48.

Um 69. gr.

1. liður svarar til 70. gr. frv. meiri hl., að breyttu breytanda. 2. liður er tekinn úr frv. minni hl., 78. gr., með breyttu orðalagi. Það virðist sanngjarnt, að umráðamenn vatnsrjettinda, einkum bakkabúar við vatnsföll, gangi fyrir um leyfi til miðlunar, að öðru jöfnu. Sbr. annars Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 72, minni hl. bls. 47.

Um 70. gr.

1. liður í upphafi er sem samsvarandi liður í 71. gr. frv. meiri hl. Það virðist eðlilegt, að heimild til vatnsmiðlunar fylgi leyfi til að gera og starfrækja orkuver, samkvæmt V. kafla frv. Auðvitað koma þó sjerleyfislög til greina, ef fyrirtækið er svo stórfelt, að það falli undir þau, og felst þetta í tilvisun til 58.—65. gr. frv. (58.—66. gr. frv. meiri hl.). Sama er tekið fram með öðrum orðum í 80. gr. frv. minni hl., sbr. þó þar orðið: »má«.

Eftir báðum frv. fossanefndar skal þó altaf þurfa sjerstaks leyfis, ef svo

stendur á sem í stafl. a—e segir, í 71. gr. frv. meiri hl. og 75. gr. frv. minni hl. Efni þessara liða er hjer samandregið í 4 liði, a—d, og ofurlítið breytt.

*Um a:* Eftir frv. meiri hl. þurfti ekki leyfi, nema *almenningi* væri tjón eða hætta búin af fyrirtækinu, En vel má vera, að verkanir þess verði mjög alvarlegar fyrir einstakan mann, þó að ekki sje hægt að segja með rjettu, að almenningssheill sje um að tefla. Og virðist þá, í samræmi við meginreglur frv. þessa um leyfi til lögnáms, rjett, að leyfi ráðherra skuli þurfa til vatnsmiðlunar, þegar svo er ástatt sem hjer segir. Þegar beinlínis þarf að taka land annars manns eða rjettindi til að framkvæma sjálft verkið, koma fyrirmælin í staflid d. til greina.

*Um b.:* Ákvæði samsvarandi liðs í frv. fossanefndar eru hjer almennar orðuð, og þar að auki hefir hann að geyma alment ákvæði um spjöll á landsnyttjum, sem að nokkru leyti virðast talin í stafl. d. í 71. gr. frv. meiri hl. Það þykir fara betur á því að taka hjer í einu spjöll á landi eða landsnyttjum, án þess að sagt verði, að þau sje beinlínis tekin lögnámi. Upptalningum frumvarpanna er slept, enda eru þær varla tæmandi, því að sama máli skiftir, hvers konar landsgæðum o. s. frv. er spilt, t. d. óræktuðu landi, sem ekki verður lengur hæft til sinnar notkunar, svo sem námaland, fiskþurkunarland o. s. frv. Af sömu ástæðum, sem greindar voru við stafl. a, er og takmörkun frv. fossanefndar um að almenningi skuli vera búin hætta eða tjón af fyrirtækinu, feld niðar.

*Um c.:* Sbr. aths. við stafl. b.

*Um d.:* Sams efnis sem stafl. d. og e. í frv. fossanefndar. Tekur þessi liður hjer bæði til töku (lögnáms) á landi og rjettindum, þar á meðal vatnsrjettindum, hvort sem er í heimalöndum manna eða utan þeirra. Orðið forræði er hjer haft, eins og í frv. meiri hl., af því að varla verður talað um lögnám á landi ríkisins, því að ríkisvaldið verður að veita leyfi til tökunnar, en ekki verður það kallað lögnám, þegar eign er tekin með leyfi eiganda. Það þykir óþarft að nefna sjerstaklega afrjetti og almenninga, því að ef rikið á þessar lendur, er víst að leyfi þarf til að taka þær, og ef þær eru einstaklingseign, þá þarf leyfi með sama hætti.

2. og 3. liður er sams efnis sem 2. og 3. liður 71. gr. frv. meiri hl. 4. liður er feldur niður, því að almenn regla sama efnis er í 144. gr. (128. gr. frv. meiri hl.).

4. liður er úr frv. minni hl. 76. gr. 2. málsgr. og 80. gr. síðustu málsgr. Sbr. annars Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 72—73, minni hl. bls. 46—47.

Um 71. gr.

Sams efnis sem frv. meiri hl. 72. gr. Sbr. og 76. gr. gr. frv. minni hl. og 129. gr. 1. lið stafl. d. í frv. meiri hl.

Um 72. gr.

Samhljóða 73. gr. frv. meiri hl. Samsvarandi er í frv. minni hl. 92. gr. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 73.

Um 73. gr.

Sams efnis sem 74. gr. frv. meiri hl. Sbr. og 114. gr. frv. minni hl. Sbr. Nefndarálit meiri hl. bls. 73.

#### Um 74. gr.

Ef miðlunarvirki eru í sambandi við orkunýtingu, verður væntanlega sett regla um þetta efni í sérleyfislögum, ef fyrirtækið er svo stórfelt. Ella verður að fara eftir þessari grein. Ljóst er það, að miðlunarvirki geta orðið tekin lög-námi, og kunna þá að verða lögð niður þess vegna, og þá yrði lögnemi að greiða virkiseiganda bætur eftir almennum reglum og öðrum, sem tjón kynnu að bíða af niðurlagningu þeirra. Enn fremur getur ráðherra auðvitað krafist niðurlagningar, ef gerð eða viðhald miðlunarvirkja reynist ófullnægjandi og ekki er löglega bætt úr. Sbr. kaflann um almenn ákvæði um vatnsvirki. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 73.

#### Um VII. kafla.

Ákvæði þessa kafla eru að efni til alveg samhljóða VII. kafla frv. meiri hl. 76.—78. gr. Auk smávægilegra orðabreytinga, eru fyrirmæli um vatnastjórn auðvitað feld niður, ráðherra er settur í stað stjórnarráðs, og síðasta setning í 3. lið 76. gr. frv. meiri hl. er slept, því að alment fyrirmæli sama efnis er í 144. gr. (sbr. 128. gr. frv. meiri hl.). Þenna kafla vantar í frv. minni hl. Sbr. annars Nefndaráliti meiri hl. A. I, bls. 73.

#### Um VIII. kafla.

Þessi kafli svarar til VIII. kafla frv. meiri hl. og V. kafla frv. minni hl. 82. gr. frv. meiri hl. og 46. gr. frv. minni hl., sem að mestu leyti eru samhljóða er þó slept hjer, af því að óþarft er að hafa hana, því að efni hennar felst í 82. gr. 1. lið, sbr. 48. gr. frv. þessa. Ákvæði um það, að menn meggi vinna af sjer kostnað mun varla þurfa sjerstaklega hjer fremur en um tilsvarandi atriði í áveitukaflanum (48. gr. þessa frv., 50. gr. frv. meiri hl.). Má vænta, að því verði hagað sem hentugast er hverju sinni. Sbr. annars Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 73—74, minni hl. bls. 39—40.

#### Um 78. gr.

Er að efni til samhljóða 79. gr. frv. meiri hl. og 43. gr. frv. minni hl. Bætt er þó við fyrirmælinu um framhald skurðanna eftir frv. norsku fossanefndarinnar. Sbr. Nefndarálit minni hl. bls. 39.

#### Um 79. gr.

Samhljóða að efni til frv. meiri hl. 80. gr. og frv. minni hl. 44. gr. Orðabreytingar eru að eins til skýringar. Sbr. Nefndarálit minni hl. bls. 39—40.

#### Um 80. gr.

Samhljóða að efni til 81. gr. frv. meiri hl. og 45. gr. frv. minni hl., að því undanskildu, að felt er niður ákvæðið um heimild aðilja til að velja á milli

bóta eitt skifti fyrir öll eða árgjalds, því að almenn regla er um þetta í 138. gr. (136. gr. 1. lið stafl. b. í frv. meiri hl.), sem hjer mun duga. Sbr. Nefndarálit minni hl. bls. 40.

#### Um 81. gr.

Samhljóða að efni til 83. gr. frv. meiri hl. og 47. gr. frv. minni hl. með þeirri viðbót, að vísað er til 72. gr., því að rjett þykir að taka það berum orðum fram, að lögnámsleyfi sje sömu skilyrðum bundið, sem þar segir. Sbr. annars Nefndarálit minni hl. bls. 40.

#### Um 82. gr.

Er að breyttu breytanda samhljóða 84. gr. frv. meiri hl. Líks efnis er 48. gr. frv. minni hl., eftir því, sem hún er skýrð í Nefndaráliti hans bls. 40. En eftir orðalagi sínu getur sú grein einnig átt við sameignarland, eins og 46. gr. þess frv.

#### Um IX. kafla.

Kaflí þessi svarar til IX. kafla frv. meiri hl. og 57., og 58. og að nokkru til 50. gr. frv. minni hl., sem eru í enda kafla þess frv. um holræsi. 83. gr. tekur að eins til iðjuvera allskonar, og er fyrst og fremst ástæða til að setja lagafyrirmæli um meðferð þeirra á vatni frá sjer. En auk þess virðist vel fallið að hafa annað alment ákvæði um óhreinkun vatna, af því að það vantar í löggjöfina. Reyndar má við heilbrigðissamþyktir hlíta, þar sem þær hafa verið settar, en víða eru engar heilbrigðissamþyktir enn þá til, þótt heimild sje til að setja þær í lögum nr. 64, 10. nóv. 1905. Enn fremur ná heilbrigðissamþyktir ekki til, ef önnur sveit óhreinkar vatn fyrir annari. Kemur þá bæði 84. og 85. gr. til álíta. Annars vísast til Nefndarálits meiri hl. A. I, bls. 74, minni hl. bls. 41, 42.

#### Um 83. gr.

1. liður fyrri setning er að efni til sem 1. liður 85. gr. frv. meiri hl. og 58. gr. frv. minni hl. í upphafi. Síðari setningin svarar til síðari setningar 57. gr. frv. minni hl.

2. liður svarar til 2. liðs 83. gr. frv. meiri hl. og að nokkru til síðari málsgr. 58. gr. frv. minni hl. Orðabreytingar eru að mestu einungis í samræmi við 3. lið greinar þessarar. Þó er fyrirmælið um bætur í stafl. c. töluvert rýmra en í frv. meiri hl. Geta spjöllin vel verið á fleiru en landi, t. d. á vatni til annarar iðju eða iðnaðar.

3. liður geymir alment fyrirmæli um mat bóta, sem á við öll tilvikin. Þykir betur fara á því.

4. liður svarar til 3. liðs 83. gr. frv. meiri hl. og að nokkru til 58. gr. frv. minni hl. Það virðist öruggara að hafa leyfi ekki óafturtækt neinn tiltekinn tíma, og er hjer að því leyti fylgt frv. minni hl.

5. liður svarar til 2. málsgr, 58. gr. frv. minni hl. Þykir rjett að taka það fram berum orðum, að nýtt leyfi þurfi, ef breytingar verða til hins verra á fráfærslunni.

Um 84. gr.

Svarar til 56. gr. frv. minni hl. Annars visast til aths. við þenna kafla.

Um 85. gr.

Svarar til 86. gr. frv. meiri hl. og að nokkru til 59. gr. frv. minni hl. Hjer er þó almennara orðað en í greinum frv. fossanefndar, því að vel getur verið þörf á að taka í taumana, þó að óhreinkun verði ekki talin heilsuspillandi, t. d. ef vatni til iðju eða iðnaðar er spilt. Ef alt er í sömu sveit, má gera við þessu með heilbrigðissamþykkt — að minsta kosti venjulega — en ella þarf aðra heimild, og hún felst í þessari grein. Þar sem engin heilbrigðisnefnd er — en það mun allviða vera — virðist rjett, að bera málið undir hreppsnefnd. Því er sú viðbót sett hjer.

Um X. kafla.

Efnisskipun er hjer sú sama sem í X. kafla frv. meiri hl. og lýst er í aths. við III. kafla. Minni hl. hagar hér (í VI. kafla frv. síns) niðurröðun efnis og fyrirmælum alveg eins og í III. kafla síns frv. (um neysluvatnsveitur). Sbr. annars Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 74, minni hl. bls. 41.

Um 86. gr.

Er samhljóða 87. gr. frv. meiri hl. og 49. gr. frv. minni hl. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 74, minni hl. 41.

Um 87. gr.

1. liður er sem 1. liður 88. gr. frv. meiri hl. og svarar til 50. gr. 1. málsgr. frv. minni hl. Hjer er nokkur munur á frv. meiri hl. og minni hl. um ákvörðun holræsagjalds. Allskostar rjettláta reglu er varla unt að finna. Hentast virðist að fara þá leið, sem meiri hl. valdi, að heimila ráðherra, sem reglugerðir staðfestir, og bæjarstjórn, er semur þær, að haga þessu nokkuð eftir því sem þeim þykir hentast og sanngjarnast. — 2. og 3. lið vantar í frv. minni hl., en sjálfsagt virðist að halda þeim, eins og þeir eru í frv. meiri hl. — 4. liður 1. setning er samhljóða 4. lið 1. setningar í 88. gr. frv. meiri hl. og 2. málsgr. 50. gr. frv. meiri hl. 2. setningu (um lögveðrjett og forgöngurjett) vantar í frv. minni hl., en sjálfsagt virðist að halda þeim fyrirmælum. Ekki er ætlast til þess, að holræsi verði nokkurn tíma skattstofn, enda útilokar orðalagið það, sbr. orðin: »til að standa straum af holræsakostnaði«. Virðist óþarft að setja mönnum aðrar skorður um álagning gjaldsins. Sbr. annars Nefndarálit meiri hlutans A. I, bls. 74, minni hl. bls. 41.

Um 88. gr.

Er samhljóða 89. gr. frv. meiri hl. og (1. og 2. liður) 50. gr. og (3. liður) 51. gr. 3. málsgr. frv. minni hl. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 74—75, minni hl. bls. 41.

Um 89. og 90. gr.

89. gr. er samhljóða 90. gr. frv. meiri hl., en til hennar svarar 52. gr. frv. minni hl., en ákvæði frv. meiri hl. eru fyllri en frv. minni hl., 90. gr. er samhljóða 91. gr. frv. meiri hl. og 53. gr. frv. minni hl. Sbr. Nefndarálit meiri hl. bls. 75, minni hl. bls. 41.

Um 91. gr.

1. liður er sem 1. liður 92. gr. frv. meiri hl., en nálega samhljóða honum er 54. gr. 1. málsgr. frv. minni hl. — 2. liður svarar til 2. málsgr. 54. gr. frv. minni hl., en vantar í frv. meiri hl. Svarar hann alveg til 28. gr. 3. liðs um neysluvatnsveitur. 2. liður 92. gr. frv. meiri hl. virðist óþarfur, því að efni hans felst í tilvísun 4. liðs til þar nefndra greina frv. þessa. — 3. og 4. liður svara til 3. og 4. liðs 92. gr. frv. meiri hl. og 3. og 4. málsgr. 54. gr. frv. minni hl. Ákvæði frvgr. meiri hl. um vatnastjórn er auðvitað slept. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I bls. 75, minni hl. bls. 41—42.

Um 92. gr.

Hjer er fylgt efnisskipun frv. meiri hl. (93. gr., sbr. 94. gr.), eins og í kaflanum um neysluvatnsveitur (III. kafla). Svarar þessi grein til 93. frv. meiri hl. Minni hl. hefir ákvæði í 55. gr. í upphafi, er að nokkru svarar hjer til. En þau eru mjög stutt og segja annars ekkert um það, hvaða skipun skuli hafa á fjelagsskap um holræsi. Hjer og í XI. kafla eru reglur um þau efni. Grein þessi svarar til 29. gr. þessa frv.

Um 93. gr.

Er sams efnis sem 94. gr. frv. meiri hl. Sbr. frv. minni hl. 55. gr. í upphafi. Þessi grein svarar til 30. gr. frv. þessa.

Um 94. gr.

Er samhljóða 95. gr. frv. meiri hl. Sams efnis sem 1. liður er að nokkru leyti 1. málsgr. 55. gr. frv. minni hl. Grein þessi, 1. liður, svarar til 34. gr. frv. þessa. Sbr. Nefndarálit meiri hl. bls. 75.

Um 95. gr.

Er samhljóða 96. gr. frv. meiri hl., að breyttu breytanda. Í frv. minni hl. er ekkert slíkt fyriræli. Sbr. Nefndarálit meiri hl. bls. 75.

Um 96. gr.

Er sams efnis sem 97. gr. frv. meiri hl. Rjett þykir að bæta í greinina ákvæði um sömu skilyrði fyrir lögnámi hjer sem eftir 72. gr. frv. þessa. Ákvæði sams efnis sem 1. liður greinar þessarar er í 2. málsgr. 55. gr. frv. minni hl. og sams efnis sem 2. liður er 56. gr. sama frv. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 75, minni hl. bls. 42.

Um 97. gr.

Er sams efnis sem 98. gr. frv. meiri hl. Vantar í frv. minni hl. Sbr. Nefndarálit meiri hl. bls. 75.

Um 98. gr.

Er samhljóða, að breyttu breytanda, 99. gr. frv. meiri hl. Samsvarandi ákvæði hefir 59. gr. frv. minni hl. Þar er þó skotið inn fyrir mælum um óhreinkun vatns, (sbr. 85. gr.), og auk þess taka ákvæði frv. minni hl. um holræsi að engu til eldri holræsa. En af ástæðum þeim, sem í Nefndaráliti meiri hl. greinir, virðist rjett, að hjer greind fyrir mæli nái einnig til eldri holræsa.

Um XI. kafla.

Fjelög um verkefni þau, sem í þessum kafla greinir, tíðkast allmikið í öðrum löndum, og auk þess um fleiri verkefni, svo sem fleytingu og umferð um vötn. Eru og sumstaðar í lögum rækileg almenn ákvæði um slík fjelög, svo sem í vatnalögum ýmissa þýskra ríkja. Þess konar fjelagsskapur getur væntanlega einnig orðið tíður hjer á landi, að undanteknum fleytifjelögum og umferðar, sem tæplega mun þurfa að gera ráð fyrir hjer. Áveitufjelög eru hjer þegar fyrir, og má búast við, að þeim fjölgi með tímanum. Það getur varla orkað tvímælis, að hallkvæmt sje að hafa sameiginlegar reglur um fjelög þessi á einum stað, eftir því sem kostur er á. En auðvitað er það, að hver fjelagstegund hefir nokkur sjer-einkenni, og verður því að gæta sjerreglna laganna um hverja þeirra fyrir sig í hverjum einstökum kafla. Þessi kafla er einnig XI. kafla í frv. meiri hl., en er ekki í frv. minni hl., nema að í IV. kafla þess eru nokkur fyrir mæli um áveitufjelög (32.—36. gr.). Í eftirfarandi aths. við þenna kafla er því altaf átt við frv. meiri hl. Sbr. Nefndarálit meiri hl., bls. 76—78.

Um 99. gr.

Er samhljóða 100. gr., að breyttu breytanda.

Um 100. gr.

1. liður er sams efnis sem 1. liður 101. gr., en ofurlítið fyllri. Af því að vatnastjórn verður ekki eftir þessu frv. með sama skipulagi sem eftir frv. meiri hl., hefir 2. lið þess verið slept, nema að því leyti sem ráð er fyrir því gert, að menn geti fengið upplýsingar hjá vatnamálastjóra, og vísað til 154 gr. 1. lið C.

Um 101. gr.

102. gr. Í 2. lið er þó gerð litilsháttar breyting um það, að geyma megi að afráða um fjelagsstofnun, ef þörf þykir rækilegri undirbúnings. Virðist sú breyting sjálfsögð.

Um 102. gr.

103. gr. Virðist ekki þurfa skýringar.



Um 103. gr.

104. gr. Orðabreyting í niðurlagi til skýringar.

Um 104. gr.

105. gr. 1. og 4. lið breytt vegna vatnastjórnar. 3. liður felður nýður af sömu ástæðu.

Um 105. gr.

106. gr. Þarf ekki að skýra.

Um 106. gr.

107. gr. Breytingar vegna vatnastjórnar og ofurlítið til styttingar. Sbr. annars Nefndarálit meiri hl., bls. 77.

Um 107. gr.

108. gr. Þarf ekki að skýra.

Um 108. gr.

109. gr. Sbr. Nefndarálit meiri hl. bls. 77. Fjárnám til lúkningar sektum er í samræmi við tilskipun 25. júní 1869, 2. gr., og önnur ákvæði þessa frv. um sektir.

Um 109. gr.

110. gr. Breyting vegna vatnastjórnar. Ráðherra hlýtur væntanlega að fela öðrum eftirlítið, og þá eflaust vatnamálastjóra, ef hann verður skipaður. Nefndarálit meiri hl. s. st.

Um 110. gr.

111. gr. Ráðherra kemur í stað vatnastjórnar. Sbr. annars Nefndarálit meiri hl. s. st.

Um 111. gr.

112. gr. Ráðherra kemur í stað vatnastjórnar. Nefndarálit meiri hl. s. st.

Um 112. gr.

113. gr. Ráðherra kemur í stað vatnastjórnar.

Um 113. gr.

114. gr. Í stað vatnastjórnar er stungið upp á því, að fela megi sjerstakri nefnd (skiftanefnd) að fara með bú fjelagsins, og annast skiftin. Tíðkast þessi skipun, þegar hlutafjelögum er slitið, og hefir reynst heppileg. Fjelagsmönnum er í sjálfs vald sett, hverja af þremur leiðum þeir óska að fara: Að fela fjelagsstjórn sinni að annast skifti, að láta skiftanefnd gera það, eða að afhenda búið skiftaráðanda. Sú breyting er og gerð, að einnig skuli tilkynna ákvörðun um fjelagsslit, og hver eða hverir skifti annist. Getur stundum staðið nokkuð lengi á skiftum, og er því heppilegra að menn geti átt aðgang að upplýsingum um það,

hver fari með mál fjelags þann tíma. Verkefni skiftanefndar hlýtur að verða nokkuð líkt og verkefni samsvarandi nefndar, er annast skifti hlutafjelaga.

Um 114. gr.

115. gr. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 78.

Um XII. kafla.

Þótt fátt sje hjer skipgengra vatna, þykir rjett að hafa fyrirmæli um umferð um vötn og fleytingu í sambandi þar við, enda þótt ekki þurfi heldur að búast við því, að mikið kveði að henni. Bæði frv. fossanefndar, hafa ákvæði um þessi efni, frv. meiri hl. í XII. kafla og frv. minni hl. í IX. kafla. En nokkur munur er á fyrirmælum frumvarpanna. Sjerstaklega skal þess getið, að í 86. gr. frv. minni hl. er fyrirmæli um heimild handa ráðherra til að leggja gjald á báta þá eða skip, sem fara um vötn, er gerð hafa verið umferðarhæf. Þessi heimild virðist mega standa, þótt líklega hafi hún ekki mikla þýðingu, því að ólíklegt er að fyrst um sinn verði lagt út í það að gera hér vötn skipgeng. Það er gert ráð fyrir því, að gjald verði sanngjarnt og látið ganga til þeirra, sem kosta ráðstafanir þær, sem gerðar hafa verið til fyrirgreiðslu umferðar. Slíkt gjald sem þetta er all-algengt annarstaðar, eins og kunnugt er. Sbr. annars aths. við kafla þenna Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 78, minni hl. bls. 48.

Um 115. gr.

Hún svarar til 116. gr. frv. meiri hl. og 84. gr. frv. minni hl. Auk breytingar á 116. gr. meiri hl.-frv. vegna vatnastjórnar er orðalagi hennar nokkuð breytt. Heimildin til að banna umferð um vötn tekur eftir orðunum tæplega til annara vatna en þeirra, sem skipgeng kynnu að verða gerð hjer eftir, en heimildin virðist eiga að taka til þeirra allra, og gerir það tvímælalaust eins og ákvæðið er nú orðað. Sbr. Nefndarálit meiri hl. bls. 78.

Um 116. gr.

Samhljóða 117. gr. frv. meiri hl. Til 1. og 2. liðs svarar ekkert ákvæði í frv. minni hl., en 3. liður svarar til 85. gr. þess. Sbr. annars Nefndarálit tilv. st.

Um 117. gr.

Samhljóða að efni til 118. gr. frv. meiri hl., en til hennar svarar 87. gr. frv. minni hl. En ákvæðin eru fyllri í frv. meiri hl. Orðinu »tiltalsverður« er slept, því að það virðist óþarft. Í orðinu ógætni felst nægilegt. Sbr. annars aths. við greinina í Nefndaráliti meiri hl. tilv. st.

Um 118. gr.

Er að eins í frv. meiri hl., 119. gr. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A, I. bls. 78—79.

Um 119. gr.

Er 120. gr. í frv. meiri hl. Vantar í frv. minni hl. Sbr. Nefndarálit meiri hl. tilv. st.

Um 120. gr.

Samhljóða að efni til 86. gr. frv. minni hl. Annars vísast til athugas. um þenna kafla. Það raskar minst efnisskipun og tilvísunum í aðrar greinir, að skjóta greininni hjer inn í niðurlag þessa kafla.

Um XIII. kafla.

Aðalákvæði gildandi laga um veiði í vötnum og ám eru í Jónsbók Lands-  
leigub. 56, í lögum nr. 5, 19. febr. 1886, um friðun á laxi og í lögum nr. 9, 9.  
febr. 1900, um brot á veiðirjetti í ám og vötnum. Í fornöld voru þegar tiltölulega  
rækileg fyrirmæli um veiði, bæði á landi og í legi (sbr. einkum Grág. Ib 122—123,  
II 506—507, 509—510, sbr. og um almenninga Grág. Ib 186, II 537). Í Jónsbók  
eru fyrirmæli Grágásar um veiði, þau, er nefnd voru, tekin óbreytt að öllu veru-  
legu í Landslb. 56—59. En þar af eru aðalfyrirmælin um veiði í vötnum í Jónsb.  
Llb. 56 og um veiði í almenningum í Llb. 59. Tilsk. 20. júní 1849 haggar lítt eða  
ekki við lögum Jónsbókar um veiði í vötnum og ám, því að hún á eingöngu eða að  
minsta kosti aðallega við veiði á landi og í netlögum, sbr. 21. gr. tilsk. 1849. Með  
lögum nr. 11, 11. maí 1876, er viðauki settur Llb. Jónsbókar 56. Síðan eru lög nr.  
11, 1876 afnumin með lögum nr. 5, 19. febr. 1886, um friðun á laxi, sem taka  
þó upp efni laga 1876, með nokkrum breytingum og viðaukum. Jafnframt eru  
fyrirmæli Jónsb. Llb. 56 um veiðar í vötnum og ám afnumin með öllu í 10. gr.  
laga 1886. Þetta virðist þó hafa verið rangt, því að lög 1886 taka eftir fyrirsögn  
sinni og efni einungis til *laxveiði* og selveiði að nokkru leyti, sjá 4. gr. Um *sil-  
ungsveiði* í vötnum og ám eru engin fyrirmæli í lögum 1886. Og jafnvel um lax-  
veiði virðist ekki hafa verið rjett að afnema Jb. Llb. 56 að öllu leyti, því að  
frumreglur hans um veiðirjett landeiganda taka einnig til laxveiði. Um aðra veiði  
en laxveiði — og að nokkru um hana enn þá samkvæmt framansögðu — eru  
því fyrirmæli Jb. Llb. 56 enn þá höfudákvæðin ásamt refsifyrirmælum laga nr.  
9, 1900. Reyndar má gera samþyktir um friðun silungs og veiðiaðferðir eftir  
lögum nr. 55, 30. júlí 1909, og um ófriðun sels og eyðing úr veiðiám samkvæmt  
lögum nr. 24, 22. okt. 1912, en samþyktir þessar mega hvorki brjóta bág við  
rjettindi einstaklinga nje almennar grundvallarreglur löggjafarinnar, og verður því  
jafnan enn að hafa hugfastar meginreglur Jb. Llb. 56 um veiði, þegar setja skal  
slíkar samþyktir.

Laxveiðilögin nr. 5, 1886 og lög nr. 55, 1909 og nr. 24, 1912 eru sjerlög  
um veiði, geyma fyrirmæli um nánari framkvæmd almennra reglna löggjafar-  
innar um veiði í ám og vötnum. Þessar framkvæmdir fara mjög eftir stund og  
stað. Samþyktir verða að vera mismunandi, því að ekki hagar eins til alstaðar,  
og þeim er auðbreytt eftir því sem reynslan heimtar. Það er því ekki hentugt  
að taka efni þessara laga hjer og óþarf, nema að því leyti sem þau geyma regl-

ur samhljóða almennum reglum um veiði í vötnum og ám, eins og lagsveiðilög-  
in gera reyndar að mörgu leyti.

Hjer verða því tekin *almennu ákvæðin um veiði í vötnum og ám* og al-  
menn fyrirmæli um löghelgi þessara rjettinda (fyrirmæli um refsing fyrir brot á  
veiðirjetti, bætur og málsmeðferð o. s. frv.). Aðalheimildin verður því Jónsb. Llb.  
56 og lög nr. 9, 1900, en laxveiðilögin og tilsk. 20. júní 1849 einnig höfð til  
hliðsjónar. Um einstakar greinir vísast til athugasemda við þær.

#### Um 121. gr.

1. liður er samkvæmur þeirri reglu, sem hjer á landl hefir gilt frá alda  
öðli (Grág. I. b. 122—123, II. 506, 509, Jónsb. Llb. 56). Um veiði á landi og í  
hafi fyrir landi var og reglan hin sama (Grág. I. b. 125, 133, II. 515, 533, III.  
407, Jb. Llb. 57 sbr. 58, 61 = Rekab. 2, tilsk. 20. júní 1849 1. og 3. gr.).

Í tilsk. 1849, 4. gr. er landeiganda bannað að »skilja að veiðirjettinn og lóð-  
ina«. Það er vafasamt hvort þetta nær til veiði í ám og vötnum sakir ákvæðis-  
ins í tilsk. 1849, 21. gr. Og víst er um það, að menn hafa unnvörpum selt frá  
jörðum eða leigt veiðirjett í vötnum og ám síðan 1849, og þá auðvitað aðallega  
*laxveiðina* — dýrmætasta veiðirjettinn, er þeir ráða yfir. Það mun síst minni á-  
stæða til að banna að skilja veiðirjett í vötnum og ám en veiði á landi við land-  
areignina. Hins vegar mundi líklega þykja fullhart að leggja algert bann við þess-  
konar ráðstöfun. Því er farinn nokkur millivegur í frv. þessu, og leyft að láta  
veiðirjett af hendi um alt að 10 ára bil og ekki lengur, nema leyfi ráðherra komi  
til. Þegar 10 ára leiga hefir staðið, þarf leyfi til að framlengja samninginn eða stofna  
nýjan leigumála. Er lík skipun höfð í þessu efni sumstaðar, t. d. í Danmörk,  
samkvæmt veiðilögum 8. maí 1894. Enn fremur má vera, að landareign sje hag-  
ur að því að láta af hendi veiðirjett, með því að hún fái önnur gæði, sem hana  
vanhagar um, t. d. slægjur, beit o. s. frv., og er sjeð fyrir því í frv. þessu.

#### Um 122. gr.

Fyrirmæli 1. liðs greinar þessarar leiðir af frumreglunni í 1. lið 121. gr.,  
en það hefir þó þótt glöggvara að hafa reglu um sameignarland og eins, ef menn  
eiga veiðirjett í vatni í fjelagi, svo sem gert er í tilsk. 20. júní 1849 1. gr. 2.  
málsgr. Skifti á veiði milli aðilja eru og heimiluð, eins og gert er í Jónsb. Llb.  
56, og fyrr var eftir Grágás. Og um timann, er skifti skuli haldast, er svipað á-  
kvæði í Jónsbók. Nýtt mun það, að skifti miðist við eignarhluta en virðist þó  
nokkuð sjálfsagt. Maður, sem t. d. notaði 1 hndr. af 20 hndr. jörð, virðist ekki  
eiga jafnt veiðitilkall og hinn, er notar hin 19 hndr., ef veiði er skift. Vitanlega  
fara skifti ekki fram, nema annar sýni, að hann sje vanhaldinn.

2. liður er í samræmi við 2. málsgr. 1. gr. tilsk. 1849, og er í raun rjettri  
skýring eða nánari framkvæmd á 1. lið 121. gr. Ástæða getur og verið hjer til  
að skifta veiði, og er það því heimilað,

#### Um 123. gr.

Hjer er gert ráð fyrir því, að afrjettir og almenningar geti verið eign ein-  
stakra manna eða hjeraða, en auðvitað þarf að rannsaka það atriði hverju sinni,  
og ef til vill að leita dómsúrlausnar um það. Þegar einstakir menn eða hjeruð  
eiga afrjett eða almenning, þá er það samkvæmt meginreglu 1. liðs 121. gr., að

þeir eigi og veiði, sbr. og tilsk. 20. júní 1849, 2. gr.: »afþjettir, er fleiri menn eiga«.

2. liður svarar til Jónsb. Llb. 59: Fiskivötn öll í almenningum eru öllum jafnheimil, og tilsk. 1849, 2. gr. Ef einhver, einstakur maður, hjerað eða rikið, sannar löglega einstaklingsrjettarheimild (privatreilig Adkomst) að afþjetti o. s. frv., t. d. hefð, kaup o. s. frv., þá er sýnt, að hann á og veiðirjett. Heimild ríkis, sem einungis er fólgin í almennum yfirráðarjetti þess yfir landi, útilokar þar á móti ekki almenning frá veiðum í því landi.

#### Um 124. gr.

Hjer kemur sjerstakt fyrirmæli um merkivötn, og er það í samræmi við forn lög og fornar venjur, einnig reglan um veiðiskifti og ádráttarveiði (sbr. Jónsb. Llb. 56, Grág. I. b. 122, II. 509). Sjá og um ádráttarveiði laxveiðilög nr. 5, 1886, 3. gr. Ný, en einsæ, er reglan um bætur fyrir landspell, sem vel eru hugsanleg, t. d. ef slægjuland er troðið.

#### Um 125. gr.

Er í samræmi við gömul lög um verkanir breytinga á botni vatna, þá að vatnsnytjar fylgja farvegi og vatnslegi, sbr. Grág. II. 510, er sjerstaklega segir, að landeigandi eigi veiði, og Jónsb. Llb. 56.

#### Um 126. gr.

Hvorki í fornum lögum nje nýjum er nokkur regla um það, hversu langt landeigandi eigi út í botn stöðuvatna. Ef vatn er merkivatn, og alstaðar mjórra en 230 metrar, fer um það sem merkivötn eftir 124. gr. En ef vatn er annaðhvort ekki merkivatn eða breiðara en sagt var, þá er ekki lögmælt um rjettindi landeiganda. Af fyrirmælum 121. gr., 1. liðs, leiðir ákvæði 1. liðs þessarar greinar um veiðirjettinn í netlögum. Netlög í sjó eftir gildandi lögum eru hjer tekin til fyrirmyndar um vötn, eins og landbúnaðarnefndin frá 1870 og gerði, sjá 10.—13. gr. frv. meiri hl. þeirrar nefndar. Vera kynni, að forn venja heimili eigendum að landi við vatn einum veiði í því, og er þá sleginn varnagli í grein þessari að því leyti. Sbr. og samþykkt um silungsveiði í Þingvallavatni 29. ág. 1911, 1. gr., sem traudla mun þó bindandi um veiðirjett landeiganda eins, hvar sem er í því vatni. Auðsætt er, að landeigendur þurfa engum landspellum að hlita, ekki einu sinni gegn fullu endurgjaldi, af veiðinotum annara manna, nje að báti eða veiðigögnum sje lagt á land þeirra, bryggja sje höfð þar, uppsátur o. s. frv. Veiði annara en landeiganda verður því varla tíðkuð að ráði, nema ef vera skyldi helst um ís. Sbr. annars aths. við 4. gr. frv. þessa.

#### Um 127. gr.

Fyrirmæli um bann við þvergirðingu veiðivatna — þar með auðvitað stöðuvatna — er æfagömul hjer á landi (Grág. I. b. 123, II. 510, Jónsb. Llb. 56: »Ganga skal guðs gjöf frá fjalli til fjöru, ef gengið vill hafa«), enda eru þau tekin í laxveiðilög 1886, 2. gr. Eru ákvæði þessarar greinar í samræmi við gömul lög og laxveiðilögin, sbr. og 27. gr. frv. meiri hl. landbúnaðarnefndar 1870. Hjer er sú regla laxveiðilaganna gerð almenn, að girða megi því að eins út í mitt vatn,

að hinn helmingurinn sje ekki grynri. Ef svo væri ekki, mætti svo fara, að eigi gengi fiskur upp í vatnið vegna grynninga, ofar en girt er.

#### Um 128. gr.

Er gömul regla í lögum vorum, sjá Grág. I. b. 122—123, II. 510, og einnig tekin í Jónsb. Llb. 56. Hjer er ekki átt við varanlega leigu eða afsal veiðirjettar — það er ekki heimilt frammar en 2. liður 121. gr. segir — heldur eru hjer sættar takmarkanir vegna fjelagsskaparins um veiðina gegn því, að sumir lofi öðrum að veiða með sjer eða í stað sinn, og er regla þessi mjög í samræmi við aðrar reglur laga vorra um sameign. Veiðiskifti í afrijetti milli hjeraða og yfir höfuð engin skifti, nema þar sem ákveðnum manni væri úthlutuð sín veiðheimild, gætu ekki heimilað manni að lofa öðrum að veiða í fjelagsvatni. Skilyrðið er, að veiði sje skift til handa einum ákveðnum manni.

#### Um 129. gr.

1. liður mun nýmæli í gildandi löggjöf um veiði í vötnum og ám. Þar á móti er alveg samskonar regla í tilsk. 20. júní 1849, 12. gr. Í Grág. I. b. 123, II. 510, var og sjálfstaka heimiluð í þeim tilfellum, sem hjer getur. Eftir Jónsbók Llb. 56, þurfti fyrst að gera þeim, sem ólöglega setti veiðivjelar, fimtarstefnu, en ef hann færði þá ekki í samt lag, þá máttu þeir, er gengið var á rjett þeirra, taka net upp, brjóta stíflur o. s. frv. Í laxveiðilögum 1886, 8. gr., 1. málsg. segir, að fógeti skuli tafarlaust taka upp ólöglega sett veiðarfæri o. s. frv. En auðvitað hlýtur lögverndin mjög oft að verða ljeleg, því að til fógeta næst venjulega ekki þegar í stað. Í það gengur, eins og til hagar hjer á landi, venjulega nokkur tími. Á meðan á því stendur, verður aðili að þola það, að veiði hans sje ef til vill með öllu spilt, ef til vill dögum saman um besta veiðitímann. Hættan á því, að sjálfstökuheimildin verði hér misbrúkuð frammar en annarsstaðar, þar sem óþjákvæmilegt er að heimila sjálfstöku, er alment ekki heldur meiri hjer. Það getur altaf borið við, að mönnum missýnist, en verknaðurinn er á þeirra ábyrgð, og getur því bakað skaðabótaskyldu, og eftir atvikum refsíábyrgð.

2. liður er að efni til samhljóða í aðalatriðum 8. gr. laga nr. 5, 1886, refsíákvæðunum — veiðigögn þó ekki gerð upptæk hjer, fremur en í tilsk. 20. júní 1849, 12. gr. — og lögum nr. 9, 9. febr. 1900. Sektahámark er fært upp, en síst meira en nemi verðlækkun peninga. Ný er og reglan um það, hvenær brot skuli talið full-framið. Það virðist einsætt að refsa sem fyrir full-framið brot, þótt ekkert hafi veiðst í ólöglega sett veiðitæki, enda væri næsta mikið ósamræmi í því, að refsa þeim manni fyrir full-framið veiðibrot, er hittist við veiðivatn annars manns, áður en net er lagt, en sleppa hinum ef til vill alveg, sem þegar hefði lagt net, en ekkert fiskað enn þá.

3. liður svarar til laga nr. 9, 1900, 1. gr., 2. málsliðs.

#### Um 130. gr.

1. liður er að efni til samhljóða 2. gr. laga nr. 9, 1900.

2. liður einnig, nema frestur er settur til málshöfðunar. Auðvitað á maður óskertan rjett til að koma fram skaðabótakröfu sinni, þótt hann láti ónotaða heimild sína til að höfða refsímál fyrir veiðibrotið.

Fyrningar-reglan í 3. lið er ekki í lögum nú, en hún er í samræmi við

67. og 68. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869. Þótt mál út af veiðibrotum sæli meðferð einkalögreglumála, eins og tíðkast hefir um skeið, er engin ástæða til að láta öðruvísi fara um fyrning refsingar, en eftir alm. hegningarlögum.

#### Um XIV. kafla.

Hjer er safnað almennum fyrirmælum um vatnsvirki og vatnaverki, eins og gert er í XIII. kafla frv. meiri hl. og X. kafla frv. minni hl. Þessi ákvæði eiga við vatnsvirki og vatnaverki yfir höfuð, og fylla því ákvæði einstakra kafla. Auðvitað er það þó, að sjerákvæði þeirra um einstakar tegundir vatnsvirkja, t. d. um vatnsmiðlun, gilda um þau vatnsvirki, ein ef þau eru tæmandi, en annars svo langt sem þau ná, en síðan taka fyrirmæli þessa kafla við. Sbr. annars Nefndarálit minni hl. bls. 49--50.

#### Um 131. gr.

Hjer er fyrst sett alment fyrirmæli um gerð vatnsvirkja og um framkvæmd verka í vatni annars, því að slíkt fyrirmæli virðist eftir efni sínu eiga að koma fyrst í röðinni. Grein þessi svarar til 124. gr. frv. meiri hl. og 88. gr. frv. minni hl. 2. lið vantar þó í síðastnefnda grein minni hl. frv. Frvgr. meiri hl. 1. liður er og nokkru fyllri en samsvarandi ákvæði í þessari frvgr. minni hl., en þó sýnist rjett að bæta við mannvirkjum til að geyma vatn, t. d. vatnsgeymum til geymslu neysluvatns, og mannvirkjum til að veita vatni, t. d. neysluvatnsæðar. Önnur verk í vatni en eiginleg mannvirki eða vatnsvirki eru ýmiskonar, t. d. umrótun á farvegi (sandtaka og malar) eða bökkum, án þess að verið sje að koma upp vatnsvirki o. s. frv., og er einsætt, að þau verk skal einnig vinna svo, að sem minst tjón eða hætta stafi af.

#### Um 132. gr.

1. liður svarar til 125. gr. 1. liðs frv. meiri hl. og 97. gr. 1. málsg. frv. minni hl., og 2. liður til frv. meiri hl. 126. gr. Virðist ekki þurfa að skýra. Sbr. Nefndarálit minni hl. bls. 52.

#### Um 133. gr.

Sá, sem stofnar til vatnsvirkis eftir frv. þessu, skal alloft fá leyfi eða samþykki ráðherra, eins og eftir frv. fossanefndar, svo sem til orkuversgerðar og vatnsmiðlunar. En hætta getur stafað af vatnsvirkjum og vatnaverki, þótt þau standi ekki í sambandi við orkunýtingu eða vatnsmiðlun, t. d. stórfeld áveitufyrirtæki, landþurkun o. s. frv. Svo geta slíkir fyrirtæki einnig spilt veiði, umferð eða landi annara manna o. s. frv. Hætta getur og stafað af ofaniburði í vatni, dýpkun farvegar eða rjettingu o. s. frv. Þess vegna virðist eiga að setja almenn fyrirmæli um það, hvaða fyrirtæki skuli tilkynna og fá leyfi ráðherra til að framkvæma.

1. liður svarar til 89. gr. frv. minni hl. Í frv. meiri hl. er ekki alment ákvæði um þetta, en í einstökum greinum eru takmarkanir, sem í sömu átt ganga (orkunýting, vatnsmiðlun, fleyting, umferð). Sú er reglan eftir þessum lið, að

frjálst er að vinna verkið, ef sýnt (= auðsætt) er, að engin hættu eða óhagræði er öðrum af því búin, í hvaða skyni sem verkið er unnið, þar með er vitanlega ekki sagt, að frjálst sje að vinna það. Önnur fyrirmæli í lögnum eða ef til vill sjerleyfislögum geta bannað að vinna það, nema heimild stjórnvalda komi til. Mörg þeirra verka, sem unnin ern í vatni, eru vitanlega sýnilega með öllu saklaus og því leyfð samkvæmt þessari grein. Ef vafi leikur á því, má jafnan láta mat samkvæmt 134. gr. skera úr. Ef mat telur ekki þurfa leyfi, þá er manni vitalaust að láta vinna verkið. Ella skal æskja leyfis, ef verkið á alt að einu að vinna.

Stafi. a. svarar til stafl. a. og c. í 89. gr. frv. minni hl. Til orkuvinslu þarf þó ekki leyfi eftir þessari 133. grein, nema hættuskilyrðið sje fyrir hendi. Einstakur maður, sem virkjar vatn, þar sem hann á einn orkutilkall, þarf ekki leyfi eftir 49. gr. 1. lið, ef sjerleyfislög taka ekki til, og ekki heldur eftir þessari grein, ef hættuskilyrðið er ekki fyrir hendi. Vera má þó, að ástæða sje til að heimta tilkynningu um fyrirtækið, svo að stjórnarvöld geti fylgst með því, sem gert er, og er heimild til þess í 5. lið.

Stafl. b. og c. svara til frv. meiri hl. 121.—123. gr. að efni til og stafl. d. til stafl. d. í 89. gr. frv. minni hl. Það þykir traudla ástæða til að heimta sjerstaklega leyfi til vatnsveitu (b, í 89. gr. minni hl. frv.), nema þar sem orkuvinslureglur taka til eða vatnsmiðlunar. Svo er þess að gæta, að oft mun þurfa stíflu í farveg eða önnur vatnsvirki eða vatnaverk til að koma veitu í kring, og getur þá þurft leyfi til þeirra framkvæmda. Og að sjálfsögðu sæta vatnsveitur eftirliti samkvæmt 137. gr.

2. liður svarar til 123. gr. meiri hl. frv. að efni til og 91. gr. 1. málsg. og 92. gr. minni hl. frv. Reglan um það, hve nær leyfa megi framkvæmdir, þótt tjón eða hættu eða óhagræði stafi af þeim, er í samræmi við lögnámsákvæði frumvarpsins, sbr. einkum 40. og 72. gr. Ábyrgðarreglan hjer er auðvitað bundin því skilyrði, að löglega sje með farið. Annarskostar tekur skaðabótaregla 136. gr. 2. liðs til þess.

3. liður svarar til 92. gr. 1. málsg. 2. málsliðs minni hl. frv., en er nokkru rýmri.

4. liður svarar til 94. gr. minni hl. frv.

Um 134. gr.

Sams efnis sem 95. gr. minni hl. frv. 10 ára frestur er þó stytur í 5 ár, því að 10 ára frestur mun þykja nokkuð langur. En slíkt er vitanlega álitamál. Samsvarandi fyrirmæli er í 72. gr. meiri hl. frv. um miðlun og þessu frv. í 71. gr. Sbr. Nefndarálit minni hl. bls, 51.

Um 135. gr.

Þar sem leyfis þarf eða samþykkis, þar má ekki byrja verk, nema heimildin sje fengin. Sá, er það gerir, á að eiga það á hættu, að honum verði bannað framhald verksins eða það, sem unnið er, verði bætt eða ónýtt á hans kostnað. En auðvitað á ekki að beita þeim harðræðum, nema nauðsyn beri til, og eru skorður settar við óþarfri harðneskju í þessu efni. Skaðabótaregla 136. gr. og refsifyrirmæli 156. gr. eiga og alment að vera nægilegt aðhald að mönnum. Ákvæðið í upphafi greinar þessarar á vitanlega ekki við, ef matsnefnd samkvæmt



134. gr. hefir talið fyrirtækið þannig vaxið, að ekki þyrfti leyfis til þess. Ef leyfis þarf samkvæmt öðrum lagaákvæðum, t. d. um orkuvinslu, stoðar mat samkvæmt 134. gr. þó vitanlega ekki. Og að sjálfsgöðu má jafnan heimta endurbætur og yfir höfuð beita fyrirmælum þessarar greinar að öðru leyti, þótt mat eftir 134. gr. hafi lýst fyrirtækið hættulaust. Hin ákvæði greinarinnar eru að efni til svipuð 96. og 117. gr. minni hl. frv., nema nokkru fyllri.

#### Um 136. gr.

Hjer er skaðabótareglum safnað saman, að því leyti sem þær eru almennum reglum um skaðabætur frábrugðnar. Almenna reglan er sú hjer sem annarstaðar, að maður bætir tjón, sem hlýst af ásetningi eða gáleysi hans eða manna hans, og gildandi reglur um ábyrgð á tjóni, sem af mannvirkjum manns stafar, gilda og hjer, nema afbrigði sje í lögnum. Alment má telja það gáleysi, að byrja verk leyfistaust, ef leyfis þarf, hvort sem leyfis er krafist samkvæmt 133. gr. eða öðrum lagafyrirmælum. En tjónið þarf ekki að stafa af gáleysi *in concreto* fyrir það. En samt er lagt til, að menn bæti tjónið, því að þar með er mönnum fengin hvöt til þess að virða lagaákvæðin ekki að vettugi.

Um 2. lið, a.—c. er samsvarandi að segja sem talið var um 1. lið.

3. liður geymir ákvæði til varygðar til þess að fyrirgirða það, að farið verði í kringum ákvæði greinar þessarar með því að framselja fyrirtækið. Samsvarandi er að segja um 5. lið. Ákvæði hans er líka til varygðar (*ex tuto*).

Í 4. lið hefir þótt rjett að geta sjerstaklega um löglega niðurlagning vatnsvirkja, ef hún er annaðhvort leyfð eða ekki þurfti leyfi til hennar. Hér gilda þá almennar reglur um bætur, og er frá því sjónarmiði varla nauðsynlegt að hafa sjerstakt fyrirmæli um bætur. En niðurlagsákvæði liðsins veldur því, að áferðarfallegra er að láta liðinn byrja á ákvæði um bætur í þessu tilfelli. Það mun annars varla vera vafi um það, að virkiseigandi muni ekki þurfa að bæta hagnaðarmissi vegna niðurlagningar mannvirkis, þegar ekkert hefir verið fyrir þann hagnað greitt. Dæmi: Maður gerir áveituskurð um engi sitt, og sá skurður verður jafnframt varnargarður fyrir landi granna hans. Þótt hætt sje að halda skurðinum við, þarf ekki að bæta hinum, þótt honum verði varsla lands síns torveldari fyrir það. Þegar þar á móti er goldið fyrir, er öðru máli að gegna. Verður þá að bæta fyrir eftir mati eða öðrum ákvæðum. Í 97. gr. minni hl. frv. 2. málsg. er samsvarandi fyrirmæli og að nokkru í 125. gr. 2. lið í meiri hl. frv. Sjerstakrar reglu um sönnunarbyrði þarf varla, eins og í 96. gr. 2. málsg. minni hlutafrv., því að ákvæði þessarar greinar og 135. gr. virðast vera nægileg trygging fyrir því, að jafnan verði að lögum gert það, sem nauðsynlegt er eftir atvikum hverju sinni.

#### Um 137. gr.

Svarar að efni sínu til 114.—116. gr. minni hl. frv. Þessi fyrirmæli þykja best eiga hjer heima í almennum ákvæðum um vatnsvirki. Sbr. Nefndarálit minni hl. bls. 62.

#### Um 138. gr.

Er alment ákvæði og svarar til sjerreglunnar um miðlunarvirki í 68. gr. 3. lið frv. meiri hl. Samsvarandi fyrirmæli er í 93. gr. minni hl. frv. Sbr. Nefndarálit minni hl. bls. 51.

Um 139. gr.

Samhljóða 127. gr. meiri hl. frv. og 98. gr. minni hl. frv. Sbr. Nefndarálit minni hl. bls. 52.

Um XV. kafla.

Almenn ákvæði um bætur eru tekin hér sjer, og eru það fyrirmælin í XIV. kafla frv. meiri hl. 136.—138. gr., að viðbættum ákvæðum minni hl. frv. um skifti orkutaka og vereiganda, þegar bætur eru greiddar í orku. Vísast að öðru til athugasemda um einstakar greinir kaflans. Sbr. og Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 81—82, minni hl. bls. 57 o. s. frv.

Um 140. gr.

Grein þessi er sem 136. gr. meiri hl. frv. 1. liður a. svarar til minni hl. frv. 99. gr. 1. málsgr. og í 101. gr. Stafl. b. er sams efnis sem 99. gr. 2. málsgr. frv. minni hl. Ákvæði svarandi til 2. og 3. liðs eru ekki í frv. minni hl. Sbr. annars Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 81, minni hl. bls. 57, 58.

Um 141. gr.

Samhljóða 137. gr. meiri hl. frv. Sams efnis sem 1. liður er 100. gr. minni hl. frv. En til 2. liðs svarar ekkert ákvæði í frv. minni hl. Sjálfsagt virðist að halda þessu ákvæði af ástæðum þeim, sem í athugasemd meiri hl. við grein þessa segir. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 81, minni hl. bls. 58.

Um 142. gr.

Greinin er samhljóða 138. gr. meiri hl. frv., nema 2 ára fresturinn þar er lengdur í 5 ár. Í frv. minni hl. er samsvarandi frestur hafður 10 ár, og er hér farinn meðalvegur milli frumvarpanna. Samsvarandi 1. lið er frv. minni hl. 103. gr. 2. málsgr. og 2. lið sama grein minni hl. frv. 1. málsgr. Í minni hl. frv. er ekkert ákvæði svarandi til 3. liðs. Ákvæði greinar þessarar útiloka væntanlega aldrei bætur, ef svo stendur á sem í 136. gr. 1. og 2. lið segir. Sbr. annars Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 81, minni hl. bls. 59.

Um 143. gr.

Í meiri hl. frv. 139. gr. er ætlast til þess, að ráðherra setji reglur um skifti orkutaka og orkureiðanda, en minni hl. hefir eftir fyrirmynd í frv. norsku vatnanefndarinnar tekið í 104.—112. gr. frv. síns reglur um þessi skifti. Að vísu er hér alls engin reynsla fengin um þetta atriði, en ætla má, að óhætt sje að setja ákvæði um það með líkum hætti, sem Norðmenn hafa gert. Sum ákvæði þessarar greinar eru þó nokkuð breytt að efni frá því, sem er í frv. minni hl. og norsku nefndarinnar.

1. liður svarar til 104. gr. minni hl. frv.

2. liður svarar til 105. gr. minni hl. frv., en nokkru skýrar kveðið á um lögveðsrjettinn. Hins vegar hefir ekki þótt rjett að taka ákvæði 106. gr. minni hl. frv. Orkunytjarjettur verður skilinn við landareign eftir bæði þessu frv. og

frumvörpum fossanefndar, og að gera undantekningu hjer virðist ekki þurfa. Að vísu er svo að sjá, sem ákvæði 104. gr. minni hl. frv. miðist eingöngu við innlausn fallvatns, sem er í sameign, en hjer er heimilað að krefjast bóta í orku bæði þegar svo stendur á og þegar orkutilkall er tekið lögnámi eftir almennum reglum. En hvoru sem til er að dreifa, skal fult endurgjald koma fyrir, og er því ekki sýnileg ástæða til að gera upp á milli þessara tilfella. Vegna veðhafa eða annara, sem takmörkuð hlutbundin rjettindi kynnu að hafa yfir eigninni, eru slíkar skorður ekki nauðsynlegar. Fyrir þeirra rjetti er sjeð samkvæmt almennum reglum laganna. Þeir eiga heimtingu á fullri greiðslu, þegar eignin — veðið — er verulega lýrt. Sá, er skilur orkurjett við eign sína, er henni ber, getur ekki gert það svo að bindandi sje fyrir veðhafa, nema hann samþykki eða honum sje greidd veðskuldin. Og þegar lögnám fer fram, skal hann fá greiðslu af andvirði þess, sem tekið er, sbr. lög nr. 61, 14. nóv. 1917, 10. og 11. gr.

3. liður svarar til 107. og 108. gr. meiri hl. frv. En orkutaka er gert ljettara fyrir um greiðslu stofnkostnaðar að sínum hluta en þar er, með því að honum er heimilað, að greiða á ákveðnum fresti, og er það í samræmi við ýmis önnur fyrirmæli frv. Stofnkostnað er rjett að hann greiði, því að ef hinn hefði ekki virkjað, þá hefði hann að líkindum orðið að gera það á sinn kostnað eða verða af orkunytjunum ella. Orkutaki fær og fult endurgjald fyrir orkutilkall sitt og er því engin sjerstök ástæða til að ívilna honum að þessu leyti. Endurskoðun á greiðsluákvæðum um rekstrarkostnað er hjer sett 5. hvert ár, en ekki 10., eins og í frv. minni hl., og er það í samræmi við önnur fyrirmæli frv. þessa og heldur tryggara fyrir báða, sjerstaklega þó orkutaka.

4. liður svarar til 109. gr. minni hl. frv., að eins nokkru skammorðara hjer.

5. liður svarar til 110. gr. minni hl. frv.

6. liður er sams efnis sem 111. gr. minni hl. frv., en í færri orðum, og segir þó alt hið sama, enda er það samkvæmt almennum reglum, að orkureiðandi verði að bæta, nema hann sanni vitaleysi sitt af vanefndunum, og kemur þá auðvitað fram munur milli almenns og einstaklings ómöguleika. Og ef stöðvun verður af því, að vereigandi hefir vanrækt viðhald, er auðsætt, að hann á að bæta stöðvanir á orkureiðslu, enda þótt viðgerð sje með öllu óhjákvæmileg, ef halda á starfseminni áfram.

7. liður svarar til 12. gr. minni hl. frv. Það er vafasamt, hvernig heppilegast og rjettlátast sje að skipa skiftum aðilja, ef svo fer, að orkuverið verður að hætta að fullu. Orkutaki hefir áskilið sjer bætur í öndverðu goldnar í orku. Það er einn hluti af andvirði þess, sem af honum hefir verið tekið. Þegar verið hættir, fær hann ekki heldur lengur orkuna, endurgjald það, sem hann á tilkall til. Og því virðist hann eiga að fá bætur fyrir það. Það, sem hann kann að hafa greitt upp í sinn hluta stofnkostnaðar, er honum og venjulega tapað, ef orkureiðsla hættir. Þess vegna virðist hann eiga að fá það endurgreitt, sem hann hefir goldið í þessu skyni, eða hluta af því. Ef orkureiðsla hefir staðið lengi, t. d. allan sjerleyfistímann, ef til vill 40—50 ár, þá má ef til vill telja orkutaka hafa fengið sig fullsæmdan fyrir stofnkostnað þann, sem hann hefir greitt. Og verður þá að meta, hvað hann skuli fá goldið eða hvort hann skuli nokkuð fá endurgreitt. Matsnefnd hefir annars frjálsar hendur um það, hversu mikið skuli greiða hverju sinni af þessum upphæðum. Tjón orkutaka af orkumissinum virð-

ist ekki verða bætt með öðrum hætti en að telja til innstæðu ársvirði þess hags, sem hann hefir af orkureiðslunni beinlínis. Jafnframt er orkutaka heimilaður kauprjettur á orkuverinu. Búast má við, að þetta geti haft þýðingu, þegar lítið orkuver er, en trauðla annars. Sbr. annars Nefndarálit minni hl. bls. 57—58, 59—60.

#### Um XVI. kafla.

Þessi kafli svarar til XIV. kafla meiri hl. frv., 128.—135. gr. og XII. kafla minni hl. frv., 118.—130. gr. Ákvæðum minni hl. frv. um gjöld (sbr. 131. og 132. gr.) er slept af líkum ástæðum og greint er í sambandi við gjaldákvæði minni hl. frv. fyrir vatnsmiðlun. Það virðist lítil ástæða að taka gjald af mönnum, sem koma sjer upp smáverum til heimilisþarfa og bús, enda mundu gjöld fyrir það mjög litlu nema, og ríkissjóð munaði það því engu. Ef fyrirtækið fellur undir sjerleyfislög, þá verða væntanlega ákveðin gjöld fyrir heimild til að reka þá atvinnu, sem fyrirhuguð er, og munu sjerleyfislögin hafa fyrirmæli um þau efni.

Það hefir þótt fara betur á því, að hafa þessi ákvæði í kafla sjer. Annars visast til Nefndarálits meiri hl. A. I, bls. 79, minni hl. bls. 61.

#### Um 144. gr.

Sams efnis sem 128. gr. meirihl. frv. Samsvarandi eru ákvæðin í 118.—151. gr. minni hl. frv. Það virðist hvorki heppilegt nje nauðsynlegt, að fastskorða í lögum, hvað fylgja eigi hverri umsókn, því að það hlyti annaðhvort að verða of alment og því gagnslítið, eða þá mjög margbrotið, ef til nokkurrar hlítar yrði rakið, og þó aldrei tæmandi, því að hvert mál hefir oftast sín sjerkenni. Framkvæmdarvaldið á að hafa það í hendi sjer, hverjar upplýsingar það krefur og nauðsynlegar þykja hverju sinni. Það virðist einnig þarf laust og ekki heldur heppilegt, að gera umsógn sýslumanna eða bæjarfógeta að almennu skilyrði fyrir leyfisveitingu eftir þessum lögum, svo sem gert er í frv. minni hl., 120. gr. Mörg af þeim málum eru þannig vaxin, að sýslumenn geta ekki alment borið skynbragð á þau. Hins vegar getur stjórn vatnamála sett slíkt skilyrði, þar sem henni þykir henta, um einstakar málategundir eða einstök mál, þótt það sje ekki gert að almennri lögbundinni reglu. Vegna bókhalds sýslumanna kæmi það alls ekki að verulegu gagni, þótt umsóknir væru alltaf sendar þeim, því að sýslumaður getur þá ekkert um það vitað, hvort umsókn muni verða tekin til greina eða ekki. Tilkyningu um það þarf hann síðar að fá, og verður ráðherra að ráða því, hvernig því verður komið fyrir. Sbr. annars Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 79—80, minni hl. bls. 62.

#### Um 145. gr.

Er samhljóða 129. gr. meiri hl. frv., að breyttu breytanda. Sbr. og 121. gr. minni hl. frv.

Um 146. gr.

Samhljóða 130. gr. meiri hl. frv. Samsvarandi er ekki í minni hl. frv. Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 80.

Um 147. gr.

Samhljóða 131. gr. meiri hl. frv., að breyttu breytanda. Samsvarandi er ekki í minni hl. frv. Sbr. Nefndarálit meiri hl. tilv. st.

Um 148. gr.

Er að efni til samhljóða 132. gr. meiri hl. frv., nema nokkur breyting er gerð á reglunni um dómkvaðning til skýringarauka, sbr. 125. gr. minni hl. frv. Gömlu reglunni um 2 manna undirmat (úttektarmenn eða dómkvaddir menn) þykir ekki nægileg ástæða til að kasta fyrir róða. Hún er orðin reynd og ekki kunnugt um það, að hún hafi ekki reynst fullnægjandi. Mörg þau atriði, sem hjer verður að meta, eru alveg samskonar sem svo margt, er úttektarmönnum er falið samkvæmt gildandi lögum að meta. Og þess konar mál er ætlast til, að þeir hafi framvegis með höndum samkvæmt þessari grein. Þegar menn eru dómkvaddir, er jafnan hægt að nefna þá menn, sem færastir þykja til, hvar sem dómkvaðning fer fram. Ennfremur geta matsmenn kvatt sjer til aðstoðar kunnáttumenn, ef þörf þykir og þeirra er kostur, samkvæmt 5. lið. Það virðist ekki vera þörf á því, að taka reglur 123. og 124. gr. minni hl. frv., enda er sjeð fyrir sjerþekkingu og lagaþekkingu samkvæmt gildandi lögum um framkvæmd eignarnáms, þegar meta skal bætur, en dómarans að gera það, þegar hann dómkveður yfirmatsmenn. Sbr. Nefndarálit meiri hl. tilv. st., minni hl. bls. 63—64.

Um 149. gr.

Samhljóða 133. gr. meiri hl. frv. að breyttu breytanda. Þó er ákveðinn frestur settur til yfirmats. Er það heppilegra, svo að ekki geti það verið mjög lengi í óvissu, hvort unað verði við undirmat, og þar með, ef til vill, frestað framkvæmdum alveg að óþörfu. Þegar meta skal bætur, virðist hentast að fara eftir gildandi lögum, með þeim viðbótum, sem heimilaðar eru hjer, svo og um tilkvaðning kunnáttumanna. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 80—81.

Um 150. gr.

Er samhljóða 134. gr. meiri hl. frv., að breyttu breytanda. Sbr. 129. gr. minni hl. frv. Skyldu til að greiða matskostnað má ekki æfinlega miða við það, hver er matsbeiðandi að formi til, heldur við það, hver þarf að fá þá ráðstöfun framkvæmda, sem matskrafan er af risin. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. I, bls. 81, minni hl. bls. 64.

Um 151. gr.

Samhljóða 135. gr. meiri hl. frv. Í 126.—128. gr. minni hl. frv. og 131. gr., eru teknar nokkrar formreglur um matsgerðir, og um ákvörðun á þóknun handa matsmönnum. Slíkt er gersamlega óþarft í þessu frv. Hjer þarf ekki að geta annars en þess, sem sjerstakt er fyrir þessi lög. Um annað getur farið eftir lögum um framkvæmd eignarnáms, nú lögum nr. 61, 14. nóv. 1917. og almenn-

um dómvenjum. Um öll þau atriði, sem greind eru í 126.—128. og 131. gr. minni hl. frv., eru fullnægjandi reglur í lögum 1917 og rjettarvenjum. Sbr. Nefndarálit meiri hl. tilv. st.

#### Um XVII. kafla.

Það þykir fara best á því, að taka í sjerstakan kafla reglur um stjórn vatnamála. Þó að ekki sje skipuð sjerstök vatnastjórn með þeim hætti, sem meiri hl. lagði til, þá verður þó varla hjá því komist til langframa, að skipa ráðherra til aðstoðar og leiðbeininga kunnáttumann á því sviði. En ekki skal um það dæmt, hversu bráð nauðsyn muni á því vera nú þegar. Það verður reynslan að sýna. Þó skal þess geta, að óhjákvæmilegt verður að skipa vatnamálastjóra, ef undið yrði að rannsókn fallvatna landsins. Ef það er ekki gert, þá fer nauðsynin væntanlega mjög eftir því, hversu mikið verður um vatnafyrirtæki hjer eftir. Því er lagt til, að skipun hans fari eftir því, hvenær fjárveitingarvaldinu þykir ástæða til að veita fje í því skyni. Löggjafarvaldið hefir það því alveg í hendi sjer, hvort og hvenær hann verður skipaður. Með því að skipun vatnastjórnar er mjög svo önnur en meiri hl. lagði til, verður verkahringur hennar og nokkuð annar, vald vatnastjórnar meiri hl. nokkuð meira en vatnamálastjóra þessa frv. að ýmsu leyti. Starf hans mun aðallega verða leiðbeinandi bæði landsstjórn, hjeradsstjórnnum og vatnafjelögum, ef til kemur. Um fjármálaframkvæmdir getur þetta varla orðið öðruvísi, og því hafa ekki ákvæði 9. gr., 2. og 3. liðs, í frv. meiri hl. um vatnastjórn verið tekin hjer. Staða vatnamálastjóra gagnvart stjórn landsins mun verða mjög svipuð og staða vegamálastjóra og vitamálastjóra. Sbr. annars Nefndarálit meiri hl. A., bls. 83, minni hl., bls. 61.

#### Um 152. gr.

Það virðist eðlilegast, að stjórn vatnamála sje lögð til atvinnumálaráðherra. Þau hlíta nú hans stjórn, að því leyti sem þau koma til kasta stjórnarinnar, svo sem staðfesting áveitusamþykta, raforkugjaldskrár o. s. frv. Mörg þeirra eru og sveitarstjórnarmál í eðli sínu, en þau mál er heyra nú undir atvinnumálaráðherra. Sbr. 113. gr., 1. málsgr. minni hl. frv.

#### Um 153. gr.

Svarar til 113. gr. 2. málsgr. minni hl. frv. Eins og áður segir, er ætlast til þess, að löggjafarvaldið ákveði það, hve nær vatnamálastjóri verði skipaður. Skilyrði til þess er, að fje verði veitt í fjárlögum, og það getur fjárveitingarvaldið gert jafnskjótt sem því sýnist, ef til vill þegar á næsta ári. Sbr. annars nefndarálit minni hl. bls. 61—62.

#### Um 154. gr.

Hjer eru sett aðalákvæðin um störf vatnamálastjóra í stað þess að í frv. minni hl. er ráðherra ætlað að kveða að öllu leyti á um það. Reynslan mun þá að nokkru leyti ráða um það, hvaða verk hann hefir með höndum. Vegna þess, að búast má við því, að vatnalögin kunni fyrr að koma til framkvæmda en vatnamálastjóri verður skipaður, hafa ýms störf verið lögð til ráðherra, er

sjálfsagt eða heppilegt er, að vatnamálastjóri taki, er hann verður skipaður. Þessi störf skal því fela honum, og er hjer um þetta að mestu farið eftir því, sem fyrir er mælt í frv. meiri hl.

Um 1. lið. Stafl. A. svarar að mestu leyti til 8. gr. 1. liðs í frv. meiri hl. um vatnastjórn. Það er auðvitað, að engum vatnamálum, sem nokkru skifta, verði til lykta ráðið án þess að álits og tillagna vatnamálastjóra verði leitað. Slikt gæti að eins borið við sem *undantekning*, ef mál væri alveg einstætt, lítilvægilegt, en mætti ekki bíða og vatnamálastjóri væri fjarverandi eða forfallaður.

Stafl. B. er að efni til samhljóða 2. lið 8. gr. frv. meiri hl. um vatnastjórn.

Stafl. C. svarar til 9. gr. 1. liðs í frv. meiri hl. um vatnastjórn. Sbr. og 100. gr. 2. lið þessa frv. og 101. gr. 2. lið vatnalagafrv. meiri hl.

Stafl. D. svarar til 7. gr. frv. meiri hl. um vatnastjórn. Sbr. Nefndarálit meiri hl. A. bls. 84. Í sambandi hjer við skal geta þess, að bókhald verður falið sýslumönnum og bæjarfógetum, uns vatnamálastjóri verður skipaður. En ef svo fer, að það yrði gert ekki miklu síðar en lög þessi kæmu til framkvæmdar, þá getur svo farið samkvæmt stafl. G., að bókhaldið yrði aldrei lagt til sýslumanna, heldur þegar fengið vatnamálastjóra.

Stafl. E. svarar til 6. gr. frv. meiri hl. um vatnastjórn. Sbr. nefndarálit meiri hl. bls. 84.

Öll þau störf, sem í stafl. F. eru fengin vatnamálastjóra, voru falin vatnastjórn eftir vatnalagafrv. meiri hl., og virðast líka öll eiga þar heima.

Um stafl. G. athugast, að hentast mun að fela ráðherra úrskurð um það, hvernig bókhaldi verður hagað. Ef heppilegast telst að hafa það alt á einum stað sem vel má vera, að sje, þá er þess kostur eftir fyrirmælum þessa stafl. Auðvitað yrði eftir sem áður að þinglýsa skjölum og innrita þau eftir gildandi lögum og rita þau í afsals- og veðmálabækur viðkomandi lögsagnarumdæmis. Og þar geta menn fengið þá fræðslu eftir sem áður, sem nú er í tje látin.

2. liður svarar til 4. gr. 3. liðs frv. meiri hl. um vatnastjórn og 113. gr. 3. málsgr. frv. minni hl.

#### Um 155. gr.

Svarar til 122. gr. minni hl. frv. Hjer er ekki gert skylt að halda bók yfir öll þau atriði, sem í c-lið nefndrar greinar segir, því að svo víðtækt bókhald er væntanlega óþarft. Þó getur ráðherra skipað það, svo og að halda bækur yfir fleira, ef nauðsynlegt kynni að þykja. Annars vísast til aths. við 155. gr. 1. lið stafl. D. og G.

#### Um XVIII. kafla.

Það getur ekki komið til mála, að láta öll brot á ákvæðum vatnalaganna varða *refsingu*, eins og gert virðist vera í minni hl. frv. 133. gr. Það er t. d. brot á lögnum, ef orkuleiðandi lætur að óþörfu undanfalla að inna orku af hendi samkvæmt 143. gr., en refsivert virðist það ekki eiga að vera fremur en vanefndir á kröfurjettindum alment. Og svo mætti lengi telja. Refsiverðar virðast ekki aðrar athafnir — eða athafnaleysi — eiga að vera en þær, er fara í bága við fyrirmæli

um leyfi eða aðrar heimildir eða settar reglur um öryggi eða fyrirmæli stjórnvalda í reglugerðum og þess konar heimildum, þar á meðal staðfestar samþyktir vatnafjelaga, og svo veiðibrot. En um síðastnefndu atriðin tvö eru sjerstök ákvæði í 107. og 129. gr. Og er tillit tekið til þess með orðalagi 1. liðs 156. gr.

Um 156. gr.

Er að efni til sem 140. gr. frv. meiri hl. 2. liður er þó nýmæli, sem alment ætti að leiða í lög. Í frv. minni hl. svarar 133. gr. til þessarar greinar.

Um 157. gr.

Svarar til 141. gr. frv. meiri hl. og 134. gr. minni hl. frv.

Um XIX. kafla.

Svarar til 142. gr. meiri hl. frv. og 135. gr. minni hl. frv.

Vegna veiðikaflans er fleira felt úr gildi af lögum en í frv. fossanefndar. Er nokkurt álitamál, hvort nema eigi úr gildi veiðireglur Jónsb. Llb. 56, eins og tekið er fram í athugas. við XIII. kafla. Lög nr. 9, 9. febr. 1900, eru afnumin vegna þess, að efni þeirra er tekið í veiðikaflann. Eignarnámsákvæði 2. kafla í fossalögum nr. 55, 22. nóv. 1905 eru og numin úr gildi, eins og gert er í frv. minni hl., því að samsvarandi fyrirmæli þessara laga koma í staðinn. Samsvarandi er að segja um lög nr. 57, 3. nóv. 1915, og lög nr. 18, 18. maí 1920. Það þarf ekki að taka það fram, að allar matsgerðir, sem fram eiga að fara vegna ráðstafana, gerðra eftir afnumdum lögum, falli undir þessi lög í því ástandi, sem þær eru, þegar þau öðlast gildi, og eftir því sem samrýmanlegt er því ástandi.